


skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fyrirtækjagjafir








Nýr tilboðsbæklingur í dag



# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
9. nóvember 2011
262. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




## Tveimur börnum síðar

*Toggi hefur einbeitt sér að barnauppeldi síðan síðasta plata hans kom út.*

fólk 32

## Með fjögur gull

*Davíð Freyr Guðjónsson stóð sig frábærlega á karatemóti í Stokkhólmi.*

tímamót 22



## Sleppur við aðgerð

*Meiðsli Björgvins Páls ekki eins alvarleg og í fyrstu var óttast.*

sport 34

## veðrið í dag




**ÚRKOMULÍTIÐ N-TIL** í dag má búast við SA-átt, víða 3-8 m/s en hvassara við suðurströndina. Rigning í fyrstu sunnan til, síðar skúrir. Annars víða súld en úrkomulítið á norðanverðu landinu. Milt í veðri.

VEÐUR 4

# Herðir eftirlit með hlerunum

**Ríkissaksóknari vill herða eftirlit með símhlerunum lögreglu og fá afrit af hlerunarúrskurðum jafnóðum og þeir eru kveðnir upp. Bæta verður eftirlit með hlerunum segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra.**

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari, Sigríður J. Friðjónsdóttir, vill herða eftirlit með símhlerunum lögreglunnar. Hún hefur skrifað dómstólaráði bréf þess efnis að embætti hennar verði send afrit af dómsúrskurðum vegna símhlerana og sambærilegra úrræða jafnóðum og þeir eru kveðnir upp, hvort sem fallist er á kröfu lögreglu eða ekki. Þetta er liður í að endurskipuleggja og herða eftirlit embættis ríkissaksóknara með símhlerunum.

„Þessi beiðni nær einnig til dómsúrskurða um önnur skyld úrræði, eins og til dæmis eftirfararbúnað í bíla og hlustun á herbergi, svo dæmi séu nefnd," segir Sigríður.

„Embættið vinnur nú að því að kortleggja hvernig rétt sé að haga eftirlitinu svo það gagnist sem best, bæði hvað varðar hvernig lögregla og símafyrirtæki framkvæma hleranir, og með því að fá alla úrskurðina þannig að við höfum yfirsýn yfir þessi rannsóknarúrræði," segir Sigríður.

### Fjöldi símhlerana á síðustu árum

| | 2009 | 2010 | 2011* |
|---|---|---|---|
| Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu | 93 | 72 | 28 |
| Lögreglan á Suðurnesjum | 40 | 25 | 7 |
| Ríkislögreglustjóri | 2 | 0 | 10 |
| Sérstakur saksóknari | 19 | 72 | 15 |
| Önnur lögregluembætti | 19 | 3 | 13 |
| **Samtals** | **173** | **172** | **73** |

*Til 27. maí

Heimild: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Hún segir að í framhaldi geti ríkissaksóknari gert lögreglu að láta vita með ákveðnu millibili af framkvæmdinni og tekið stikkprufur varðandi tæknilega útfærslu og framkvæmd hlerana. Dómstólaráð mun fjalla um beiðni Sigríðar á fundi 18. nóvember næstkomandi. „Ég vænti jákvæðra viðbragða enda hefur embættið lagaskyldu til þess að fylgjast með þessu," segir hún.

Ýmsir hafa orðið til að kalla eftir auknu eftirliti með símhlerunum að undanförnu. Þannig sagði Róbert Spanó, forseti lagadeildar Háskóla Íslands, í grein í Fréttablaðinu í síðustu viku að verulegu máli skipti að eftirlit ríkissaksóknara með símhlustun lögreglu yrði eflt. „Varla er ofmælt að núverandi ástand í þeim efnum er óviðunandi," skrifaði hann.

Bogi Nilsson, fyrrverandi ríkissaksóknari, lét í ljós sömu skoðun í grein í Fréttablaðinu um nýliðna helgi.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra sagði á Alþingi í gær að svo virtist sem eftirlit með símhlerunum hefði ekki verið sem skyldi á tímum sem meira fé hafi verið til ráðstöfunar úr ríkissjóði. Undanfarið hefði ríkissaksóknari ekki getað komið því við vegna fjárskorts. Ögmundur sagðist hafa vakið athygli ríkissaksóknara á málinu og bæta þyrfti eftirlitið. **- jss**



**BARIST GEGN EINELTI** Þrír ráðherrar og Jón Gnarr borgarstjóri undirrituðu Þjóðarsáttmála gegn einelti í Höfða í gær. Kirkjuklukkum var hringt um land allt og skipsflautur þeyttar á slaginu eitt í gær í tilefni af opinberum baráttudegi gegn einelti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aukin sala á lúxusbílum:

## Sala á jeppum eykst um 40%

**BÍLAR** Meira hefur selst af lúxusbílum í ár en í fyrra. Sérstaklega hefur sala á lúxusjeppum aukist. Toyota Land Cruiser 150 er enn vinsælastur og hafa 169 slíkir jeppar selst í ár, en í fyrra seldust alls 122 og hefur sala því aukist um tæp 40 prósent.

„Fólk sem á peninga kemur með gamla bílinn, setur hann upp í og staðgreiðir það sem vantar upp á," segir Páll Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi Toyota.

Þá hafa tíu Lexus RX450H-lúxusjeppar selst á þessu ári, en á síðasta ári seldust aðeins tveir. Sala á öðrum lúxusjeppa í sama verðflokki, Volvo XC90, er 300 prósentum meiri það sem af er ári, en allt árið í fyrra.

Konungur góðærisáranna og góðkunningi útrásarvíkinganna, Range Rover, virðist ekki lengur eiga upp á pallborðið hjá þorra þeirra sem kaupa lúxusjeppa. Einn seldist í fyrra, en salan hefur þó tekið snarpan kipp í ár: þrír eru seldir. **- afb /** **sjá síðu 38**

Forsætisráðherra Ítalíu missti meirihluta sinn í atkvæðagreiðslu á þinginu í gær:

## Berlusconi ætlar að segja af sér

**ÍTALÍA** Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, ákvað í gærkvöld að segja af sér. Í tilkynningu frá ítölsku forsetaskrifstofunni segir að hann muni láta af embætti síðar í mánuðinum.

Ítalska þingið samþykkti í gær fjárlög fyrir árið 2010 með 308 atkvæðum, en sá þingmannafjöldi dugar ekki til að gefa forsætisráðherranum þingmeirihluta. Þar með varð ljóst að Norðurbandalagið, samstarfsflokkur Berlusconis í ríkisstjórn, styður hann ekki lengur í forsætisráðherraembættinu.

Umberto Bossi, leiðtogi Norðurbandalagsins, hvatti Berlusconi til að segja þegar í stað af sér og lagði til að Angelino Alfano, framkvæmdastjóri Frelsisfylkingarinnar, flokks Berlusconis, tæki við forsætisráðherraembættinu.

Berlusconi hefur aldrei áður staðið frammi fyrir jafn miklum erfiðleikum í efnahagsmálum. Ítalska ríkið skuldar 1.900 milljarða evra, en það nemur 120 prósentum af þjóðarframleiðslu landsins.

Á leiðtogafundi G20-ríkjanna í Frakklandi í síðustu viku reyndi Berlusconi að róa markaði með því að biðja Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um að hafa eftirlit með framkvæmd efnahagsmála og þeirra umbóta sem fyrirhugaðar eru. **- sv, gb /** **sjá síðu 4**


Lactocare daily
Bætir meltinguna




Með daglegri inntöku á Lactocare daily stuðlar þú að bættri þarmaflóru og jafnar ástand meltingarinnar.

Ráðlagður dagskammtur er 1 hylki á dag.
Lactocare fæst í apótekum.

OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í Skeifunni
Office1




Mýksti brauðosturinn á markaðnum
ostur.is

## SPURNING DAGSINS



*Elliði, eruð þið alveg í rusli?*

„Það er allavega verið að slá ryki í augun á okkur með þessum dagsektum.“

Elliði Vignisson er bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, en bærinn á í deilum við Umhverfisstofnun um dagsektir vegna rykmengunar frá sorpbrennslustöðinni í Eyjum.

Lúkas Papademos tekur við af Papandreú sem forsætisráðherra Grikklands:

# Á erfitt verk fyrir höndum

**GRIKKLAND** Lúkas Papademos verður að öllum líkindum forsætisráðherra nýju bráðabirgðastjórnarinnar í Grikklandi, sem næstu vikurnar þarf að koma í framkvæmd óvinsælum aðhaldsaðgerðum í tengslum við björgunarpakka ESB. Skipun stjórnarinnar er hins vegar ekki lokið, þar sem erfiðlega hefur gengið að manna ráðherrastöðurnar.

Papademos er fyrrverandi aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Evrópusambandsins og var áður seðlabankastjóri Grikklands.

Samkvæmt grískum fjölmiðlum var Papademos tregur til og gerði ákveðnar kröfur, meðal annars um ráðherraval. Hann vildi einnig tryggja að nýi meirihlutinn stæði þétt að baki sér við þau erfiðu verk sem fram undan eru: „Ég undirritaði inngöngu Grikklands á evrusvæðið og ég ætla ekki að verða sá sem undirritar útgöngu þess.“

Nýja stjórnin verður skipuð tveimur stærstu flokkum Grikklands, sem áratugum saman hafa verið höfuðandstæðingar í grískum stjórnmálum; sósíalistaflokknum Pasok, sem hefur tekist á við afleiðingar efnahagshrunsins, og íhaldsflokknum Nýju lýðræði, sem var við stjórnvölinn þegar fjármál ríkisins fóru úr böndunum. - gb



**LÚKAS PAPADEMOS** Setti ströng skilyrði fyrir þátttöku sinni í stjórninni.

Danir gera breytingu á lögum:

## Nálgunarbann verði útvíkkað

**DANMÖRK** Danska stjórnin ætlar með nýju lagafrumvarpi að tryggja að erfiðara verði fyrir menn að hrella fyrrverandi eiginkonur sínar.

Þessu fagna aðstandendur kvennaathvarfsins Dannerhuset, sem segja að um sé að ræða vaxandi vandamál hjá þeim konum sem þeir aðstoði. Samkvæmt nýja lagafrumvarpinu á að vera hægt að útvíkka nálgunarbannið þannig að það gildi ekki bara um heimili heldur einnig þær verslanir sem viðkomandi sæki. - ibs



**BASHAR AL-ASSAD** Sýrlandsforseti lætur sem ekkert sé. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýjar tölur um mannfall:

## Þúsundir hafa fallið í Sýrlandi

**SÝRLAND, AP** Átökin í Sýrlandi síðustu átta mánuði hafa kostað að minnsta kosti 3.500 manns lífið, samkvæmt nýjum tölum frá mannréttindaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna. Þetta er varfærið mat, byggt á heimildum frá Sýrlandi sem taldar eru trúverðugar.

Frá því að uppreisnin gegn Bashar al-Assad forseta hófst í mars síðastliðnum hafa sýrlensk stjórnvöld einangrað landið, lokað alla erlenda fjölmiðla úti og ráðist af hörku gegn mótmælendum, sem þó halda ótrauðir áfram mótmælum sínum. - gb

Kjarnorkumálastofnun SÞ:

## Kjarnavopn í þróun í Íran

**ÍRAN Alþjóðakjarnorkumálastofnun Sameinuðu þjóðanna segja Írana þróa kjarnavopn. Þetta kemur fram í skýrslu sem birt var í gærkvöld.**

**Stofnunin segir rannsóknir Írana meðal annars snúa að tölvustýrðum líkönum sem geta verið notuð til þróunar á kjarnorkusprengjum. BBC greinir frá því að írönsk stjórnvöld segi rannsóknir þeirra með kjarnorku eingöngu snúa að orkuframleiðslu til almenning.** - sv

# Golfkúlnahríð ógnar fjölskyldu í Kópavogi

**Íbúar við Örvasali og Ásakór í Kópavogi fá trjábelti milli sín og golfvallar GKK vegna golfkúlnaregns á hús þeirra. Garðurinn er ónothæfur segir Jóna Bryndís Gísladóttir sem þakkar framtakið en efast um að næg vörn verði í trjábeltinu.**

**FÓLK** „Maðurinn minn og nágranni voru úti á lóð í sumar og máttu þakka fyrir að þeir fengu ekki í sig golfkúlu sem hvein við hliðina á þeim áður en hún small í húsinu,“ segir Jóna Bryndís Gísladóttir, íbúi við Örvasali í Kópavogi.

Jóna og fjölskylda hennar búa við golfvöll GKG í Leirdal. Arna Schram, upplýsingafulltrúi bæjarins, segir kvartanir hafa borist frá íbúum í nágrenni vallarins vegna golfkúlna sem fljúgi inn á lóðir þeirra.

„Við erum að fá kúlurnar í húsið og höfum ekki lagt í að klæða það að utan. Við vorum ekki að sækjast eftir staðsetningu við golfvöll en við eigum fatlað barn og fengum úthlutað lóð á þessum stað vegna þess,“ segir Jóna, sem kveðst hafa kynnt sér málið fyrir fram hjá Kópavogsbæ og verið sagt að erlendur sérfræðingur teldi í lagi að hafa lóðirnar á þessum stað. „En þetta er bara ekki í lagi.“

Jóna segir að nágrannar golfvallarins þurfi að kaupa aukatryggingar. „Við erum tryggð fyrir tveimur golfkúlum á ári en þurfum að treysta á að þeir sem spila golf á vellinum láti okkur vita ef þeir valda tjóni,“ segir Jóna og bætir við að skilti hafa verið sett upp við völlinn til að benda kylfingum á þetta. „Það hlæja allir að þessum skiltum og sjá fyrir sér að menn hlaupi bara eins hratt og þeir geti og voni að enginn sjái sig.“

Þá bendir Jóna á að burtséð frá fjárhagslegu tjóni stafi hreinlega slysahætta af kúlnadrífunni. „Við erum með ónotaða bakgarða. Það er ekki hægt að senda börn þangað út að leika sér og ég veit að nágrannar okkar hafa áhyggjur af börnunum á göngustígunum. Ég á orðið fullan skókassa af golfkúlum,“ segir hún.

Jóna skrifaði bænum og ákvað umhverfis- og samgöngunefnd Kópavogs á mánudag að sett yrði upp um 175 metra trjábelti við Ásakór og Álmakór og um 230 metra belti við Örvasali. Vinna við þetta er þegar hafin.

„Þetta verður gert í samvinnu við Golfklúbb Kópavogs og Garðabæjar. Allt að fjögurra metra há tré á skógræktarsvæðinu á Rjúpnahæð verða flutt og þeim plantað við golfvöllinn. Stefnt er að því að þessu verði lokið fyrir vorið,“ segir Arna Schram.

Jóna segist hafa viljað fá net sem yrði sett upp meðan völlurinn væri opinn. „Það er þakkarvert að það sé eitthvað gert en ég er ekki alveg að sjá að trén geti tekið við þessu.“ gar@frettabladid.is



**GOLFVÖLLUR GKG Í LEIRDAL** Örvasalir og Öldusalir eru berskjaldaðir fyrir feilhöggum kylfinga á velli GKG í Leirdal. Planta á trjám til að verja byggðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




**VIÐVÖRUNARSKILTI GKG** Íbúi við Örvasali segir líklegra að kylfingar forði sé á harðahlaupum en að þeir gefi sig fram ef þeir valdi tjóni. Í bakgrunni sést í húsin í Örvasölum.

> Ég á orðið fullan skókassa af golfkúlum.
>
> JÓNA BRYNDÍS GÍSLADÓTTIR
> ÍBÚI Í ÖRVASÖLUM Í KÓPAVOGI

Ríkið styður við nýsköpun:

## Nýsköpunarfyrirtæki fengu 440 milljónir

**STJÓRNMÁL Alls 53 lögaðilar fengu samtals 440,9 milljónir króna endurgreiddar frá ríkinu vegna rannsóknar- og þróunarstarfs á árinu 2010.**

**Þetta eru fyrstu fyrirtækin sem notið hafa góðs af skattaafslætti sem bundinn var í lög hinn 1. janúar á síðasta ári og er ætlað að styðja við starf nýsköpunarfyrirtækja.**

**Þetta kemur fram í aðsendri grein frá Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra sem birtist í Fréttablaðinu í dag.**

**Um 40 prósent endurgreiddrar upphæðar fóru til hugbúnaðarfyrirtækja en einnig fengu fyrirtæki á ýmsum öðrum sviðum endurgreiðslu. Flest fyrirtækin voru í Reykjavík, þrettán voru í skattumdæmi Reykjaness og eitt fyrirtæki var á Vestfjörðum.**

- mþl / sjá síðu 16

Spurt um áform Nubo:

## Allt óvíst um Grímsstaði

**ALÞINGI** Ekki liggur ljóst fyrir hvenær kínverska fjárfestinum Huang Nubo verður svarað varðandi áform hans um kaup á Grímsstöðum á Fjöllum. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra sagði á Alþingi í gær að vanda yrði til úrskurðarins.

Kristján Möller, þingmaður Samfylkingarinnar, spurði út í málið og hvatti til að kaupin yrðu leyfð. Minnti hann á ýmsan niðurskurð á svæðinu og talaði um að auka þyrfti tekjur á móti. Ögmundur minnti á að ekki væri um tekjur fyrir ríkissjóð að ræða. Hann áréttaði að kaupin væru ólögleg og taka yrði ákvörðun um hvort veitt yrði undanþága til þeirra. - kóp




Forsætisráðherra Íslands segist hafa átt gagnlegan fund í Brussel í gær:

# Ræddu efnahagsmál og ESB aðild

**UTANRÍKISMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir fund sinn með Herman Van Rompuy, forseta leiðtogaráðs Evrópusambandsins, hafa verið mjög jákvæðan og gagnlegan. Jóhanna fundaði með Van Rompuy í Brussel í gær.

Staða efnahagsmála á alþjóðavettvangi var rædd á fundinum í gær, og einkum sá vandi sem leiðtogar evrusvæðisins og ESB-ríkjanna reyna nú að leysa. Þá ræddu þau Jóhanna og Van Rompuy um stöðu mála á Íslandi við endurreisn efnahagslífsins og árangur sem náðst hefur meðal annars með samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, að því er fram kemur í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu.

Aðildarviðræður við Evrópusambandið voru einnig ræddar, sem og ferli viðræðnanna á næstu mánuðum. Jóhanna sagði Van Rompuy að það væri ánægjulegt hversu vel ferlið gengur og að stórir samningskaflar séu óumdeildir eða hafi þegar verið innleiddir. Í desember verða fleiri kaflar opnaðir.

Forsætisráðherra mun einnig funda með Jose Manuel Barrosso, forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Yves Leterme, forsætisráðherra Belgíu, á ferð sinni til Brussel. - þeb




**RÁÐAMENN FUNDA** Jóhanna og Van Rompuy áttu fund í Brussel í gær. Jóhanna fundar einnig með forsætisráðherra Belga og forseta framkvæmdastjórnar ESB.




**Verið hjartanlega velkomin í verzlanir okkar.** Geysir Skólavörðustíg 16, opið alla daga frá 10 til 19, Sími 555 6310 og Geysir Haukadal, opið alla daga frá 10 til 18. Sími 555 6311.

## GENGIÐ 08.11.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,43 | 114,97 |
| Sterlingspund | 184,03 | 184,93 |
| Evra | 157,57 | 158,45 |
| Dönsk króna | 21,163 | 21,287 |
| Norsk króna | 20,405 | 20,525 |
| Sænsk króna | 17,452 | 17,554 |
| Japanskt jen | 1,4655 | 1,4741 |
| SDR | 180,26 | 181,34 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,0869

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra aldrei sannfærðari um nauðsyn þess að landið sé eitt kjördæmi:

# Sögð setja byrðar á bágstödd sveitarfélög

**ALÞINGI** Sú ákvörðun að úthluta 300 milljónum af 700 milljóna aukaframlagi jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Álftaness var gagnrýnd harðlega á Alþingi í gær. Einar K. Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði að með þessu væri verið að setja byrðar á þau sveitarfélög sem bágast stæðu.

Einar var málshefjandi í utandagskrárumræðu um málið. Hann benti á að aukaframlaginu hefði verið komið á til að bæta rekstrarstöðu sveitarfélaga og jafna aðstöðumun. Alls fengju 17 sveitarfélög meira en tvö prósent tekna sinna í gegnum aukaframlagið. Heildarupphæð þess í ár nemur 700 milljónum króna, en nam 1 milljarði í fyrra.

Einar gagnrýndi að innanríkis- og fjármálaráðherra hefðu ákveðið einhliða að binda 40 prósent af upphæðinni við sveitarfélagið Álftanes.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra minnti á að aukaframlagið væri ekki lögbundið og það hefði rokkað í fjárhæðum og til að mynda fallið niður árin 2002 og 2005. Hann sagði að nú væri



EINAR K. GUÐFINNSSON



ÖGMUNDUR JÓNASSON

úthlutað úr sjóðnum eftir fjárhagsstöðu sveitarfélaga, þar stæði Álftanes bágast.

Fjárhaldsstjórn með Álftanesi óskaði eftir að allt aukaframlagið rynni til Álftaness, en sveitarfélögin mótmæltu því. Þess vegna hefði verið ákveðið að sú tala yrði 300 milljónir í ár.

Fjölmargir þingmenn tóku til máls og sýndist sitt hverjum um ráðstöfunina. Ögmundi virðist hafa þótt umræðan litast af kjördæmahagsmunum: „Um eitt hef ég sannfærst, það er það að brýnt er að gera Ísland að einu kjördæmi, að við horfum heildstætt á málin, en ekki út frá einu og einu kjördæmi.“

- kóp

# Berlusconi segir af sér á næstu dögum

**Meðan Grikkir biðu eftir tíðindum af nýjum forsætisráðherra fylgdust Ítalir með lokaaðdragandanum að falli Silvio Berlusconis, sem ekki hefur lengur meirihluta á þingi. Forsætisráðherrann ákvað í gærkvöld að segja af sér.**

**ÍTALÍA** Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, ákvað í gærkvöldi að segja af sér. Ítalska þingið samþykkti í gær fjárlagaskýrslu fyrir árið 2010 með 308 atkvæðum, en sá þingmannafjöldi dugar ekki til að forsætisráðherranum þingmeirihluta. Þar með varð ljóst að Norðurbandalagið, samstarfsflokkur Berlusconis í ríkisstjórn, styður hann ekki lengur í forsætisráðherraembættinu.

Umberto Bossi, leiðtogi Norðurbandalagsins, hvatti Berlusconi til að segja þegar í stað af sér og lagði til að Angelino Alfano, framkvæmdastjóri Frelsisfylkingarinnar, flokks Berlusconis, tæki við forsætisráðherraembættinu. Alfano gæti þó þótt náinn Berlusconi til að njóta víðtæks stuðnings.

„Þessi stjórn hefur ekki meirihluta,“ þrumaði Pierluigi Bersani, leiðtogi stjórnarandstöðunnar, að atkvæðagreiðslu lokinni. „Ef þú hefur minnsta snefil af sómakennd gagnvart Ítalíu, þá skaltu segja af þér.“

Beðið var viðbragða Berlusconis, sem virtist ekki trúa niðurstöðunni og skoðaði vandlega hverjir úr stjórnarliðinu höfðu setið hjá við atkvæðagreiðsluna með stjórnarandstöðunni. Síðan hvarf hann inn á neyðarfund með ríkisstjórninni.

Berlusconi getur beðið þess að vantrauststillaga verði borin undir þingið á næstu dögum áður en hann segir formlega af sér. Hann hefur áður staðist vantraustsyfirlýsingar meira en fimmtíu sinnum,



**NIÐURSTAÐAN LJÓS** Silvio Berlusconi og félagar að lokinni atkvæðagreiðslu á ítalska þinginu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

> Ef þú hefur minnsta snefil af sómakennd gagnvart Ítalíu, þá skaltu segja af þér.
>
> **PIERLUIGI BERSANI**
> LEIÐTOGI STJÓRNARANDSTÖÐUNNAR

og gæti þess vegna tryggt sér meirihluta enn einu sinni á síðustu stundu.

Hann hefur þó aldrei áður staðið frammi fyrir jafn miklum erfiðleikum í efnahagsmálum. Ítalska ríkið skuldar 1.900 milljarða evra, en það nemur 120 prósentum af þjóðarframleiðslu landsins.

Þetta eru að vísu engin tíðindi, því Ítalía hefur komist vel af árum saman með áþekkan skuldabagga á bakinu. Að þessu sinni eru það einkum áhyggjur markaðsheimsins sem valda því að lántökukostnaður Ítalíu hefur hækkað verulega síðustu vikur og daga. Óttast er að Ítalía lendi í sömu sporum og Grikkir, sem geta ekki lengur hjálparlaust greitt afborganir af ríkisskuldum.

Á leiðtogafundi G20-ríkjanna í Frakklandi í síðustu viku reyndi Berlusconi að róa markaði með því að biðja Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um að hafa eftirlit með framkvæmd efnahagsmála og þeirra umbóta, sem fyrirhugaðar eru.

gudsteinn@frettabladid.is



**RÆTT UM NETANJAHÚ** Sarkozy og Obama á leiðtogafundi í síðustu viku. NORDICPHOTOS/AFP

Ræddu saman í bakherbergi:

## Sarkozy þolir ekki Netanjahú

**FRAKKLAND „Ég get ekki hitt hann lengur. Hann er lygari,“ sagði Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti um Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, við Barack Obama Bandaríkjaforseta á leiðtogafundi G20-ríkjanna í Frakklandi í síðustu viku.**

**„Þú ert kannski búinn að fá nóg af honum en ég þarf að eiga við hann á hverjum degi,“ svaraði Obama.**

**Hvorugur þeirra virðist hafa búist að orð þeirra kæmust í fjölmiðla, enda sögð afsíðis í bakherbergi, en franski vefmiðillinn Arret sur images skýrði frá þessu, og hefur sú frásögn verið staðfest af öðrum fjölmiðlum.** - gb

90 milljóna bótasvik:

## Gat ekki klæðst en vann úti

**SVÍÞJÓÐ** Kona í Västerås í Svíþjóð, sem sagðist hvorki geta matast sjálf né klætt sig, fékk á sex ára tímabili greiddar fimm milljónir sænskra króna, jafngildi tæpra 90 milljóna íslenskra króna, í umönnunarbætur. Á þessu sama tímabili starfaði konan sem gengilbeina á veitingastað.

Nú hafa konan og eiginmaður hennar, sem sagður var annast konuna, verið handtekin vegna gruns um stórfelld bótasvik. - ibs



**SVÍNABÚ** Arion banki mun ekki fá að yfirtaka fyrirtækið Stjörnugrís samkvæmt úrskurði. NORDICPHOTOS/GETTY

Ógilding yfirtöku staðfest:

## Arion fær ekki Stjörnugrís

**SAMKEPPNI** Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur staðfest niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um að ógilda yfirtöku Arion banka á Stjörnugrís. Í júlí ógilti eftirlitið yfirtöku Stjörnugríss á tilteknum eignum félaganna, sem fóru með rekstur svínabúanna Brautarholts og Grísagarðs. Búin komust í eigu bankans eftir að fyrirtækin sem ráku þau urðu gjaldþrota.

Stjörnugrís og Arion banki kærðu ákvörðunina til áfrýjunarnefndar og gerðu margvíslegar athugasemdir við málið. Með úrskurði nefndarinnar er ákvörðun Samkeppniseftirlitsins þó staðfest. - sv

Kærði til Hæstaréttar:

## Áfram í gæslu vegna dópmáls

**DÓMSMÁL Karlmaður á sextugsaldri var í gær úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald til 6. desember að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu vegna gruns um aðild að innflutningi á verulegu magni af fíkniefnum og sterum. Maðurinn hefur kært úrskurðinn til Hæstaréttar.**

**Fíkniefnin og sterarnir sem um ræðir fundust við leit lögreglu og tollgæslu í gámi sem kom til landsins í síðasta mánuði.** - jss






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir**
veður-
fréttamaður

**NOKKUÐ HLÝTT**
Norðlendingar eru einna heppnastir með veðrið næstu daga, þar verður úrkomulítið og hæglætisveður. Í dag og á morgun verður heldur þungbúið og vætusamt með köflum annars staðar. Á föstudaginn léttir heldur til og kólnar í veðri.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 16° |
| Berlín | 11° |
| Billund | 10° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 14° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 15° |
| Mallorca | 21° |
| New York | 18° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | 6° |
| París | 15° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is



SUZUKI
SUZUKI
Way of Life!
Skynsamlegur kostur
NÝR SUZUKI SWIFT
Nú stærri og rúmbetri með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.
Beinskiptur, sjálfskiptur, 4x4. Verð frá 2.580 þús. Meðaleyðsla fra 5.0L/100 km
Vistvænn bíll
SUZUKI GRAND VITARA
Söluhæsti jeppinn á Íslandi síðastliðin 3 ár.
Nú með öflugri 2.4L 169 hö/vél
Verð frá 4.980 þús., beinskiptur.
Meðaleyðsla 9.0L/100 km
FULL FRAME 4x4
SX4 SPORTJEPPLINGUR.
Ný sparneytin vél, ný innrétting, aukinn búnaður og síðast en ekki síst hagstætt verð.
Með 1,6L vél. Verð kr. 3.690 þús. Meðaleyðsla 7,6L/100 km, sjálfskiptur
Kizashi er fjórhjóladrifinn fólksbíll í millistærðarflokki
Sportlegur, aflmikill, vandaður og með frábæra aksturseiginleika.
Bíll sem keppir við þá bestu!
2,4L vél. Verð 5.970 þús. Meðaleyðsla 8,3L/100km
Vistvænn bíll
Sparaðu með visthæfum Suzuki Splash
Verð kr. 2.250 þús. Meðaleyðsla 5,0L/100km, beinskiptur.
Alto. Sparneytinn borgarbíl sem fær frítt í stæði í miðbænum!
Hagstætt verð, ódýr í rekstri.
Verð kr. 1.790 þús. beinskiptur.
Meðaleyðsla 4,4L/100km.
Vistvænn bíll
FULL FRAME 4x4
Upplifðu einstaka aksturseiginleika Jimny. Handskiptur, sjálfskiptur
Verð frá kr. 3.250 þús.
Meðaleyðsla frá 7,3L/100km, beinskiptur.
Komdu og reynsluaktu Suzuki - upplifunin verður ánægjuleg.
SUZUKI – FYRIR SKYNSAMT FÓLK
TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR
SUZUKI
SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS
Hugtök Markaðsráðgjöf, Okt 2011

## KJÖRKASSINN



*Vilt þú að komið verði á fót snjóframleiðslukerfi á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins?*

| | |
|---|---|
| Já | 34,0% |
| Nei | 66,0% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Veiðir þú rjúpu þetta haustið?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

Neytendasamtökin ætla ekki að gefa upp heildarupphæð sem greidd var í bætur vegna olíusamráðs:

# Neytendur fengu bætur greiddar út í gær

**NEYTENDUR** Hátt í hundrað einstaklingar sem lögðu fram kæru vegna samráðs olíufélaganna á sínum tíma fengu bætur sínar greiddar í gær.

Einn þeirra sem fengu bætur greiddar í gær fékk ávísuna hér til hliðar, að upphæð 81.113 krónur. Hann lagði fram kvittanir til Neytendasamtakanna sem sýndu fram á bensínkaup upp á 1,5 milljónir króna. Neytendasamtökin höfðuðu mál á hendur olíufélögunum þremur; Kers, Olís og Skeljungs, í janúar árið 2005 fyrir hönd þeirra sem gátu lagt fram sannanir að þeir höfðu keypt eldsneyti á því tímabili sem verðsamráðið átti sér stað.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, fagnar því að bæturnar séu loks greiddar. Hann getur þó ekki upplýst hversu há heildarupphæðin var, Það hafi verið samkomulag á milli olíufélaganna og Lögmannsstofu Reykjavíkur, sem fór með mál einstaklinganna, að slíkt yrði ekki gert.

„Við erum bundnir þagnareiði. Það var eitt af ákvæðum samkomulagsins," segir hann. „Og að svo stöddu vil ég ekki upplýsa um heildarupphæðina í ljósi þess, þó það sé andstætt þeim vinnubrögðum sem við stundum hjá Neytendasamtökunum og mér leiðist svona feluleikur." Jóhannes ætlar að ræða við Steinar Þór Guðgeirsson, sem fer með málið, í dag. **- sv**




**BÆTUR VEGNA VERÐSAMRÁÐS** Ein ávísunin af hátt í hundrað sem olíufélögin greiddu til neytenda sem gátu sýnt fram á bensínkaup á því tímabili sem verðsamráðið átti sér stað.




Jens Ingólfsson rekstrarhagfræðingur, jens@kontakt.is



Gunnar Svavarsson viðskiptafræðingur, gunnar@kontakt.is



Sigurður A. Þóroddsson hrl. sigurdur@kontakt.is



Brynhildur Bergþórsdóttir rekstrarhagfræðingur, lögg. verðbr.- og fasteignasali, brynhildur@kontakt.is



Guðni Halldórsson lögfræðingur, gudni@kontakt.is



Haukur Halldórsson hdl. haukur@kontakt.is

SÉRFRÆÐINGAR Í FYRIRTÆKJAVIÐSKIPTUM

- Leit að heppilegum fyrirtækjum eða kaupendum.
- Verðmat fyrirtækja.
- Viðræðu- og samningaferli.
- Fjármögnun fyrirtækjaviðskipta.
- Gerð kaupsamninga og tengdra samninga.

Við teljum að eftirfarandi fyrirtæki geti verið fáanleg:

- Spennandi sérverslun í miðbæ Reykjavíkur. Verslunin er vel þekkt og hefur langa og stöðuga rekstrarsögu. Ársvelta um 65 mkr. og EBITDA um 10% af veltu. Orðspor, saga og staðsetning bjóða upp á spennandi möguleika á að þróa reksturinn frekar.
- Eitt besta og þekktasta bakarí borgarinnar til sölu eða leigu. Ársvelta um 80 mkr.
- Lítil heildverslun með innflutning á sérhæfðum tæknivörum. Góður hagnaður.
- Sérhæfð ferðaskrifstofa sem hefur verið í miklum vexti á undanförnum árum óskar eftir framkvæmdastjóra og meðeiganda sem myndi eignast fyrirtækið allt þegar núverandi eigandi hættir vegna aldurs. Nýr framkvæmdastjóri þarf að hafa gott fjármálavit og skipulagshæfileika til að halda utan um fyrirsjáanlega stækkun fyrirtækisins.
- Lítið sérhæft verktakafyrirtæki sem vinnur fyrir sveitarfélög og einkafyrirtæki. Góð verkefnastaða og miklir stækkunarmöguleikar á áhugaverðu sviði. Góður tækjakostur. EBITDA 15 mkr.
- Framleiðslufyrirtæki með eigin verslanir. Með yfir 50% markaðshlutdeild og góða vaxtamöguleika. Ársvelta 400 mkr. Góð framlegð.
- Rótgróið og vel þekkt gólfefnafyrirtæki. Ársvelta 200 mkr. Góð afkoma og hagkvæmur lager.

Forgangslisti er nýjung fyrir kaupendur og fjárfesta.
Skráning á www.kontakt.is

KONTAKT
Fyrirtækjaráðgjöf
Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200
www.kontakt.is
globalM&A Iceland

Haukur 09b.11






CNN er fáanlegi í FJÖLVARP ALLT FJÖLVARP FRÆÐSLA FJÖLVARP TOPPUR


# Byggðarökin fyrir göngum nægja ekki

**Byggðarökum er gjarna beitt til að kalla eftir samgöngubótum, en þau verða að standast vissan arðsemismælikvarða. Vegamálastjóri segir svipuð rök hafa verið notuð áður vegna Borgarfjarðarbrúarinnar og Hvalfjarðarganganna.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvaða þættir skipta máli við forgangsröðun í samgönguframkvæmdum?

Á opnum fundi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis á þriðjudag, þar sem rætt var um fyrirhuguð Vaðlaheiðargöng, spannst nokkur umræða um rök fyrir samgönguframkvæmdum. Einn nefndarmanna, Róbert Marshall, spurði Ögmund Jónasson innanríkisráðherra, sem þar sat fyrir svörum, hvort ráðherra horfði á málið eingöngu frá fjárhagslegu sjónarmiði, eða hvort hann horfði á það með heildstæðari hætti. Átti hann þá við byggðarök og samfélagsáhrif.

„Framkvæmdir [við samgöngumannvirki] geta átt rétt á sér þó þær standi ekki undir sér sem slíkar," sagði Róbert. „Þau tengja saman svæði, búa til tækifæri og hækka húsnæðisverð, auka möguleika á tvöfaldri búsetu og eru virðisaukandi í atvinnulegu tilliti. Þessi framkvæmd er þannig að mínu mati."

Ögmundur svaraði því til að í þessu tilfelli væri einungis horft á fjárhagshliðina, enda eru Vaðlaheiðargöng ekki inni á samgönguáætlun. Hann sagðist þó þeirrar skoðunar að allar samgöngubætur væru virðisaukandi og til þess fallnar að bæta samfélagið.

Fleiri nefndarmenn lýstu þeirri skoðun sinni að horfa þyrfti til samfélagslegra þátta. Til að mynda sagði Árni Johnsen að ef vafi væri á hvort ráðast ætti í framkvæmd sem slíka, þyrfti landsbyggðin að njóta vafans.

### Svipuðum rökum áður beitt

Hreinn Haraldsson vegamálastjóri segir, í samtali við Fréttablaðið, að umræðan um samfélagslega þætti hafi oft komið upp áður, sérstaklega varðandi stærri framkvæmdir eins og jarðgöng.

„Upp á síðkastið hefur kannski meira verið reynt að leggja fjárhagslegt mat á þessa þætti til að vega upp á móti kostnaði við framkvæmdina, ef sýnt er að verkefnin eru svo dýr að þau skili sér ekki á hefðbundinn arðsemismælikvarða, það er sparnaði hjá vegfarendum og við rekstur vegakerfisins."

Hreinn segir svipuð rök hafa verið notuð í aðdraganda byggingar Borgarfjarðarbrúarinnar og Hvalfjarðaganganna.

„Þetta er mjög oft notað sem viðbótarröksemd fyrir framkvæmdir sem er kannski ekki alveg ljóst að skili sér í krónum og aurum."

### Önnur göng framar á lista

Þrátt fyrir að allt væri tekið inn í reikninginn voru Vaðlaheiðargöng ekki ofarlega á forgangslista samgönguyfirvalda þar sem innanríkisráðherra tiltók tvö önnur göng sem væru framar, Norðfjarðargöng og Dýrafjarðargöng.

Hreinn segir nokkurn eðlismun vera þar á.

„Göngin tvö eru að leysa erfiðari samgöngumál en Vaðlaheiðargöng eiga að gera. Norðfjarðargöng leysa af mjög háan fjallveg og oft er ófært um Oddskarðið. Þá leysa Dýrafjarðargöng af veg milli suður- og norðurhluta Vestfjarða sem er mjög oft lokaður að vetri til. Vaðlaheiðargöng munu hins vegar leysa af ágætisveg með bundnu slitlagi, helstu rökin með þeim eru annars vegar þeir vetrardagar sem vegurinn er ófær og hins vegar styttingin á veginum."

### Ný göng háð veggjöldum

Framkvæmd Vaðlaheiðarganga verður á hendi sérstaks félags sem er að rúmum helmingi í eigu Vegagerðarinnar. Verkið er fjármagnað af ríkinu á meðan á framkvæmdum stendur en þegar göngin komast í notkun mun félagið endurfjármagna sig og eftir það mun veggjaldið þurfa að standa undir kostnaði.

Hreinn segir þetta fyrirkomulag geta gengið í tilfellum þar sem vilji er til þess að greiða veggjöld. Sú var ekki raunin í umræðum um breikkun stofnbrauta inn á höfuðborgarsvæðið, Reykjanesbraut, Vesturlandsveg og Suðurlandsveg.

„Það var því slegið út af borðinu, en á fundum sem haldnir voru á Norðurlandi voru allir, bæði sveitarfélög og íbúar, sammála því að leggja í þessar framkvæmdir og þau væru tilbúin til að borga fyrir notkun á göngunum."

### Byggðarök ekki nóg

Því sýnir það sig að við forgangsröðun á samgönguframkvæmdum eru byggðarök sannarlega tekin til greina, en þau duga ekki til ein og sér.

Eins og vegamálastjóri segir eru fyrirhugaðar framkvæmdir miðaðar við arðsemismælikvarða. Ef ábati er ekki talinn nægur til að réttlæta kostnað, er ekki líklegt að framkvæmdin verði ofarlega í forgangsröðun yfirvalda.

Hins vegar er hægt að flýta framkvæmdum með annars konar fjármögnun.

Slíkt reyndist vel í tilfelli Hvalfjarðaganga, þar sem fyrirtæki, sveitarfélög og einstaklingar lögðust á eitt til að af þeim yrði þegar stjórnvöld vildu ekki taka þátt í fjármögnuninni.

Nú er enn eitt formið til umræðu þar sem upphaf framkvæmda er háð samþykki fjárveitingarvaldsins, það er þingsins. Skiptar skoðanir eru þó enn um það hvort áætlanir séu raunhæfar, en þingmenn munu skera úr um það á næstunni.

thorgils@frettabladid.is



**HORFT NIÐUR Í EYJAFJÖRÐ** Vaðlaheiðargöng eiga að vera valkostur við að aka Víkurskarð. Göngin stytta hringveginn um 16 kílómetra en eru neðar á forgangslista en göng við Norðfjörð og Dýrafjörð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Þetta er mjög oft notað sem viðbótarröksemd fyrir framkvæmdir sem er kannski ekki alveg ljóst að skili sér í krónum og aurum.
>
> **HREINN HARALDSSSON** VEGAMÁLASTJÓRI



**RÓBERT MARSHALL**



**HREINN HARALDSSON**



**Audi Q7 TDi 3,0**
Árgerð 2006, dísel
Ekinn 75.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð
**6.290.000,-**

# NÝLEGIR GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



**VW Passat** TDi
Árgerð 2007, dísel
Ekinn 68.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**2.990.000,-**



**Toyota Corolla**
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 41.000 km, beinsk.
Ásett verð
**2.490.000,-**



**MM Pajero** 3,2
**Intense.** Árgerð 2008, dísel
Ekinn 76.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**5.740.000,-**



**MM Outlander**
**Intense.** Árgerð 2007, dísel
Ekinn 80.000 km, beinsk.
Ásett verð
**3.090.000,-**



**Suzuki** SX4
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 42.000 km, beinsk.
Ásett verð
**2.540.000,-**



**VW Golf** Trendl 1,4
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 38.500 km, beinsk.
Ásett verð
**2.790.000,-**



**MM Outlander**
**Intense.** Árgerð 2010, bensín
Ekinn 22.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**4.490.000,-**



**Honda Accord**
**Executive.** Árgerð 2008, bensín
Ekinn 48.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**3.590.000,-**

**Tilboðsverð**



**MM Lancer** Intense
**Comfort.** Árgerð 2009, bensín
Ekinn 44.000 km, sjálfsk.
Ásett: 2.790.000
Tilboðsverð
**2.390.000,-**

**Tilboðsverð**



**Toyota** Land Cruiser
**120.** Árgerð 2008, dísel
Ekinn 75.000 km, sjálfsk.
Ásett: 6.790.000
Tilboðsverð
**6.190.000,-**

**Tilboðsverð**



**Hyundai** i30
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 46.000 km, beinsk.
Ásett: 1.990.000
Tilboðsverð
**1.790.000,-**

**Tilboðsverð**



**Ford Escape**
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 93.000 km, sjálfsk.
Ásett: 1.350.000
Tilboðsverð
**1.090.000,-**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
heklanotadirbilar.is

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Hvað heitir læknirinn sem fundinn var sekur um að eiga þátt í dauða Michaels Jackson?*

**2.** *Hversu mikill er heildarkostnaður við tónlistar- og ráðstefnuhúsið Hörpu sagður vera?*

**3.** *Hvers vegna leggur Umhverfisstofnun nú dagsektir á Vestmannaeyjabæ?*

**SVÖR**

*1. Conrad Murray. 2. 27,7 milljarðar króna. 3. Vegna ófullnægjandi mengunarvarna Sorporkustöðvar Vestmannaeyja.*

Íslenskur tölvuleikjaframleiðandi sendi upplýsingar um notendur út fyrir EES:

# CCP braut persónuverndarlög

**PERSÓNUVERND** Íslenski tölvuleikjaframleiðandinn CCP braut lög um persónuvernd með því að senda upplýsingar um notendur tölvuleiksins Eve Online til Kína og Bandaríkjanna samkvæmt úrskurði Persónuverndar.

Persónuvernd barst kvörtun frá þýskum notanda í janúar síðastliðnum. Í kvörtun mannsins segir að hann hafi verið viðskiptavinur CCP vegna þátttöku sinnar í tölvuleiknum EVE Online. Fyrirtækið hafi lokað fyrir aðgang hans að leiknum en haldið áskriftargjöldum hans. Í kjölfar þess hafi hann farið fram á að sjá upplýsingar sem skráðar höfðu verið um hann en verið synjað um það. Leyst var úr flestum ágreiningsefnunum í ágúst síðastliðnum en ekki hefur verið tekin afstaða til lögmætis á flutningi persónuupplýsinga til landa sem ekki eru talin veita slíkum upplýsingum fullnægjandi vernd. Þess sé þó getið í persónuverndarstefnu fyrirtækisins að upplýsingar um leikmenn geti verið sendar til staðar utan EES eða varðveittar þar.

Ekki náðist í Hilmar Veigar Pétursson, forstjóra CCP, í gær. **- sv**



**Í TÖLVULEIK** Persónuvernd hefur úrskurðað að CCP hafi brotið lög þegar upplýsingar um leikmenn voru sendar til dótturfyrirtækja í Bandaríkjunum og Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Danir taka á móti 50 manns:

# Hjálpa særðum Líbíumönnum

**DANMÖRK** Danir hyggjast taka við 50 Líbíumönnum sem slösuðust í átökunum þar, að ósk þjóðarráðsins í Líbíu. Sjúklingarnir þurfa á sérhæfðri læknismeðferð að halda.

Villy Søvndal, utanríkisráðherra Danmerkur, segir það gleðiefni að hægt sé að hjálpa að minnsta kosti nokkrum þeirra fjölmörgu sem særðust í átökunum, og sorglegt sé hversu margir hafi særst. Líbíumenn hafa óskað eftir svipaðri hjálp frá fleiri löndum. **- þeb**

Eigandi strætóskýla í mál:

# Framsókn ósátt við reikninga

**DÓMSMÁL** AFA JCDecaux Ísland, sem á og rekur flest strætóskýli borgarinnar, hefur höfðað mál á hendur Framsóknarflokknum vegna birtingarkostnaðar á auglýsingum flokksins fyrir þingkosningarnar 2009.

Að sögn Einars Hermannssonar, framkvæmdastjóra JCDecaux, telur félagið sig eiga inni tæpar tvær milljónir hjá flokknum, sem neitar að borga og ber við að samið hefði verið um lægri kostnað. Hrólfur Ölvisson, framkvæmdastjóri flokksins, vildi ekki tjá sig um málið í gær.

Sama kosningabarátta hefur áður endað fyrir dómi, þegar auglýsingastofan Gott fólk stefndi flokknum fyrir dóm vegna tveggja milljóna skuldar. Gott fólk er farin í þrot, en það mál leystist án aðkomu dómstóla. **- sh**

Þingmenn ræða ESB-umsókn í skugga fjármálavanda:

# Tekist á um skilyrði við aðildarumsókninni

**ALÞINGI** Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, sagði Evrópu vera að hrynja í umræðum á Alþingi í gær. Hún sagði fráleitt að halda til streitu umsókn um aðild að Evrópusambandinu við þessar aðstæður.



**VIGDÍS HAUKSDÓTTIR**

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra sagði aðstæður í Evrópu frekar gefa tilefni til að gefa í viðræðurnar en að draga úr hraðanum. Umsókn Íslands gæfi Evrópusambandinu heilbrigðisvottorð og það væri lóð á vogarskálar Íslands.

Tveir þingmenn Vinstri grænna voru ósammála um hvaða skilyrði hefðu verið sett við samþykkt aðildarumsóknar. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir sagði umboðið skilyrt og ábyrgð þingmanna væri mikil. Árni Þór Sigurðsson áréttaði að fallið hefði verið frá því að setja sérstök skilyrði við umsóknina, önnur en þau sem fram koma í meirihlutaáliti utanríkisnefndar.

Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði nauðsynlegt að hefja sem fyrst viðræður um sjávarútveg og landbúnað. Margrét Tryggvadóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, sagðist treysta þjóðinni vel til að kjósa um aðildarsamning og því ætti að halda viðræðuferli áfram. **- kóp**



**Í LEIKSKÓLA** Stefnt er að því að koma öllum börnum í 2010-árgangi inn á leikskóla í Reykjavík á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Segja 2010-börn fá inni næsta ár

**Yfirvöld í Reykjavík segja öll börn í 2010 árgangi fá inni á leikskólum næsta ár. Um 100 pláss eru laus, en ekki eru til fjármunir til að bæta við starfsfólki.**

**LEIKSKÓLAR** Reykjavíkurborg stefnir að því að öll börn fædd á árinu 2010 komist inn á leikskóla á árinu 2012 og er þannig leitast við að efna fyrirheit um að öll börn fái leikskólapláss árið sem þau verða tveggja ára. Nokkur styr hefur staðið um leikskólamálin í borginni þar sem gagnrýnt hefur verið að börn úr 2010-árgangi hafi ekki verið tekin inn nú í vetur þrátt fyrir að laus rými séu í mörgum skólum.

Í tilkynningu frá Reykjavíkurborg segir að þegar hafi um 70 börn fædd 2010 verið tekin inn leikskóla, en það sé vegna sérstakra aðstæðna, til dæmis vegna félagslegra aðstæðna eða fötlunar. Á næsta ári verði inntöku þeirra svo hraðað eftir megni, þau sem fædd eru fyrr á árinu ættu að komast inn á leikskóla á fyrri hluta ársins en þau sem yngri eru kæmust inn í síðasta lagi í sumarlok.

Í tilkynningunni segir að um 100 vistunarrými séu nú laus á leikskólunum, meðal annars vegna þess að viðbótarhúsnæði var komið upp við leikskóla til að bregðast við hinum óvenjufjölmennu árgöngum 2009 og 2010.

Þrátt fyrir að húsnæði sé til staðar sé hins vegar ekki fjármagn til að ráða fleira starfsfólk til að sinna viðbótarbörnum í ár.

Borgaryfirvöld segja í tilkynningu sinni að framlög til leikskólamála hafi stóraukist síðustu ár. Rekstur á leikskólunum nemi um 10 milljörðum króna í ár. Það sé rúmum milljarði meira en árið 2008 og hafa framlög aldrei verið hærri.

**Í næsta bæ:**

- **Mosfellsbær** Öll börn í 2010-árgangi verða tekin inn í leikskóla næsta haust.
- **Kópavogur** Ekkert ákveðið aldurstakmark í leikskóla. Börn tekin inn eftir því sem pláss leyfa. Um fjórðungur barna í 2010 árgangi hefur þegar fengið inni.
- **Hafnarfjörður** Börn eru tekin inn í leikskóla 20 mánaða.
- **Seltjarnarnes** Börn eru tekin inn í leikskóla 16 mánaða.
- **Garðabær** Þau börn sem hafa náð 18 mánaða aldri 1. september ár hvert eru tekin inn.

Gert er ráð fyrir að 7.100 börn verði á leikskólunum í Reykjavík á næsta ári.

Kjartan Magnússon, fulltrúi Sjálfstæðisflokks í skóla og frístundaráði, segir í samtali við Fréttablaðið að þessi tilkynning svari ágætlega fyrirspurnum sem Sjálfstæðisflokkur lagði fyrir meirihlutann á síðasta fundi ráðsins.

„Hins vegar virðist sem útreikningar hafi ekki verið nógu nákvæmir og þörfin hjá 2009 árganginum hafi verið ofmetin. Í ljósi þess að umframrými eru í kerfinu þykir okkur sjálfsagt að kanna hvort hægt sé að taka börn inn í þau leikskólapláss þar sem starfsfólk er við hendi og ekki þarf að auka við kostnað.“

thorgils@frettabladid.is


Námskeið um réttindi lífeyrisþega

Sérfræðingar Landsbankans og starfsfólk Tryggingastofnunar kynna reglur um réttindi og greiðslur til lífeyrisþega hjá Tryggingastofnun og skattamál tengd lífeyrissparnaði.

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

» Fimmtudagur 10. nóvember kl. 20
» Fjarðargata 9, Hafnarfirði

Námskeið um réttindi lífeyrisþega eru haldin í samstarfi við Tryggingastofnun. Markmið þeirra er að auðvelda fólki að ná betri yfirsýn yfir fjármálin.

Námskeiðið er öllum opið, boðið verður upp á léttar veitingar.

Við hlökkum til að sjá þig.

Skráning og nánari upplýsingar á landsbankinn.is og í síma 410 4000.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



Electrolux
MEST SELDI!
MALAR ÍS
Electrolux
ESB-4400 Blandari
Byltingarkenndur ofur-hljóðlátur blandari með kraftmiklum 600W mótor. Þríhyrningslöguð glerkanna sem blandar betur og hraðar. 6 hraðastillingar. Auðveldur í þrifum. Malar ís létt.
Verð áður kr 21.900
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
14.900
32% AFSLÁTTUR
Electrolux
EKF-7000 Kaffivél
Alvöru kaffivél sem hitar 96°C. Fékk bestu gæðaeinkunn sænsku neytenda-samtakanna TestFakta
1400W hitaelement
Timer/klukka
AutoOff 120 mín.
Aroma stilling
Fullt verð kr 17.990
12.490
32% AFSLÁTTUR
TOPPMÓDEL
Electrolux
EDB-5130 Gufustraujárn 4Safety
Topp gufustraujárn, hlaðið nýrri tækni og þægindum. 4Safety öryggisbúnaður sem slekkur á straujárninu ef þú gleymir því í sambandi eða það dettur/veltur á hliðina.
2200W - tilbúið til notkunar núll einni
Mjög gott gúmmígrip
Vandaður keramíkhúðaður sóli
Mjög öflugt 100 g gufuskot og jöfn gufa. Sparar þér tíma og fyrirhöfn
2,5 metra snúra með 360° snúru
Verð áður kr 9.990
6.490
35% AFSLÁTTUR
1000W GRILL
Electrolux
EMS-21400S Örbylgjuofn
Flottur silfurlitaður örbylgjuofn með mörgum stillingum með eða án grills
800W örbylgjuofn
1000W grill sem gefur matnum brúna og fallega áferð
Stór 27 cm snúningsdiskur
Klukka og skjár
Verð áður kr 34.900
22.900
32% AFSLÁTTUR
TOPPMÓDEL
9.990
34% AFSLÁTTUR
Electrolux
ESTM-4200 Töfrasproti
Vandaður töfrasproti með sérhönnuðum hljóðdempuðum mótor. Stálfótur sem þolir að fara í heitan pott. Þeytari, hakkari og skál fylgir. Verð áður kr 14.990
4.995
50% AFSLÁTTUR
Electrolux
EEWA-3130 Hraðsuðukanna
Flott 1,5 lítra hraðsuðukanna með 2200W hraðhitaelementi. Með vatnshæðamæli. Verð áður kr 9.990
13 gerðir af vönduðum pönnum með 50% afslætti!
Í öllum gerðum og stærðum
Grillpönnur, WOK pönnur, pönnuköku-pönnur, djúpar og grunnar pönnur með eða án loks, stórar og litlar
20, 24, 28, 30 cm breiðar
Henta á allar gerðir af hellum, líka span
Tvöföld viðloðunarfrí húðun
50%
AFSLÁTTUR AF PÖNNUM
Vandaðar pönnur í öllum stærðum og gerðum
KLÁRAÐU JÓLIN SNEMMA!
SMÁTÆKJA BOMBA
500W MEÐ GLERKÖNNU
VELDU
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
6.990 pr. stk
SPARAÐU HELLING!
TRISTAR
SC-2283 Safapressa
Öflug safapressa fyrir nær allar gerðir ávaxta og grænetis. Tekur óskorna ávexti. Fullt verð kr 10.490
TRISTAR
BL-4430 Blandari stál/gler
Hörkuduglegur 500W blandari með glerkönnu. 2 hraðastillingar. Fullt verð kr 10.490
TRISTAR
WF-2141 Vöfflujárn
Vinsælasta vöfflujárnið sem bakar ekta hnausþykkar belgískar vöfflur.
Burstað stál
Hitastillir og ljós
1000W
Verð áður kr 9.990
1.995
50% AFSLÁTTUR
BELGÍSKAR
5.990
40% AFSLÁTTUR
TRISTAR
KW-2430 Eldhúsvog
Tekur 2 kg. Verð áður kr 3.990
GRILLUÐ VERÐ!
11.990
30% AFSLÁTTUR
DOMO
DO-9036 Bistro mínútugrill
Meiriháttar flott 2000W mínútugrill með stórum grillfleti og hitastilli. Rifflaðar plötur sem laga sig að þykktinni. Stál ytra byrði. Verð áður kr. 16.990
5.990
FRÁBÆRT VERÐ!
TRISTAR
RA-2990 Racklette grill með stein f. 4
Með 4 pönnum og steinplötu
2.990
25% AFSLÁTTUR
SA-1120 Samlokugrill hvítt
Verð áður kr. 3.990
25%
AFSLÁTTUR AF RYKSUGUM
VERÐ FRÁ KR. 7.490
SPARAÐU 25%
Electrolux
AEG TRISTAR
HD-2370 Sléttujárn
Sléttujárn með keramikplötum. LCD skjá og hitastilli.
Fullt verð kr 4.990
HD-2322 Hárblásari
Öflugur blástur, 2000W, hitastillir og dreifari
Fullt verð kr 3.990
VELDU
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
2.990 pr. stk
SPARAÐU HELLING!
2000W
MEÐ HLEÐSLU
WG-2419 Baðvog
Örþunn glerbaðvog með stórum LCD skjá. Lithium raf-hlöður. Hárnákvæm vigtun.
Fullt verð kr 5.990
TR-2543 Hárklippisett
Hlaðanlegt þráðlaust með stillanlegri klippilengd.
Fullt verð kr 3.990
Rafha ehf
Opið
virka daga 10-18
laugardag 11-16
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is



**RAUÐA TORGIÐ** Rússneskir hermenn marseruðu um Rauða torgið í Moskvu á mánudag. Vildu þeir minnast samkomu hermanna á torginu 7. nóvember 1941, en þaðan fóru þeir á vígstöðvarnar að verjast innrás þýska hersins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Staðfesti Hæstiréttur dóm Héraðsdóms Reykjavíkur myndast fordæmi í fjölda riftunarmála þrotabúa:

# Máli þrotabús gegn Karli Wernerssyni vísað frá

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur vísaði í gær frá máli þrotabús Milestone á hendur Karli Wernerssyni, stærsta eiganda félagsins og stjórnarformanni á árunum fyrir hrun. Dómnum verður áfrýjað til Hæstaréttar. Málið varðaði riftun á fjórum greiðslum, alls að fjárhæð rúmlega 500 milljóna króna, frá Milestone til Karls frá 24. september 2007 til 18. febrúar 2009.



KARL WERNERSSON

Milestone, sem var meðal annars stór eigandi í Glitni banka, Sjóvá-Almennum tryggingum og Lyfjum og heilsu, var tekið til gjaldþrotaskipta í september 2009. Taldi dómari að frestur til málshöfðunar hefði verið runninn út þegar þrotabúið höfðaði málið, hinn 9. nóvember á síðasta ári.

Kröfulýsingarfrestur í búið rann út 23. nóvember 2009 og samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum hefði þurft að höfða málið fyrir 23. maí 2010. Alþingi samþykkti hins vegar í millitíðinni breytingar á lögunum þar sem frestur til málshöfðunar var lengdur tímabundið úr sex mánuðum í tólf. Var það mat dómara að lagabreytingin hefði ekki áhrif á þau þrotabú sem tekin voru til gjaldþrotaskipta áður hún tók gildi.

Skiptastjóri fékk á sínum tíma endurskoðunarfyrirtækið Ernst & Young til að framkvæma rannsókn á fjárreiðum þrotabúsins. Taldi fyrirtækið að Milestone hefði verið orðið ógjaldfært strax í árslok 2007. Í kjölfarið kynnti skiptastjóri 22 fyrirhugaðar málshöfðanir þar sem krafist yrði riftunar á fjármálagerningum félagsins. Að lokum voru þó einungis tíu mál höfðuð.

Staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur frá því í gær væri sá dómur fordæmisgefandi fyrir hin málin sem samanlagt snúast um fjölda milljarða króna. Þá væri sá dómur einnig fordæmisgefandi fyrir fjölda riftunarmála annarra þrotabúa sem ekki hafa verið tekin fyrir. **- mþl**

Deilt á byggðastefnuskort:

## Lítil samskipti milli ráðuneyta

**ALÞINGI** Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segir gríðarlega þykka veggi milli ráðuneyta hér á landi. Það valdi oft upplýsingaskorti og geti verið til vansa.

Þetta kom fram í svari ráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur, þingmanns Framsóknarflokksins, sem gagnrýndi stjórnina fyrir skort á byggðastefnu. Vísaði hún í skýrslu Evrópusambandsins sem sýndi að hér skorti stefnu í þessum málum. Katrín sagði það skýrast af uppsöfnuðum vanda fyrri ára. Mikið hefði verið gert til að samræma þennan málaflokk, en fyrrnefndur upplýsingaskortur milli ráðuneyta hefði gert það að verkum að erfitt reyndist að móta heildstæða stefnu í málum sem vörðuðu fleiri en eitt ráðuneyti. **- kóp**

Deilt um hvort búið sé að greiða málskostnað:

## Slitastjórn krefur Jón Ásgeir um 83 milljónir

**DÓMSMÁL** Slitastjórn Glitnis stendur nú í málaferlum við Jón Ásgeir Jóhannesson vegna 450 þúsund punda, jafnvirði um 83 milljóna króna, sem hún telur hann skulda sér í málskostnað vegna kyrrsetningarmáls í Bretlandi.



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

Kyrrsetningin var framkvæmd í fyrrasumar í tengslum við sex milljarða skaðabótamál sem slitastjórnin hefur höfðað hér á landi á hendur Jóni Ásgeiri, Pálma Haraldssyni, Lárusi Welding og þremur fyrrverandi starfsmönnum Glitnis.

Dómarinn ytra felldi kyrrsetninguna og gaf Jón Ásgeir upp lista yfir eignir að andvirði ríflega 200 milljóna króna sem kyrrsetja mætti. Dómarinn gerði Jóni Ásgeiri jafnframt að greiða 150 þúsund pund í málskostnað, með fyrirvara um að sú upphæð kynni að hækka.

Slitastjórnin gerði samkomulag við Jón Ásgeir um að hann mætti selja einbýlishús á Laufásvegi, til að geta greitt pundin 150 þúsund. Húsið seldi hann móður sinni fyrir um 90 milljónir.

Kostnaðurinn er nú 600 þúsund pund, og slitastjórnin telur að Jón Ásgeir eigi að greiða mismuninn. Jón Ásgeir telur hins vegar að í samkomulaginu um söluna á húsinu hafi falist fullnaðaruppgjör. **- sh**



**GERVITUNGLAMERKI Í HNÚFUBAK** Merkjunum er skotið úr sérútbúinni loftbyssu. Ný gerð merkja gefa upplýsingar um staðsetningu hvalsins og skráir þrýsting sem gefur upplýsingar um köfunarhegðun hans. MYND/HAFRÓ

Rannsóknir með hjálp gervitungla vekja athygli:

## Ferðir hnúfubaka afar líkar á milli ára

**HAFRANNSÓKNIR** Rannsóknir Hafrannsóknastofnunar á árstíðabundinni útbreiðslu og fari skíðishvala við Ísland hafa þegar varpað ljósi á ýmislegt sem tengist viðveru og fartíma hvala við landið. Rannsóknirnar hafa til dæmis gefið fyrstu vísbendingar um aðsetur hrefnu að vetrarlagi.

Í haust hefur rannsóknunum verið haldið áfram en þær byggja á merkingum með gervitunglasendum.

Hnúfubakur var merktur á dögunum norður af Arnarnesnöfum í Eyjafirði. Að kvöldi merkingardags 4. nóvember var dýrið statt nálægt mynni Eyjafjarðar. Rúmum sólarhring síðar synti hvalurinn mjög ákveðið til norðvesturs og hafði um kvöldið lagt að baki rúmlega 130 kílómetra. Í gær var hvalurinn staddur grunnt úti fyrir Hornströndum.

**Hnúfubakur merktur 4.11 sl.**




Athygli vekur að ferðir þessa hnúfubaks líkjast mjög ferðum hvals sem merktur var 21. október 2009. Sjá: hafro.is/hvalamerki/93120.html. **- shá**


LAGERSALA
STENDUR AÐEINS Í NOKKRA DAGA
BAKPOKAR OG SVEFNPOKAR 35-50%
GÖNGUSKÓR 40-60%
SKÍÐA OG BRETTAFATNAÐUR 40-70%
VETRARFATNAÐUR 50%
ÚTIVISTARFATNAÐUR 50-70%
VEIÐIVÖRUR 50%
EVEREST
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

Rýmingarsala!



Oreon sett m/4 körfustólum
Verð áður kr. 207.100- verð nú kr. 124.260,- m/40% afsl.
Seljum garðhúsgögn, bastsófasett, blómapotta ofl.
með allt að 80% afsl. í nokkra daga!
Frábært tækifæri til að eignast vandaða vöru á pallinn, svalirnar eða í sólstofuna.
Signature húsgögn
Opið:
Má. - Fö. 12 - 18 - Lau. 12 - 16 - Sun. 13 - 16
Kauptúni 3 • 210 Garðabær • S 771 3800 • www.signature.is

Hagstofa Íslands hefur tekið saman tölur um útbreiðslu dag- og vikublaða árið 2010:

# Útbreiðsla vikublaða jókst mikið árið 2010

**FJÖLMIÐLAR** Alls 130 þúsund eintök af dagblöðum voru gefin út daglega á síðasta ári og 231 þúsund eintök af vikublöðum vikulega. Útbreiðsla dagblaða minnkaði um 8 þúsund eintök frá 2009 en samanlögð útbreiðsla vikublaða jókst mikið eða um 161 þúsund eintök. Þar munar væntanlega mestu um Fréttatímann sem hóf göngu sína í fyrrahaust.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í tölum sem Hagstofan birti nýverið um útbreiðslu dag- og vikublaða. Þar kemur einnig fram að frá 2008 hefur dagblöðum fækkað úr fimm í tvö. Þá hefur vikublöðum fækkað úr 25 í 21 á síðustu árum.

Samanlagðar tekjur fréttablaða af blaðasölu og birtingu auglýsinga námu rúmlega sex milljörðum króna á síðasta ári. Hlutfall auglýsingatekna hélt áfram að aukast milli ára en auglýsingatekjur voru í fyrra um það bil þrír fjórðu hlutar tekna fréttablaða. - mþl

## Talnaefni frá Hagstofu Íslands









**FLÓÐ Í BANGKOK** Enn er allt á floti í ytri hverfum höfuðborgar Taílands, þar sem fólk þarf að nota ýmis ráð til að komast leiðar sinnar. NORDICPHOTOS/AFP



**SAMAN Í SVEIT** Sveitarfélög í Danmörku eru ósátt við afskipti þjóðþingsins af staðbundnum málum.

Sveitarfélög í Danmörku:

## Ósátt við afskipti ríkisvalds

**DANMÖRK** Sveitarstjórnarfólk í Danmörku frábýður sér ofríki þjóðþingsins í Kristjánsborg. Þetta kemur fram í nýlegri könnun sem Jótlandspósturinn fjallar um.

Þar segir að níu af hverjum tíu sveitarstjórnarfulltrúum vilji frekara svigrúm til að vinna að staðbundnum málefnum í friði fyrir reglugerðum frá þinginu, meðal annars um máltíðir í leikskólum og fyrirkomulag vegna atvinnuleysis. Þingið hafi allt of mikið að segja um bæði tekju- og útgjaldaliði sveitarfélaga.

Um helmingur svarenda í könnuninni sagðist bjartsýnn á að sjálfræði sveitarfélaga muni aukast undir nýrri ríkisstjórn. - þj

Grjótkast stríðandi gengja:

## Yfir 60 handteknir í Köben

**DANMÖRK Lögreglan í Kaupmannahöfn handtók í gær 62 manns eftir að átök höfðu brotist út milli stríðandi gengja fyrir utan dómhús. Þar var réttað vegna morðs sem framið var árið 2008.**

**Samkvæmt fréttum danskra vefmiðla beitti lögreglan kylfum og hundum til þess að stöðva grjótkast fylkinganna.**

**Í kjölfar morðsins 2008 á 19 ára pilti braust út blóðugt stríð milli Hells Angels og stuðningshópa þeirra annars vegar og innflytjendagengja hins vegar. Félagi í stuðningshópi Hells Angels var ákærður vegna morðsins.** - ibs

Átök í heimahúsi á Akranesi:

## Heimtaði vín með handafli

**LÖGREGLUMÁL** Til átaka kom í heimahúsi á Akranesi fyrir fáeinum dögum. Svo virðist sem maður hafi komið þangað í leit að áfengi og verið ósáttur þegar húsráðandi sagði honum að það væri ekki til, samkvæmt upplýsingum lögreglunnar.

Atburðarás er nokkuð óljós en svo virðist sem aðkomumaður hafi ráðist á húsráðanda sem varðist og hafði hinn undir. Lögregla fór með þann vínþyrsta á slysadeild þar sem talsvert sá á honum og eftir læknisskoðun var hann færður í fangageymslu. Hann var síðan yfirheyrður að morgni en mundi lítið eftir atburðarásinni. - jss



# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

**6,77%** **ER ÁVÖXTUNARKRAFA** á 10 ára ítölsk ríkisskuldabréf sem hefur hækkað mikið síðustu daga.

Ársfundur haldinn í dag:

## Áherslur í starfi FME kynntar

**VIÐSKIPTI** Ársfundur Fjármálaeftirlitsins (FME) verður haldinn í dag í Sólarsal Rúgbrauðsgerðarinnar. Fundurinn hefst klukkan 16.30.



**GUNNAR Þ. ANDERSEN**

Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, mun flytja ávarp í upphafi fundar. Aðalsteinn Leifsson, stjórnarformaður FME, og Gunnar Þ. Andersen, forstjóri þess, munu í kjölfarið fara yfir helstu áherslur í starfi stofnunarinnar og kynna ársskýrslu hennar.

- þsj

Samrunaferlið frestast:

## MP banki kærir samruna Byrs og Íslandsbanka

**SAMKEPPNISMÁL** MP banki hyggst kæra ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að heimila samruna Íslandsbanka og Byrs til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Frá þessu var greint í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins í gær en kærufrestur rennur út á mánudag.

Samkeppniseftirlitið samþykkti samrunann í október. Taldi það líklegt að samruninn myndi auka skaðlega fákeppni en sá samt sem áður ekki ástæðu til að stöðva hann vegna erfiðrar stöðu Byrs. Þá vísaði eftirlitið til þess að ef ekki yrði af samrunanum myndi Fjármálaeftirlitið beita heimildum sínum til að færa inn- og útlán Byrs til einhvers stóru viðskiptabankanna.

- mþl

# Lífeyrissjóðir keyptu hluti í Icelandair af sjálfum sér

**Framtakssjóður Íslands seldi 10% hlut í Icelandair á 2,7 milljarða króna. Meðal kaupenda eru lífeyrissjóðir sem eiga hlut í sjóðnum. Landsbankinn hagnast vel á sölunni. Bréfin hafa hækkað um 120%.**

**VIÐSKIPTI** Sá breiði hópur fjárfesta sem keyptu 10% hlut í Icelandair af Framtakssjóði Íslands (FSÍ) er að mestu skipaður eigendum sjóðsins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru níu lífeyrissjóðir sem eru á meðal eigenda FSÍ hluti af hópnum. Þeirra á meðal er Lífeyrissjóður verslunarmanna, sem keypti 2,5% og á nú 14,5% hlut, og Gildi lífeyrissjóður, sem keypti um 1,1% hlut.

Stærsti eigandi FSÍ, Landsbanki Íslands, keypti ekki hlut. Hann mun hins vegar fá um 745 milljónir króna greiddar vegna sölunnar, í samræmi við 27,6% eignarhlut bankans í FSÍ.

FSÍ tilkynnti í gærmorgun að sjóðurinn hefði selt 10% af eignarhlut sínum í Icelandair á 2,7 milljarða króna og að kaupendur væru breiður hópur fagfjárfesta. Bréfin höfðu þá ávaxtast um 120% frá því að þau voru keypt í tveimur útboðum á árinu 2010 á genginu 2,5. Samtals fjárfesti FSÍ í Icelandair fyrir 3,6 milljarða króna á síðasta ári. Sjóðurinn á enn 19% hlut í Icelandair sem metinn er á um 5,1 milljarða króna miðað við sölugengið í gær, sem var 5,42 krónur á hlut.

Andvirði sölunnar rennur beint til lífeyrissjóðanna og annarra eigenda FSÍ í samræmi við skilmála sjóðsins. Þeir gera ráð fyrir því að allir eigendur FSÍ fái greitt út í samræmi við eignarhlut sinn. Það þýðir að Landsbankinn, sem keypti ekki hlut, mun fá um 745 milljónir króna greiddar vegna sölunnar. Hlutaféð var selt í áskriftasöfnun.

Eftir söluna verður FSÍ ekki lengur stærsti eigandi Icelandair heldur Íslandsbanki, sem á 20,6% hlut. Stærstu eigendur FSÍ eru Landsbanki Íslands með 27,6% hlut, Lífeyrissjóður verslunarmanna með 19,9% hlut, Gildi lífeyrissjóður með 10,4% hlut, Sameinaði lífeyrissjóðurinn með 7,7% hlut og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins með 7,4% hlut.

Icelandair hefur gengið vel frá því að félagið fór í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu á síðasta ári. Í henni var hlutafé aukið, skuldum breytt í nýtt hlutafé og vaxtaberandi skuldir lækkaðar með yfirfærslu og sölu á tilteknum eignum sem voru ekki hluti af kjarnastarfsemi Icelandair. Samtals lækkuðu vaxtaberandi skuldir félagsins um tæpa 14 milljarða við þá aðgerð. Icelandair hagnaðist um 4,7 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum þessa árs.

thordur@frettabladid.is



**Á FLUGI** Rekstur Icelandair hefur gengið mjög vel frá því að fjarhagslegri endurskipulagningu lauk. FSÍ hefur ávaxtað hlut sinn um tæp 120% frá því að hann var keyptur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**Integration and Immigrants´ Participation**

**- ráðstefna 14. og 15. nóvember í Rúgbrauðsgerðinni, Borgartúni 6**

**Lykilfyrirlesarar:**

Elisabeth Eide, prófessor í blaðamennsku við Oslóarháskóla: *Suspect foreigners? Media and migration - past and present*

Reymond Taras, prófessor í stjórnmálafræði við Tulane háskóla, New Orleans: *European taboos on debating migration: reaping what we sow*

Michał Garapich, mannfræðingur hjá CRONEM: *Migration, homelessness and anti-structure – anthropological perspectives on urban survival in times of recession*

Nánari upplýsingar og skráning á http://vefir.hi.is/integration/

**Takmarkaður sætafjöldi**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
FÉLAGS- OG MANNVÍSINDADEILD

FOR DIVERSITY AGAINST DISCRIMINATION

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Kvenréttindafélag Íslands




**SJÁVARÚTVEGUR** Um helmingur af öllum útflutningi Íslendinga í október var sjávarafurðir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nær allur útflutningur í október var sjávarafurðir og ál:

## Vöruskipti jákvæð um 8,1 milljarð

**VIÐSKIPTI** Íslendingar fluttu út vörur fyrir 52,7 milljarða króna í nýliðnum október en fluttu inn vörur fyrir tæpa 44,7 milljarða króna. Vöruskiptajöfnuður var því jákvæður um 8,1 milljarða króna í síðasta mánuði. Þetta kemur fram í nýjum bráðabirgðatölum Hagstofunnar sem birtar voru í gær.

Alls voru fluttar út sjávarafurðir fyrir 25,1 milljarð króna, sem er rétt tæpur helmingur alls útflutningsverðmætis þjóðarinnar í liðnum mánuði. Útfluttar iðnaðarvörur, sem að nánast öllu leyti eru ál, skiluðu nánast sömu tekjum, eða rúmlega 25,1 milljarði króna. Þessir tveir atvinnuvegir stóðu því undir 95,3% af öllum útflutningstekjum Íslands í síðasta mánuði.

Íslendingar fluttu mest inn af hrávörum og rekstrarvörum, eða fyrir 13,8 milljarða króna. Fluttar voru inn fjárfestingavörur fyrir 11,7 milljarða króna, eldsneyti og smurolíur fyrir 6,4 milljarða króna og aðrar neysluvörur fyrir um 6 milljarða króna. Alls voru fluttar inn mat- of drykkjarvörur fyrir 4,4 milljarða króna.

Alls er vöruskiptajöfnuður jákvæður um 89,5 milljarða króna það sem af er ári. Fluttar hafa verið út vörur fyrir 512,6 milljarða króna en vörur fluttar inn fyrir 423,1 milljarð króna.

- þsj




ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook

**www.kia.is**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Óháð úttekt verður að eiga sér stað.

## Varkárni um Vaðlaheiðargöng

Allt stefnir nú í að Vaðlaheiðargöng verði að veruleika á undan vegaframkvæmdum sem þó eru ofar á samgönguáætlun, svo sem nýjum Norðfjarðargöngum og Dýrafjarðargöngum, auk samgöngubóta á sunnanverðum Vestfjörðum og til Vestmannaeyja.

Vaðlaheiðargöngin nýju verða byggð af félagi sem er að rúmlega hálfu í eigu Vegagerðarinnar en að tæplega hálfu í eigu Greiðrar leiðar, sem aftur er að mestu í eigu Akureyrarbæjar og KEA. Framkvæmdin er fjármögnuð með láni frá ríkinu en kostnaðaráætlun vegna ganganna hljóðar upp á 11 milljarða króna með virðisaukaskatti. Ætlunin er að endurfjármagna félagið að framkvæmd lokinni og endurgreiða ríkinu skuldina.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Gert er ráð fyrir að með tæplega þúsund króna veggjaldi takist að greiða upp kostnað vegna ganganna á 25 til 30 árum. Allt lítur þetta ósköp vel út en ekki má þó gleyma því að fé sem lánað er af ríkissjóði fer þá ekki til annarra málefna á meðan, málefna sem hugsanlega nýttust fleira fólki og/eða skiluðu ríkissjóði meiru til baka þegar upp er staðið.

Á opnum fundi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis í vikunni kom fram ólíkt mat aðila á því hvort Vaðlaheiðargöng yrðu sjálfbær eða ekki. Norðlendingurinn Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra var afar bjartsýnn á að göngin yrðu sjálfbær og gerð þeirra kæmi ekki til með að varpa kostnaði á ríkissjóð. Innanríkisráðherrann og Reykjavíkurþingmaðurinn Ögmundur Jónasson var á hinn bóginn varfærnari í mati sínu og ítrekaði að lykilforsenda aðkomu ríkissjóðs væri að göngin stæðu undir sér með notendagjöldum svo sem vegatolli.

Mat Félags íslenskra bifreiðaeigenda er að áætlun um Vaðlaheiðargöng sé of bjartsýn þar sem gert er ráð fyrir að níu bílar af hverjum tíu fari um göngin þrátt fyrir að stytting vegarins nemi einungis 16 kílómetrum, sem gera má ráð fyrir að spari 300 til 500 krónur í eldsneytiskostnað í hverri ferð.

Vaðlaheiðargöng verða vissulega á fjölfarinni leið, mun fjölfarnari en göng til Norðfjarðar og Dýrafjarðar. Á hinn bóginn kæmu síðarnefndu göngin í stað erfiðra vegakafla sem iðulega lokast á vetrum um lengri eða skemmri tíma meðan vegurinn yfir Víkurskarð sem áfram yrði valkostur á móti Vaðlaheiðargöngum er greiðfær og góður nema fáeina daga á ári. Vaðlaheiðargöng eru þannig vissulega samgöngubót en á engan hátt samgöngubylting eins og göng yrðu fyrir Norðfirðinga og íbúa á Vestfjörðum, einkum norðanverðum.

Það er skiljanlegt að Norðlendingum sé kappsmál að gerð séu göng um Vaðlaheiði. Framkvæmdin sjálf kæmi sér þar vel, auk þess sem leiðin frá Akureyri og austur um yrði styttri og greiðari. Krafan hlýtur þó að vera sú að fram fari úttekt aðila sem engra hagsmuna eiga að gæta varðandi Vaðlaheiðargöng á arðsemi framkvæmdarinnar. 11 milljarðar eru engir smápeningar, jafnvel þótt þeir verði endurgreiddar síðar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir heimildamyndina
**Óráðin framtíð**
Sýnd í Odda 101, 10. nóv. kl. 17:00

Hádegisfyrirlestur Helgu Kristínar Kolbeins
**Stjórnkerfið í Kína**
Lögberg 102, 11. nóv. kl. 13:20

**Nánar á viðburðaskrá www.hi.is**
*Allir velkomnir, aðgangur ókeypis*

KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS
Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS
konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Mismunun hafnað

Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, tók til máls í umræðum um ESB á þingi í gær. Hún spurði fyrst hvort hana misminnti að flokksfélög bæði Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks hefðu ályktað fyrir kosningar um að það bæri að fara í viðræður við Evrópusambandið. Hjálpsamir þingmenn sögðu hana misminna, það hefði einungis verið hjá Framsóknarflokknum og sagði Birgittu sig hafa minnt að það hefði verið hjá öðrum hvorum flokknum. Hví nefndirðu þá báða? var spurt og svarið var: „Bara svona til að mismuna ekki flokkunum." Ljóst er að Birgitta hefur tekið dag gegn einelti alvarlega, en hann var einmitt í gær, og hafnað allri mismunun.



### Uppgötvunin

Svo lengi lærir sem lifir og á hverjum degi lærir maður eitthvað nýtt. Það á við um Guðlaug Þór Þórðarson, þingmann Sjálfstæðisflokksins, í gær, sem sagði í sömu umræðu í gær að fyrst ljóst væri að Vinstri græn væru á móti aðild að ESB væri ráð að hætta viðræðunum. Flokkurinn hefur reyndar verið á móti aðild frá stofnun, en það er betra seint en aldrei að átta sig á því.



### Fiskur á grasbala

Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Framsóknarflokksins, gaf ekki mikið fyrir hagfræðiþekkingu utanríkisráðherra í gær. Matið byggði hann reyndar ekki á eigin skoðunum, heldur orðum Össurar sjálfs í rannsóknarskýrslu Alþingis. Þar hafi Össur sagt um eigin efnahagsþekkingu: „Ég var þarna náttúrulega eins og fiskur á grasbala." Ásmundur taldi að sá sem legði slíkt mat á eigin þekkingu ætti ekki að stökkva fram á vígvöllinn í efnahagsmálum heldur „koma sér af grasbalanum og aftur ofan í vatnið".

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Steingrímur, viltu finna milljarð?

Menning



Björn B. Björnsson
kvikmyndaframleiðandi

Á fjárlögum síðustu tveggja ára hafa kvikmyndasjóðir verið skornir niður um rúman þriðjung með ískyggilegum afleiðingum fyrir greinina.

Til nokkurs væri unnið ef peningana hefði mátt nota til til dæmis til að draga úr niðurskurði í heilbrigðisþjónustu – en svo er því miður ekki.

Vönduð úttekt á fjármálum kvikmyndaframleiðslu á fjögurra ára tímabili (Rauða skýrslan) sýnir að fjárfesting ríkisins í kvikmyndaframleiðslu skilar sér öll til baka bæði fljótt og vel, eingöngu í launatengdum gjöldum. Sparnaðurinn er því enginn – en skaðinn verulegur.

Í viðamikilli bók sinni um hagræn áhrif kvikmyndalistar kemst dr. Ágúst Einarsson að þeirri niðurstöðu að fjárfesting ríkisins til kvikmynda skili sér fimmföld til baka þegar allt er talið. Tap af þessum aðgerðum er því umtalsvert. (Rétt er að taka fram að Ágúst leggur mikla áherslu á að hafa allar tölur lágar svo hvergi sé skotið yfir markið).

Með því að rétta af þann 250 milljóna króna niðurskurð sem greinin hefur mátt búa við undanfarin tvö ár mun hagnaður ríkissjóðs því verða einn milljarður króna. – Og þá peninga mætti nota til að draga úr niðurskurði í heilbrigðisþjónustunni.

Rauða skýrslan sýnir að 2,7 milljarða fjárfesting ríkisins í kvikmyndum, á fjögurra ára tímabili, skilaði sér öll til baka á mjög skömmum tíma. En auk þess laðaði þessi fjárfesting að sér innlent og erlent fjármagn svo hér var framleitt kvikmyndaefni fyrir 12 milljarða króna – og yfir 70% þess fjár fóru í launagreiðslur. Þeir peningar runnu til fólks um allt land sem vinnur störf sem þjóna kvikmyndaframleiðslunni á margvíslegan hátt.

Kvikmyndaframleiðsla er sennilega besti fjárfestingarkostur sem ríkið á völ á í dag og þar eru miklir möguleikar. Danmörk sem er lítið málsvæði flytur út kvikmyndir og sjónvarpsefni fyrir háar fjárhæðir á hverju ári. Á bak við þann iðnað er engin mengun og engar auðlindir aðrar en hugvit og handverk.

Hin hliðin á peningnum er menningarlegt tjón sem niðurskurðurinn veldur. Kvikmyndir, heimildarmyndir og vandað íslenskt sjónvarpsefni er einn grundvöllur tilveru okkar sem þjóðar og mjög mikilvægur hluti af sjálfsmynd okkar fólksins sem elst upp upp í flaumi erlends efnis. – Og þessa íslenska efnis geta allir landsmenn notið því allt er það sýnt í sjónvarpi.

Er ekki kominn tími til að skoða málið?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Höfuðborg og flugvöllur allra landsmanna

Reykjavíkurflugvöllur
Ómar Ragnarsson
sjónvarpsmaður



Það er lögmál að borgir og bæir myndast oftast á krossgötum, sem draga að sér verslun og þjónustu. Innlend dæmi eru Reykjavík, Borgarnes, Akureyri, Egilsstaðir og Selfoss en erlend dæmi eru Ósló, Stokkhólmur og Kaupmannahöfn. Reykjavík myndaðist þar sem sjóleið og landleið mættust við gömlu Reykjavíkurhöfn á þeim tímum sem dönsku konungarnir, Þórbergur, Lindberg og Nóbelsskáldið tóku land í Reykjavíkurhöfn. Síðan bættist flugvöllurinn við rétt við Kvosina. Fljótlega myndaðist andstaða við flugvöllinn á þeim forsendum að hann tæki rými frá miðborginni.

En forsendurnar, sem voru í upphafi fyrir þessari andstöðu, hafa breyst. Gildi gömlu hafnarinnar hefur minnkað með tilkomu Sundahafnar en það eru þó smámunir miðað við það að stærstu krossgötur landsins eru nú á svæðinu Smárinn-Mjódd-Ártúnshöfði en ekki í Kvosinni og þangað hafa verslun og þjónusta leitað og munu gera áfram. Um þessar krossgötur liggur frá norðri til suðurs landleiðin frá Vesturlandi og Norðurlandi í gegnum Mosfellsbæ, Reykjavík, Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð til Suðurnesja og einnig landleiðin frá austri til vesturs frá Austurlandi og Suðurlandi til Reykjavíkur og Suðurnesja. Þungamiðja íbúðabyggðar á Reykjavíkursvæðinu hefur flust í austur um fjóra kílómetra og er nú innst í Fossvogi. Þungamiðja atvinnustarfseminnar hefur líka flust eina þrjá kílómetra í austur. Reykjavíkurflugvöllur hefur því færst frá því að liggja rétt við miðjuna fyrir 60 árum og er nú um 5 kílómetra frá krossgötunum miklu og 4 kílómetra frá þungamiðju íbúðabyggðarinnar. Skoðum nánar helstu röksemdir fyrir því að leggja flugvöllinn niður og gagnrökin.

**1.** Flugvöllurinn tekur allt of mikið rými. Svar: Flugvallarsvæðið er 7% af flatarmáli Reykjavíkur vestan Elliðaáa, álíka stórt og Reykjavíkurhafnirnar sem engum dettur í hug að leggja niður. Miklabrautin ein tekur helming rýmis flugvallarins og enginn berst fyrir því að leggja hana niður.

**2.** Ef flugvöllurinn verður lagður niður verður hægt að endurheimta þá stöðu að miðborg Reykjavíkur verði í og við Vatnsmýrina. Svar: Stærstu krossgötur landsins verða samt áfram á sama stað, 5 kílómetrum austar, og þangað leita áfram verslun og þjónusta. Hvaðan á að flytja allt það fólk, sem á að eiga heima við Vatnsmýrina? Úr úthverfunum og nágrannabæjunum? Eða tæma landsbyggðina? Hvernig ætla menn að leysa samgönguvandamálin sem skapast?

**3.** Með því að selja lóðir á flugvallarsvæðinu græðast tugir milljarða króna. Svar: Detta þessir milljarðar af himnum ofan eins og Manna í Biblíunni? Einhverjir hljóta að borga þessa peninga og taka þá úr öðru.

**4.** Það er tilvist Reykjavíkurflugvallar að kenna að byggt var austan Elliðaáa. Svar: Á höfuðborgarsvæðinu austan Elliðaáa og sunnan Fossvogs búa nú um 130 þúsund manns. Hefðu þeir allir komist fyrir í Vatnsmýrinni?

**5.** Höfuðborgarsvæðið er af völdum flugvallarins miklu strjálbýlla en sambærileg borgarsamfélög erlendis. Svar: Þarna er notaður samanburður við gamlar milljónaborgir í Evrópu. Norræn skýrsla um 16 borgarsamfélög á Norðurlöndum sýnir að þær 9 borgir í þessum samanburði, sem eru álíka stórar og dreifbyggðar og Reykjavík. Skipulag höfuðborgarsvæðisins er hins vegar verst vegna flokkspólitískrar skiptingar þess í upphafi.

> Síðan bættist flugvöllurinn við rétt við Kvosina. Fljótlega myndaðist andstaða við flugvöllinn á þeim forsendum að hann tæki rými frá miðborginni.

**6.** Það er einstætt að flogið sé yfir þéttbýli í aðflugi að flugvelli eins og gert er í Reykjavík. Svar: Þetta gekk í einhverja fyrir 60 árum en nú vita Íslendingar vegna flugferða sinna erlendis að þetta er ekki rétt. Dæmi: Það er flugvöllur við miðborg London og í Los Angeles eru fjórir flugvellir og aðeins einn flugbrautarendi liggur ekki yfir þéttbýli.

**7.** Best er að flytja innanlandsflugið til Keflavíkur: Svar: Það myndi þýða að ferðaleið manns sem fer fram og til baka á milli Akureyrar og Reykjavíkur lengdist samtals um 162 kílómetra. Til er alþjóðlegt hugtak, „virkt borgarsamfélag“ eða „FUA, functional urban area“. Ein forsenda þess er sú að það taki minna en 45 mínútur að fara frá jaðri þess inn að miðju. Í raun er Akureyri á höfuðborgarsvæðinu á meðan flugvöllurinn er í Reykjavík. Að leggja flugvöllinn niður samsvarar því að höfuðborgin hendi í burtu 17 þúsund manna úthverfi.

**8.** Flugvöllurinn er nú miklu nær miðborg en nokkurs staðar annars staðar. Svar: Meðalvegalengd flugvalla heimsins frá borgarmiðju er 7 kílómetrar. Staðsetning innanlandsflugs í Keflavík yrði með eindæmum slæm, með lengstu mögulegu flugleiðum til allra áfangastaða.

**9.** Flytja má völlinn upp á Hólmsheiði. Svar: Hólmsheiði er álíka langt frá krossgötunum stóru og núverandi flugvöllur og á heiðinni er verra flugveður. Bygging flugvallar á heiðinni þýðir þrjá gerninga: Flugvöllur rifinn, íbúðabyggð reist og flugvöllur byggður. Ef menn vilja endilega reisa nýja byggð í fimm kílómetra fjarlægð frá krossgötunum er hægt að fækka gerningunum niður í einn og reisa íbúðabyggð á Hólmsheiði í stað Vatnsmýrar og málið dautt.

**10.** Íbúarnir í nýrri Vatnsmýrarbyggð myndu efla mjög verslun í gamla miðbænum og á Laugavegi. Svar: Það er jafnstutt að fara þaðan í Kringluna og jafnbetra veður þar innandyra.

**11.** Íbúðabyggð í Vatnsmýri myndi minnka umferð í Reykjavík um 40% og fækka umferðarslysum um 40%. Svar: Þetta er fráleit niðurstaða, jafnvel þótt forsendan væri sú að allir íbúar hverfisins stunduðu atvinnu innan þess, sem er ómögulegt í þjóðfélagi þar sem atvinnufrelsi ríkir.

**12.** Reykjavíkurflugvöllur er málefni Reykvíkinga einna. Svar: Reykjavík er höfuðborg allra landsmanna og flugvöllurinn sömuleiðis. Hægt væri að bæta hann stórlega með því að lengja vestur-austurbrautina, leggja núverandi norður-suðurbraut niður svo að rými losni fyrir vestan Háskólann í Reykjavík og gera í staðinn stutta norður-suðurbraut þar sem Skeljungsstöðin gamla var. Þá myndi líka losna rými í Vatnsmýri, flug yfir Kársnes leggjast af og flug yfir Kvosina verða hverfandi. Flugvöllurinn er á réttum stað og fær vonandi að vera það áfram.

SIMPLY CLEVER
ŠKODA



VERTU KLÁR Í VETUR
SKODA OCTAVIA 4x4 TDI

**Skoda** Octavia 4x4 TDI
- ESP stöðugleikastýring
- Útvarp og geislaspilari með MP3
- Hiti í sætum og speglum
- Loftkæling
- Hraðastillir
- Aksturstölva
- 16” álfelgur o.fl.

**Octavia Combi 4x4 1.6 TDI verð frá 4.530.000 kr.**
Fæst nú einnig sjálfskiptur



**Skoda** Yeti 4x4
Staðalbúnaður: Utanvegastilling fyrir erfiðar akstursaðstæður, dráttarkúla, skriðstillir, ESP stöðugleikastýring, hiti í sætum og speglum, loftkæling, aksturstölva ofl.
Fæst með fjórhjóladrifi og sjálfskiptingu.
**Yeti 2.0 TDI 140 hestöfl verð frá 4.690.000 kr.**



**Skoda** Superb 4x4
Einstaklega rúmgóður og mikið farangursrými – 633 lítrar. Superb fæst með fjórhjóladrifi og DSG sjálfskiptingu. Superb býður upp á þægindi sem gera langferðir að gleðiefni og einstakt rými fyrir farþega.
**Superb 4x4 sjálfskiptur kostar frá 6.190.000 kr.**

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

# Nýsköpun í atvinnumálum

Atvinnumál



Steingrímur J. Sigfússon
fjármálaráðherra

Áhersla ríkisstjórnar VG og Samfylkingar í atvinnumálum hefur m.a. verið að styðja við nýsköpun og vöxt sprotafyrirtækja sem lið í að auka fjölbreytni og leggja grunn að heilbrigðum og sjálfbærum vexti efnahagslífsins.

Slík nýsköpun er ekki og á ekki að vera bundin við einkageirann og þannig voru t.d. afhent á dögunum fyrstu verðlaunin og viðurkenningar fyrir nýsköpun í starfsemi og rekstri hjá hinu opinbera. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að umhverfi sprota– og nýsköpunarfyrirtækja verði bætt með breytingu á skattalögum þannig að styðja megi við bakið á rannsóknar- og og þróunarstarfi. Við þetta hefur verið staðið og nú liggur árangurinn eftir fyrsta heila árið fyrir.

Í október 2009 lagði undirritaður fram frumvarp til laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki í formi skattaafsláttar. Frumvarpið varð að lögum nr. 152/2009 og er markmið þeirra að efla rannsóknir og þróunarstarf og bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja. Lögin tóku gildi á árinu 2010 og ná þá í fyrsta sinn til heils rekstrarárs.

Áhrif skattafsláttarins koma hins vegar ekki fram fyrr en nú í lok október 2011 við álagningu opinberra gjalda á lögaðila vegna rekstrarársins 2010. Í grófum dráttum er afslátturinn allt að 20% af útlögðum kostnaði vegna rannsókna og þróunar hjá nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum sem fengið hafa staðfestingu Rannís sem slík, þó upp að ákveðnu hámarki. Afslátturinn er útborganlegur að því marki sem hann er hærri fjárhæð en þau opinberu gjöld sem lögð eru á umsækjanda skattafsláttarins eftir hefðbundna skuldajöfnun.

Nú liggur fyrir að heildarfjárhæð skattafsláttarins vegna umsvifa á þessu sviði á árinu 2010 nam hátt í hálfum milljarði króna.

Alls áttu 53 lögaðilar rétt á skattafslætti vegna kostnaðar við nýsköpun á árinu 2010 samkvæmt álagningu ársins 2011. Flest fyrirtækin, eða 48 talsins, fengu alla afsláttarfjárhæðina endurgreidda, eða samtals 440,9 m.kr. Af fyrirtækjunum 53 eru 39 skráð í Reykjavík, 13 í skattumdæmi Reykjaness og eitt fyrirtæki á Vestfjörðum. Meðalafsláttur á fyrirtæki er 9,2 m.kr. sem þýðir að meðalstærð verkefnis er 46 m.kr.

Þegar rýnt er í skiptingu skattafsláttarins eftir atvinnugreinum má sjá svart á hvítu þá ánægjulegu staðreynd að fyrirtæki sem starfa við nýsköpun og hlotið hafa skattafsláttinn starfa á mjög fjölbreyttu sviði. Mjög mörg þeirra fást við hugbúnaðargerð eða hugbúnaðartengda starfsemi og taka þau til sín yfir 40% allra endurgreiðslnanna. Einnig er gróska t.d. í rannsóknar- og þróunarstarfi í líftækni, verkfræði og tækjaframleiðslu á búnaði til prófana og leiðsagnar og verkefnum á sviði matvælaframleiðslu og sorpsöfnunar. Svona mætti lengi áfram telja.

En stuðningur við nýsköpun er að sjálfsögðu ekki eingöngu fólginn í skattafslætti vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar. Allt starfsumhverfið og stuðningskerfið skiptir þar máli. En, skattafslátturinn er viðbót og með honum eykst stuðningur ríkissjóðs verulega við nýsköpunarfyrirtæki, ekki síst í ljósi þess að stærstur hluti fjárhæðarinnar er greiddur út sem beinn styrkur. Til samanburðar er framlag ríkissjóðs til Tækniþróunarsjóðs, sem einnig hefur það hlutverk að styðja við rannsóknir, þróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, samtals 720 m.kr. í fjárlögum ársins 2011. Það þýðir að skattafslátturinn nemur tveimur þriðju hlutum af framlagi Tækniþróunarsjóðs og eykur þar með beint framlag ríkisins til nýsköpunarfyrirtækja um rúmlega 67% á þessu ári. Samanlögð framlög ríkisins til rannsókna, þróunar og nýsköpunar í þágu atvinnulífsins gegnum þennan tvíþætta farveg, nema því 1.205,6 m.kr. á árinu 2011.

Með öðrum orðum, það verður tæpast annað sagt en að umrædd lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki hafi náð yfirlýstum tilgangi sínum um að örva nýsköpun, fjölga störfum og stuðla að verðmætaaukningu í efnahagslífinu. Landfræðileg dreifing umsækjenda er að vísu nokkurt umhugsunarefni en vonandi fjölgar enn í hópi þeirra sem nýta sér þennan möguleika í ár og fyrirtæki úr öllum landshlutum verða með þegar gert verður upp að ári.

Á tímum þegar samfélagsleg umræða einkennist á köflum óhóflega mikið af sundurlyndi og bölmóði, ekki síst í umfjöllun um atvinnumál, er ekki úr vegi að vekja athygli á því sem vel er að takast. Hér hefur ríkisstjórnin sannarlega staðið við sitt og mætt jákvæðu andrúmslofti og samstarfsvilja þeirra sem mest sýsla við nýsköpunar- og þróunarmál. Þannig þarf að sameina kraftana á fleiri sviðum og leggja sameiginlega lóð á vogarskálar uppbyggingar og bjartsýni.

# Sjúkraflug er dauðans alvara!

Sjúkraflug



Styrmir Sigurðarson
sjúkraflutningamaður í Vestmannaeyjum

Íslendingar eru duglegir að bera sig saman við vestrænar þjóðir í hæfni og gæðum þjónustu og menntunar. Við segjum stolt frá því að við teljum okkur vera á pari við Norðurlandaþjóðirnar með að virða réttindi og þjónusta þegna landsins.

Að fenginni faglegri og persónulegri reynslu finn ég mig knúinn til að leggja mitt mat á stöðu þeirrar þjónustu sem veitt er við sjómenn og sjúklinga utan höfuðborgarinnar.

Mýflug er með samning við velferðarráðuneytið og sér um allt sjúkraflug innanlands, leggur til vélar, búnað og mannafla til að sinna því. Sjúkraflugið er gert út frá Akureyri. Fagleg og rétt viðbrögð einkenna vinnubrögð þeirra sem vinna við þessar erfiðu aðstæður. Hinsvegar er alvarlegt hve þetta tekur langan tíma og ítrekað hefur það komið fyrir að Mýflug hefur ekki getað veitt þessa þjónustu innan þess tíma sem samningurinn kveður á um.

Samkvæmt samningnum er viðbragðstími sjúkraflugs 60 mínútur frá því að beiðni berst þar til vélin á fara í loftið. Ef beiðni berst um að þörf sé á varavél skal hún fara í loftið innan 105 mínútna. Mýflug notar TF-MYX í sjúkraflug. Þetta eru öflugar vélar sem nýtast vel við íslenskar aðstæður. Varavél, TF-FMS, er sömu gerðar. Nýlega kenndi ég mér eymsla í kviði og þurfti í aðgerð. Skurðlæknirinn í Eyjum var ekki viðlátinn og þurfti ég sjúkraflug til Reykjavíkur. Um hádegi var mér tilkynnt að það yrði bið á sjúkrafluginu. Ég var í forgangi 3, sem ekki er aðkallandi bráðaflokkun. Biðin var orðin löng þegar ég komst á deild klukkan 18.50. Fyrir forgang 3 flokkaðan sjúkling er þetta of langur tími.

Þar sem ég er sjúkraflutningamaður leitaði ég skýringa hjá áhöfninni og var mér tjáð að óvenju mörg bráðatilfelli hafi verið þennan dag. Varavél reyndist ekki kölluð út því hún var í öðrum verkefnum, tvo tíma tæki að gera hana klára því sjúkraflugsbúnaðurinn var í Reykjavík en vélin fyrir norðan. Það fannst mér óviðunandi skýring.

Sem betur fer var ég ekki bráðveikur. En ég leiddi hugann að því, er það rétt að manni skuli líða eins og afgangsstærð, annars flokks þegni sem er látinn bíða en ekki gerðar viðeigandi lögbundnar ráðstafanir.

Er þetta þjónustan sem við viljum veita? Sannarlega ekki!

Ég greiði mína skatta og skyldur og tel mig eiga rétt á meiri gæðum í þessari grunnþjónustu. Ég vil taka það sérstaklega fram að þjónustan sem ég þáði þennan dag var veitt af virðingu og fagmennsku fram í fingurgóma, frá Eyjum og þar til að ég útskrifaðist.

Er það skoðun mín að þjónustan myndi batna gríðarlega ef önnur sjúkravél væri staðsett í Reykjavík. Allar forsendur eru fyrir hendi til að reka sjúkraflugvél frá höfuðstaðnum líka. Sérþjálfaður mannskapur er bæði í Reykjavík og á Akureyri. Landinu mætti skipta upp í svæði og fluginu stýrt eftir lengd og tilfellum. Tvær vélar auka öryggið þar sem önnur vélin yrði til vara. Það kerfi yrði að minnsta kosti ekki lakara en það sem notast er við í dag.

Ráðamenn koma til með að segja að þetta snúist um peninga. En eru nokkrar milljónir mikill aukakostnaður þegar um er að ræða björgun á mannslífum?

Þyrlur Landhelgisgæslunnar eru nefndar sem „backup" við þessar aðstæður. Hvernig er hægt að stóla á það? Fréttir hafa verið fluttar af því að þar sé mikill niðurskurður í rekstri eins og hjá mörgum öðrum stofnunum. Það þýðir að oft er bara ein þyrla tiltæk til að sinna landinu og miðunum. Gæslan hefur það skilgreinda hlutverk að þjóna skipaflotanum, þjónusta sem er í hættu.

Mér finnst með ólíkindum hve sjómenn og útgerðarmenn eru slakir yfir fréttunum af skerðingum í flugrekstri Landhelgisgæslunnar. Við erum með endalaust kerfi í menntun og endurmenntun sjómanna, en það stoðar lítið ef þyrlurnar komast ekki til skipanna þegar hætta steðjar að. Samkvæmt öryggisreglum má þyrla ekki fara lengra frá landi en 20 mílur þegar ekki er önnur til aðstoðar. Reglur eru settar til að fara eftir og til að tryggja öryggi þyrlna og áhafna þeirra.

Mörg tilvik hafa komið upp þar sem einungis ein áhöfn er á vakt m.a. vegna þjálfunar flugmanna og annarra áhafnarmeðlima. Frá 6. janúar n.k. í þrjá mánuði, er önnur vélin í reglubundinni skoðun og þá er einungis ein vél tiltæk. Þá eru framundan verstu vetrarmánuðirnir á sjó og ein þyrla getur einungis farið 20 mílur frá landi. Til að veita aðstoð þarf skipið að sigla á móti þyrlunni. Ef skipið verður vélarvana, þá er það ekki möguleiki. Hvernig á þá að koma neyðaraðstoð um borð? Hvað tekur það langan tíma?

Það er því falskt öryggi að telja fólki trú um að þyrlan geti verið til vara fyrir sjúkraflugið ef mikið er að gera. Landhelgisgæslan á fullt í fangi með að halda úti einni vél og áhöfn til að sinna flotanum okkar, og það aðeins ef slys eða óhöpp verða innan 20 mílna.

Með þessum skrifum vil ég gera það ljóst að sjúkraflug á Íslandi er svo sannarlega ekki í betri horfum en það var fyrir 30 árum. Þá var sjúkravél í hverjum landsfjórðungi og herinn sannaði sannarlega gildi sitt þegar mikið lá við.

Eru sjómenn, eins og við landsbyggðarfólkið, bara annars flokks þegnar? Það virðist allavega ekkert í kortunum segja mér að þessir hlutir séu í lagi hér á landi og hvað þá á sjó.

Magnaður miðvikudagur

20% aukaáfylling í dag á siminn.is



Í dag er magnaður miðvikudagur og þú færð 20% ábót þegar þú fyllir á Frelsi og Ring á siminn.is.

Þú færð meira hjá Símanum

Síminn

Gildir einungis ef fyllt er á í gegnum siminn.is

# OKKAR RÓMAÐA KONUKVÖLD

ER MIÐVIKUDAGINN 9. NÓV.

KL. 18-21

25% AF SNYRTIVÖRU

20% AF KERTUM

25% AF GLÖSUM

30% AF PÚÐUM OG GARDÍNUM

30% AF JÓLAVÖRUM

20% AF HÚSGÖGNUM

## DAGSKRÁ:



ELLEN OG KK

EVUKLÆÐI KYNNA HAUSTLÍNUNA

KYNNING FRÁ OSTABÚÐINNI, BITRUHÁLSI

LÉTTAR VEITINGAR, TILBOÐ OG DÁSAMLEG STEMMNING

ALLAR KONUR VELKOMNAR!

the PIER

SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# Betur má ef duga skal

Leikskólar

Sóley Tómasdóttir
borgarfulltrúi



Vorið 1994 markaði tímamót í sögu borgarinnar, þegar Reykjavíkurlistinn vann sigur á Sjálfstæðisflokknum í borgarstjórnarkosningum. Með félagshyggju og jafnrétti kynjanna að leiðarljósi breytti borgarstjórn þjónustu borgarinnar til hins betra. Börn og foreldrar fóru ekki varhluta af breytingunum, enda eru leikskólarnir eins og við þekkjum þá í dag að miklu leyti Reykjavíkurlistanum að þakka. Þegar Sjálfstæðisflokkurinn komst aftur í meirihluta vorið 2006 stóðu leikskólar til boða fyrir öll börn sem þá urðu tveggja ára á árinu.

Núverandi meirihluti borgarstjórnar byggir að hluta til á rótum Reykjavíkurlistans. Sjálfsmynd Samfylkingarinnar byggir að stórum hluta á afrekum Reykjavíkurlistans sem hún átti vissulega aðild að. Á því að hafa tryggt góða og öfluga leikskóla í borginni með okkur Vinstri grænum og Framsóknarflokki. Frambjóðendur Samfylkingarinnar hikuðu ekki við að fullyrða fyrir síðustu kosningar að þeir hefðu slíkan skilning á eðli skólastarfs að málaflokknum væri best komið í þeirra höndum. Og það fór sem fór. Menntamálin komust í hendur Samfylkingarinnar í umboði Besta flokksins sem einnig ber ríka ábyrgð, hafandi lofað og lofað og lofað að svíkja.

> Væru börnin tekin inn hálfu ári fyrr myndi það spara foreldrum um 240 þúsund krónur. Foreldrar kjósa leikskóla, meðal annars af fjárhagsástæðum.

**Öruggir, faglegir og ódýrir leikskólar**

Tímabilið frá því fæðingarorlofi lýkur þar til leikskólaganga hefst er erfitt bæði fyrir foreldra og börn. Þótt flestir foreldrar nýti þjónustu dagforeldra og lýsi sig ánægða með hana í könnunum þiggja allir foreldrar pláss í leikskólum um leið og þau losna.

Á leikskólum búa börn við eins öruggt umhverfi og hugsast getur. Stjórnendur leikskólanna hafa yfirumsjón með skipulagi og tryggja að alltaf sé hægt að mæta óvæntum uppákomum. Á hverri deild eru margir starfsmenn, þannig að ábyrgðin er aldrei á hendi einnar manneskju. Starfsfólk leikskólanna fær sínar kaffipásur og þess er ekki krafist að matseld og frágangur fari fram samhliða umönnun barnanna. Húsnæði leikskólanna er lagað að þörfum starfseminnar, þar sem hættur eru lágmarkaðar og innréttingar í samræmi við þarfir og getu barnanna. Sama gildir um útisvæðin. Foreldrar kjósa leikskóla, m.a. öryggisins vegna.

Á leikskólum fá börn faglegt uppeldi og menntun. Sívaxandi hlutfall starfsfólks á leikskólum hefur lokið leikskólakennaranámi og unnið er samkvæmt Aðalnámskrá þar sem áhersla er lögð á að hvert barn fái að þroskast og rækta hæfileika sína í samræmi við aldur og getu. Gætt er jafnt að andlegum sem líkamlegum þroska, starfið fer fram inni og úti, það er skapandi, krefjandi og skemmtilegt. Foreldrar kjósa leikskóla, m.a. vegna þess faglega starfs sem þar fer fram.

Fyrir leikskóla borga foreldrar í sambúð um 22 þúsund krónur og einstæðir foreldrar um 13 þúsund. Algengt verð hjá dagforeldrum er um 63 þúsund fyrir sambúðarfólk en um 50 þúsund fyrir einstæða foreldra. Það er sem sé u.þ.b. 40 þúsund krónum ódýrara fyrir foreldra að hafa börn sín á leikskólum en hjá dagforeldrum. Væru börnin tekin inn hálfu ári fyrr myndi það spara foreldrum um 240 þúsund krónur. Foreldrar kjósa leikskóla, meðal annars af fjárhagsástæðum.

**Inn með börnin**

Á vef Reykjavíkurborgar birtist fréttatilkynning í gær um að verið væri að kanna möguleika á inntöku barna sem fædd eru árið 2010 á næsta ári. Árið sem þau verða tveggja ára. Fréttatilkynningin er viðbragð við mikilli gagnrýni á ákvörðun meirihlutans um að láta á annað hundrað leikskólaplássa standa auð í allt haust í stað þess að hefja inntöku árgangsins. Það er þó til marks um mikla nauðvörn þegar sendar eru út fréttatilkynningar um óbreytt ástand. Það er ekkert nýtt við það að börn sem verða tveggja ára á árinu fái inngöngu í leikskóla. Þvert á móti er það með því seinna sem gerist.

Á Íslandi ríkir enn kreppa. Atvinnuleysi er meira en gengur og gerist, fjárhagsstaða fjölskyldna er slæm og staða barna viðkvæmari en ella. Við slíkar aðstæður þurfa allir að hjálpast að. Hlutverk borgarstjórnar er að skerpa enn á forgangsröðun og tryggja fleiri leikskólapláss sem myndi bæta fjárhagsstöðu fjölskyldna og draga úr atvinnuleysi.

Við Vinstri græn erum stolt af að hafa tekið þátt í að byggja upp góða leikskóla fyrir börnin í borginni. En við viðurkennum að kerfið er ekki fullkomið og viljum gera betur. Við viljum áfram styrkja leikskólana og bæta þjónustuna, stytta bilið frá fæðingarorlofi þar til leikskólaganga hefst. Við viljum nýta tækifærið sem nú gefst, nýta húsnæðið sem stendur autt, nýta starfskraftana sem ekki eru nýttir og bæta menntun barnanna í borginni. Jafnvel þótt það kosti niðurskurð annars staðar.

# „Þessi hlerunarárátta er alvarlegt mál“

Hleranir

Smári McCarthy
verkefnastjóri hjá IMMi



Árið 2005 lagði Sturla Böðvarsson, þáverandi samgönguráðherra, fram frumvarp til breytinga á lögum um fjarskipti þar sem meðal annars var bætt við 3. mgr. 42. gr. núgildandi fjarskiptalaga sem fjallar um það sem kallað hefur verið gagnageymd. Ákvæðinu var bætt við að ósk ríkislögreglustjóra en útfærð að fyrirmynd umræðu sem hafði þá staðið yfir í ráðherraráði ESB um að gögn um uppruna- og endastað fjarskipta, tímalengd og tímasetningar þeirra og gagnamagn væru geymd.

Færð voru rök fyrir því að varðveisla á öllum upplýsingum um fjarskipti allra aðila á landinu væru nauðsynleg til að sönnunargögn á refsiverðu athæfi væru til staðar við upphaf rannsóknar, frekar en að þeirra yrði aflað sem hluti af rannsókn. Gagnageymd var síðar tekin upp í ESB en hefur síðan þá verið hnekkt með dómsúrskurðum í Rúmeníu og Þýskalandi.

Gagnageymd er í raun forvirk rannsóknarheimild sem skapar alvarlega hættu fyrir friðhelgi einkalífsins. Þessi hætta hefur verið gerð ljós af ýmsum aðilum, til dæmis í umsögn persónuverndarfulltrúa Evrópusambandsins, þar sem segir að ekki hefur verið sýnt með nægilega skýrum hætti fram á nauðsyn gagnageymdar, að gagnageymd hefði verið framkvæmanleg á vægari hátt, svo sem gegn persónuverndarsjónarmiðum, og að tilskipunin hafi skilið eftir of mikið svigrúm fyrir túlkun af hálfu ákæruvaldsins. Það er ekki hægt að sjá annað en að öll þessi atriði eigi líka við í íslenska tilfellinu.

Ein helstu rökin fyrir gagnageymd hafa verið gagnsemi hennar við rannsóknir á hryðjuverkum, en samkvæmt samþykkt svokallaðrar Reykjavíkursamþykktar Evrópuráðs eru töluverðar áhyggjur af því að ýmis lagasetning í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Madríd 2003 og London 2004 hafi ekki tekið nægilegt tillit til grundvallarmannréttinda svo sem tjáningarfrelsis, eða meðalhófsreglu.

Í raun hafa þessi geymdu gögn verið notuð fyrst og fremst í þágu rannsókna á fíkniefnabrotum. Þrátt fyrir að þessar rannsóknir séu tvímælalaust mikilvægur þáttur í framfylgd laga vakna spurningar um hvort meðalhófsreglu sé nægilega vel sinnt með þessari nálgun. Tölfræði frá þýsku lögreglunni sýnir að gagnageymd hafi ekki haft nein marktæk áhrif á fjölda upplýstra mála, og sér í lagi ekki á fjölda alvarlegra upplýstra glæpa. Skýrsla sem samtökin European Digital Rights (EDRi) unnu sýndi að af sex milljónum glæparannsókna á ári í Þýskalandi voru innan við 0,01% mála þar sem rannsóknir breyttust verulega vegna skorts á geymdum gögnum. Var sýnt þar að áður en að gagnageymd kom til sögunnar upplýstust 71% mála þar sem fjarskipti eða internetnotkun kom við sögu, sem var þó þegar mun meira en þau mál sem upplýstust þar sem engin fjarskipti komu við sögu, eða um 55%.

Í skýrslu sem lak frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fyrr á þessu ári var því haldið fram að gagnageymd væri mikilvægur liður í rannsóknum og uppljóstrun glæpa, en hvergi í sömu skýrslu komu fram sannanir á því að það sé tilfellið. Stjórnvöld hafa hvergi getað fært nægjanleg rök fyrir stórfelldum og stöðugum njósnum um alla 500 milljónir íbúa Evrópusambandsins, svo ekki sé minnst á hina rúmlega 318.000 íbúa Íslands. Að meðaltali var sérhver Evrópubúi skráður vegna gagnageymdar einu sinni á sex mínútna fresti árið 2010 – það er að segja, hver einasti ríkisborgari er skrásettur í gagnagrunn að meðaltali 225 sinnum á dag.

Í stuttu máli er gagnageymd kostnaðarsöm aðgerð, brýtur í bága við mannréttindi og er mæta gagnslaus. Í umræðu um þetta í Alþingi 2005, þar sem þessu var þröngvað í gegn með lítilli umræðu, útskýrði Jón Bjarnason þetta mjög svo fallega: „Þessi hlerunarárátta, frú forseti, er alvarlegt mál.“ Það er kominn tími til að hætta þessu.




# Dagrenning

Stjórnmál

Sverrir Hermannsson
fv. alþingismaður



Lifandi skelfingar ósköp er niðdimm þoka búin að umlykja Sjálfstæðisflokkinn undanfarin misseri: Seðlabankinn hættur að gefa út hin arðvænu Ástarbréf; Hannes Hólmsteinn leystur frá störfum sem ráðsmaður um fjármál og efnahagsmál ríkisins; Kjartani gert ómögulegt að stunda arðsöm viðskipti við S-menn um banka og verðbréf þeirra; bankaráð Seðlabanka séð eftir Helga horska í 15 – fimmtán – heimsreisur eftir að hann hafði starfað að gullgreftri um árabil; einkavinurinn Halldór Ásgrímsson flúinn úr landi, maðurinn sem stjórnaði flokki „sem getur verið stoltur af verkum sínum“, vann ávallt „eftir bestu sannfæringu“ og „samstarf hans og Davíðs Oddssonar í ríkisstjórn var þjóðinni einkar gæfuríkt“ svo vitnað sé orðrétt í Sjálfstæðisflokksþingmanninn Illuga Gunnarsson; og Finnur Ingólfsson að bíða eftir fundarlaunum vegna sjóðs Samvinnutrygginga, sem hann og félagar hans fundu á förnum vegi.

Má raunar segja að „ragnarökur“ hafi gengið í garð í Valhöll Sjálfstæðisflokksins, eða eins og Snorri segir:

*„Sól mun sortna,*
*sökkur fold í mar,*
*hverfa af himni*
*heiðar stjörnur.“*

En nú mun „ragnarökur“ um þann garð gengið, eða eins og Hárr segir í Gylfaginningu: „Upp skýtur jörðinni þá úr sænum og er þá græn og fögr. Vaxa þá akrar ósánir.“

Kögunarhólsmaður Fréttablaðsins telur nú færi á að mynda nýjan pólitískan öxul með Sjálfstæðisflokki, Kögunarerfingja Framsóknarflokksins og Steingrími Samherjafóstra.

Þegar uppeldisdóttir Valhallarmanna er sezt í formannsstól Sjálfstæðisflokksins munu uppalendur hennar taka við völdum á nýjan leik: Kjartan mun þá strax skipaður formaður bankaráðs Landsbanka Íslands til að einkavæða bankann á nýjan leik; Hólmsteinn settur seðlabankastjóri og undireins hafin hátíðarútgáfa Ástarbréfa; Helgi horski skipaður varaformaður á báðum stöðum; Halldór kallaður til landsins að annast úthlutun veiðileyfa án keypis, og endurreisa „Mónu“ á Hornafirði í von um frekari afskriftir; mælar Orkuveitu Reykjavíkur keyptir af Finni fyrir 100 – eitt hundraðmilljarða króna til þess sérstaklega að hann hafi undan ef krónan skyldi taka upp á að rýrna rétt eina ferðina enn.

„Og þá verður bylting í ríki útvaldra,“ eins og Þórbergur segir í lok bréfs til Láru.

*Og kátt í hárri Val-höll.*

# Stjórnmál og hagfræði

## Ný bók eftir Tryggva Þór Herbertsson




*„Greinar Tryggva eru heiðarleg glíma við afleiðingar fjármála- hrunsins og önnur brýn pólitísk og efnahagsleg viðfangs- efni. Hann skrifar af yfirgripsmeiri þekkingu en flestir aðrir stjórnmál- amenn og þótt maður sé ekki alltaf sammála honum er röksemda- færslan alla jafna vönduð."*

**Ólafur Stephensen,**
ritstjóri Fréttablaðsins



**Tryggvi Þór Herbertsson**

*„Það er fengur að þessu greina- safni. Í því fæst gott yfirlit um framlag Tryggva til skrifa um hagfræði og stjórnmál undanfarin ár. Hann er einn af fáum þing- mönnum sem skrifa mikið og bókin ber það með sér að hann á létt með það. Hann setur skoðanir sínar fram með skýrum og skipulegum hætti. Jafnframt er ljóst að hann þekkir viðfangsefnið vel."*

**Benedikt Jóhannesson,**
ritstjóri Vísbendingar.

*„Tryggvi Þór sameinar brjóstvit stjórnmálamannsins við innsýn fræðimannsins. Umræða um íslensk stjórnmál og efnahagsmál yrði allt önnur og betri ef fleiri tækju til máls á opinberum vett- vangi af skynsemi. Tryggvi Þór hefur verið ótrúlega afkastamikill á ritvellinum síðustu ár og greina- safnið er hvalreki á fjörur allra sem hafa áhuga á pólitík og hagfræði."*

**Óli Björn Kárason,**
ritstjóri T24

bokafelagid.is

BÓKAFÉLAGIÐ

# Hvað kostar velferðartryggingin?


Ný stjórnarskrá



Jón Þór Ólafsson
meðlimur Stjórnarskrárfélagsins


Allt er til staðar til að við getum lifað við mikla velferð á Íslandi. Hátt menntastig og gott verkvit, miklar auðlindir á hvert mannsbarn, fín atvinnutæki og ágætt samgöngukerfi. Allt er til staðar nema regluverk sem tryggir að spilling eigi erfitt uppdráttar og sé auðvelt að uppræta. Án slíkra reglna verður aldrei nema tímabundin velmegun og velferð á Íslandi.

Spilling þreifst vel innan vébanda núverandi stjórnarskrár og gerir enn. Hún tryggir ekki að heiðarleg vinna skili velferð. En mun stjórnarskrárfrumvarp Stjórnlagaráðs koma betri böndum á spillingu? Til að takmarka og uppræta misbeitingu almannavalds þarf stjórnarskrá alla vega að tryggja þessi 6 atriði:

**1.** Valdheimildin skal takmörkuð. Frumvarp Stjórnlagaráðs gengur skrefi lengra en núverandi stjórnarskrá við að takmarka vald svo það brjóti ekki mannréttindi. Við það bætist að tíu prósent kjósenda geta krafist þjóðaratkvæðis um þau lög sem Alþingi hefur samþykkt sem ekki snerta skatta, fjárlög, ríkisborgararétt og alþjóðasamninga (65. og 67. gr.). Forsetinn heldur óskertum málskotsrétti og getur áfram sent öll lög þingsins til þjóðarinnar (60. gr.). Þetta er töluverð takmörkun á valdheimild ráðamanna.

**2.** Valdaframsal skal vera lýðræðislegt. Í dag geta kjósendur valið milli flokka sem fá atkvæði m.a. í krafti fjármagns frá fyrirtækjum. Samkvæmt frumvarpi Stjórnlagaráðs hafa kjósendur bæði val á milli flokka og frambjóðenda (39. gr.). Kjósendur geta líka átt frumkvæði að lögum sem sett skulu í þjóðaratkvæðagreiðslu, sem þó þarf ekki að vera bindandi (66. og 67. gr.). Flestir landsmenn vilja að lög um fjármál stjórnmálaflokka banni fyrirtækjum að styrkja flokka og frambjóðendur. Þar sem kjósendur geta valið persónur verður hættulegt fyrir þingmenn að hafna afgerandi niðurstöðu þjóðaratkvæðis þótt hún sé ráðgefandi. Þetta þýðir lýðræðislegra valdaframsal með meira vali kjósenda og minni áhrifum fjármagns á endanum.

**3.** Valddreifing skal vera víðtæk. Löggjafarvaldið kýs í dag framkvæmdarvaldið sem svo skipar dómsvaldið. Framkvæmdarvaldið situr á þingi og foringjar stjórnarflokkanna ráða ríkjum. Í frumvarpi Stjórnlagaráðs er eftirlitshlutverk Alþingis aukið gagnvart ráðherrum (63. og 93. gr.), sem sitja ekki lengur á þingi, og skipan ráðherra á dómurum er háð samþykki forseta Íslands eða 2/3 hluta Alþingis (96. og 102. gr.). Þetta er ekki víðtæk valddreifing en skref í rétta átt.

**4.** Valdbeiting skal vera gegnsæ. Ráðamenn geta í dag af geðþótta haldið gögnum leyndum fyrir kjósendum. Með frumvarpi Stjórnlagaráðs skulu gögn í fórum stjórnvalda vera aðgengileg almenningi án undandrátta (15. gr.). Gagnsæi má þó setja skorður með lögum í lýðræðislegum tilgangi. Kjósi þingmenn að halda upplýsingum leyndum verða þeir að gera það með lögum sem við kjósendur getum hafnað og breytt. Gegnsæi valdbeitingar er vel tryggt.

**5.** Valdumboð skal vera afturkallanlegt. Eina leið kjósenda í dag til að kalla aftur umboð sitt eru fjöldamótmæli. Frumvarp Stjórnlagaráðs gerir ekki ráð fyrir því að hluti þjóðarinnar geti farið fram á þjóðaratkvæði um þingrof til að afturkalla valdumboð sitt. Hins vegar getur þjóðin stöðvað að miklu störf Alþingis með neitunarvaldi sínu svo þingmenn eigi þann kost skástan að reka ríkisstjórnina eða rjúfa þing (91. og 73. gr.). Valdumboð verður áfram ekki formlega afturkallanlegt en óformlega verður það auðveldara.

**6.** Valdsmisnotkun skal vera refsiverð. Í dag þarf meirihluti þingmanna að samþykkja ákæru vegna valdsmisnotkunar. Landsdómur dæmir svo til refsingar. Samkvæmt frumvarpi Stjórnlagaráðs skipar stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis saksóknara sem getur ákært ráðherra fyrir embættisbrot (95. gr.). Lög, sem kjósendur geta samið og samþykkt, skulu svo ákveða hver sé ábyrgð embættisbrjóta. Þetta er hænuskref sem óljóst er hvort nokkru breyti í raun.

Með nýju stjórnarskránni getum við kjósendur þar að auki samið og samþykkt lög um fjölmiðla, kvótakerfið og verðtrygginu. Nýja stjórnarskráin er velferðartrygging og hún kostar þig bara:

**1.** Þrýsting á þingmenn um að setja frumvarp Stjórnlagaráðs óbreytt í þjóðaratkvæðagreiðslu og að gefnu samþykki þjóðarinnar að kjósa með frumvarpinu fyrir næstu kosningar.

**2.** Ef þingmenn verða ekki við óskum kjósenda þurfum við að þrýsta á fyrrum Stjórnlagaráðsliða að bjóða fram í næstu alþingiskosningum.

**3.** Að kjósa svo með frumvarpi Stjórnlagaráðs, eða framboði ráðsliða ef þess er þörf.

Nýja stjórnarskráin gerir okkur mögulegt að lifa við velferð í landinu okkar. Hún er ekki fullkomin en hún er góð velferðartrygging og góð kaup.

> Spilling þreifst vel innan vébanda núverandi stjórnarskrár og gerir enn. Hún tryggir ekki að heiðarleg vinna skili velferð. En mun stjórnarskrárfrumvarp Stjórnlagaráðs koma betri böndum á spillingu?

# Sársauki sálarinnar og minningar


Minningar



Ingólfur Harðarson
frumkvöðlafræðingur


Kæri Kristinn Jens Sigþórsson, sóknarprestur, mig langar að þakka þér fyrir að sýna alþjóð hvernig aðstæður okkar fórnarlamba er í raun og veru. Þú endurspeglar svo vel hvernig er tekið á móti okkur þegar við opnum á okkar mál. Þú útskýrir á einstakan hátt hvernig meirihluti fagfólks vinnur og ástæðuna fyrir því að við erum ekki komin lengra með meðhöndlun á afleiðingum þess sem henti okkur. Hvar málaflokkurinn er staddur.

Ég tek fyllilega undir alvarleika rangra ásakana, þær eru eins og mannsmorð. Samfélagið okkur hefur sett upp stofnanir sem fara með rannsóknir á hverju máli fyrir sig og þeirra hlutverk er að draga fram sannleikann í málum. Það hafa orðið verulega miklar framfarir í þeim málaflokki á undanförnum árum og er það mikið fagnaðarefni þó ýmislegt eigi eftir að laga. Mál Guðrúnar Ebbu var rannsakað og niðurstaða liggur fyrir. Ég þekki Guðrúnu Ebbu og hennar sögu og ég trúi henni.

Kveikja að þessum skrifum mínum er hvernig þú fjallar um minningar, trúverðugleika þeirra og meðhöndlun. Rétt eins og líkamlegur sársauki er að segja okkur að við þurfum að kanna rót sársaukans þá er sársauki sálarinnar að segja okkur hvað við þurfum að vinna í innra með okkur. Í báðum tilfellum er eitthvað að stjórna okkar lífi og það er aldrei vel. Sársauki sálarinnar er minningatengdur. Við þurfum að meðhöndla minningarnar af kærleika og ábyrgð, þær eru brothættar og viðkvæmar. Til þess að losna við sár og afleiðingar minninganna þurfum við að fara inn í þær, ekki til að dvelja þar heldur til að vinna með þær. Var þetta raunveruleiki eða tilfinningaleg upplifun. Ekki neitum við krabbameinssjúklingi um að skoða meinið, það er enginn munur þarna á, meinið drepur í báðum tilfellum.

Mínar minningar voru grafnar í um 40 ár. Ég var misnotaður kynferðislega, oftar en einu sinni. Minningarnar ollu mér sálarkvölum. Þetta var mein sem skaðaði mig. Til að losna við meinið þurfti ég að vinna með það. Samskiptaverkfærið við meinið er minning. Það verður að vinna með minningarnar til að komast að meininu, greina þær niður og skoða þær til að fá frelsi frá þeim. Sárin þurftu að fá að gróa og heilast til að ég gæti losnað frá sársaukanum og hin þrjú atriðin gat ég lagt frá mér. Án þessa gat ég ekki haldið áfram með mitt líf.

Ástæðurnar fyrir því að minningar eru grafnar og/eða bældar veit ég ekki og sennilega enginn. Ég er mikið búinn að ræða við Guð um þetta. Af hverju þjáðist ég svona mikið, svona lengi? Og fleira í þeim dúr. Eins og þú veist kæri Kristinn þá bænheyrir Guð okkur þegar við tölum við hann. Svarið sem birtist mér er eftirfarandi:

„Barnið sem er grafið innra með mér þarf að geta treyst mér, í núinu, til að fara með þessi mál. Það þarf að fá að sjá og treysta því að ég geti höndlað það sem er grafið innra með því. Að ég geti unnið úr því sem henti það, komið því út úr sársaukanum og veitt því frelsi. Ég veit að það elskar mig og hefur verndað mig öll þessi ár, annars væri það búið að segja mér hvað kom fyrir það fyrir löngu. Ég ætla að gera mitt besta til að verða fær um að taka við sögu þess og veita því frelsi frá sársaukanum. Ég ætla að sýna því sömu ást og það hefur sýnt mér. Það er til lausn á öllu.“

Allir þeir sem fjalla um þessi mál eru að tala við mig og mjög mikinn fjölda fólks sem er fast inni í myrkri minninga og minnisleysis, líklega um 15% þjóðarinnar. Fólk með svo brotna sjálfsmynd að það efast um allt sem því finnst, man og gerir. Á sama tíma þjáist það af gríðarlegum sársauka sem það veit ekki hvaðan kemur, lífið virkar ekki. Kæri Guðs maður, þú ert að tala við um það bil 45 þúsund sálir, börn Guðs.






# „Gömlu dagana gefðu mér“


Fjármál



Viktor A. Guðlaugsson
leiðsögumaður


Ég er einn af þeim sem hafa verið í hálfgerðri „depressjon“ undanfarin misseri og saknað gömlu góðu daganna, þegar við græddum á tá og fingri og gátum keypt allt sem auga og hönd á festi með vildarkjörum. Við áttum fjármálasnillinga á heimsmælikvarða og lögðum metnað okkar í að auka hagvöxt og hlífðum okkur hvergi.

Við áttum líka afburða stjórnmálamenn sem vissu hvað okkur þegnunum var fyrir bestu og þeir ásamt bönkum, fjármálafyrirtækjum og kaupahéðnum lögðu sig í framkróka um að leiðbeina okkur um hvernig best mætti ráðstafa þeim miklu afgangstekjum sem flestir höfðu til ráðstöfunar og voru í vandræðum með að koma í lóg.

Með dyggri aðstoð auglýsenda og fjölmiðla tókst þó að leysa þetta vandamál og við gátum keypt hlutdeild í fjölmörgum arðvænlegum fyrirtækjum svo sem bönkum og sparisjóðum auk ýmissa smærri hluta svo sem lóða, jeppa, sumarhúsa og rafdrifinna hjónarúma.

Sem betur fór þurftum við aldrei að hugsa um hvað þetta kostaði heldur bara hve mikið við þurftum að borga á mánuði og þar sem launin voru alltaf að hækka og kjörin að batna var það svo sem ekkert vandamál.

Allra hagstæðast var svo auðvitað að þurfa ekki að borga þetta í íslenskum krónum heldur í jenum, svissneskum frönkum, dollurum eða evrum og þar sem þetta voru frekar ómerkilegir gjaldmiðlar miðað við hina sterku íslensku krónu var þetta ákjósanlegur kostur.

Nú um stundir finnst mér illa vegið að þessum brautryðjendum velferðarinnar sem margir hverjir hafa nú lagst út eða sæta illri meðferð af yfirvöldum sem þó eru ekki lengur dönsk.

En nú hillir undir betri tíma. Opnur dagblaða og flatskjáir landsmanna auglýsa á ný vildarkjör frá handhöfum nýrra kennitalna. Því skulum við nú grípa tækifærið og þar sem mikil eftirspurn er eftir hagvexti er t.d. upplagt að kaupa sér allt að 10 ára gamlan bíl á frábærum lánakjörum þar sem afföll, viðgerðarkostnaður og vextir eru kjörin leið til að auka hagvöxt og stuðla þar með að auknum lífsgæðum í þessu landi. Ergo: Geymdur eyrir er hvort sem er glataður.



**Jógahátíð** verður haldin í Jarðböðunum í Mývatnssveit á föstudag og laugardag og gefst þar tækifæri til að kynnast ýmsum tegundum andlegrar iðkunar. Kundalini-jógakennarinn Harpa Barkardóttir og Arnbjörg Kristín Konráðsdóttir leiða viðburðina. Sjá nánar á www.alkemia.is og www.jogaivatni.is

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457










Eyþór Sigurðsson ferðaþjónustubóndi og Bjarni Sigurður Grétarsson smiður brugðu sér í borgaferð.



# Létu símann vísa veginn

MYND/BJARNI SIGGI

Þetta var mjög gaman og auðvitað heilmikill lærdómur fyrir okkur sveitamennina að ferðast svona í lestum bæði ofan- og neðanjarðar," segir Eyþór Sigurðsson ferðaþjónustubóndi glaðlega en hann er nýkominn úr þriggja vikna ferð til sex Evrópuborga ásamt Bjarna Sigurði Grétarssyni smiði. Þeir flugu fyrst til London og þaðan til Búdapest, tóku næturlest frá Búdapest til Prag og aðra frá Prag til Krakár. Þaðan héldu þeir til Varsjár og síðasta borgin sem þeir heimsóttu var Berlín, þaðan sem þeir flugu heim aftur. „Við stoppuðum þrjá til fjóra daga á hverjum stað og skoðuðum helstu kennileiti og áhugaverða staði," segir Bjarni Sigurður. Þeir nefna kastalahæðirnar í Búdapest og Prag, saltnámuna í Wieliczka við Kraká, Berlínarmúrinn og ýmis söfn. „Svo er Auschwitz auðvitað mjög dramatískur staður."

Ferðafélagarnir eru æskuvinir og eiga heima á Hofi í Öræfum. Eyþór leigir út smáhýsi í Lækjarhúsum (lækjarhus.is) og Bjarni Sigurður vinnur við smíðar og

;FRAMHALD | 4




| | Kcal | prótein | fita | kolvetni |
|---|---|---|---|---|
| Fitness burrito | 395 | 22.4 | 12.7 | 47.1 |
| Quesadillas m.kjúkl og öllu | 513 | 39.1 | 23.3 | 44.8 |
| Quesadilla Special | 612 | 39.4 | 30.1 | 46.4 |
| Tostada BBQ | 677 | 38.3 | 23.4 | 73.5 |
| Tostada Rucola | 632 | 24.1 | 22.7 | 42.2 |
| Burrito Ultimo | 620 | 33.7 | 19.2 | 76.9 |
| SantaFe m.kjúkling | 420 | 25.0 | 28.6 | 15.5 |
| SantaFe | 327 | 12.5 | 24.1 | 15.5 |
| Hot´nSweet m.kjúkling | 385 | 16.5 | 24.0 | 25.2 |
| Hot´nSweet | 292 | 4.0 | 19.5 | 25.2 |
| Tacos harðar m.nautahakki | 383 | 24.9 | 20.2 | 24.0 |



**Jólin eru, ótrúlegt en satt,** á næsta leiti og um að gera að fara að sanka að sér því sem þarf svo umframútgjöldin verði ekki öll í desember. Gott er að ljúka jólapappírs- og merkimiðakaupum sem fyrst og lauma jafnvel stöku gjöf í innkaupapokann til að létta sér lífið í jólaösinni.





Hefur þú starfað við framreiðslu og vilt ljúka námi í greininni?

Ertu starfandi í þessari grein?

Hefur þú áhuga á að ljúka því námi sem þú hófst?

**Raunfærnimat - framreiðslu** er tilraunaverkefni sem miðar að því að meta færni sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið, óháð því hvernig hennar hefur verið aflað. Markmiðið er að þátttakendur í verkefninu fari í skóla og ljúki sveinsprófi.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við **IÐUNA fræðslusetur** í síma **590-6400**.

Nánari upplýsingar er að finna á: **www.idan.is /radgjof.**
Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið **radgjof@idan.is.**

Verið er að vinna samskonar verkefni í bílgreinum, húsasmíði, múraraiðn og málaraiðn.

IÐAN fræðslusetur

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS




Soffía Stefánsdóttir og Greta Önundardóttir innan um markaðsmuni sem verða til sölu í Veislusalnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Unnið í anda kærleikans

**Að láta gott af sér leiða tilheyrir undirbúningi jólanna. Markaður sem Svölurnar halda í Veislusalnum Skógarhlíð 20 um helgina er í þeim anda. Ágóðinn rennur til Guðmundar Felix Grétarssonar rafvirkja, sem ætlar að láta græða á sig nýja handleggi í stað þeirra sem hann missti í vinnuslysi fyrir 14 árum.**

„Það verða margir vandaðir og fallegir hlutir á markaðinum, skrautmunir, föt, fylgihlutir og allt mögulegt. Við höfum tekið á móti mörgum góðum gjöfum og fengið loforð um fleiri," segir Soffía Stefánsdóttir. Hún er í Svölunum, félagi fyrrverandi og núverandi flugfreyja og flugþjóna, sem heldur markað næsta laugardag og sunnudag í Veislusalnum í Skógarhlíð 20, áður Ými. Opið verður báða dagana frá 10 til 18.

Allur ágóði af markaðinum rennur til Guðmundar Felix Grétarssonar, sem missti báða handleggi í vinnuslysi fyrir fjórtán árum. Guðmundur er á förum til Frakklands í handleggjaágræðslu, það er mjög kostnaðarsöm aðgerð en hún flokkast undir tilraunalækningar og nýtur því ekki opinberra styrkja.

„Guðmundur er yndislegur maður og hann hefur þjóðina með sér," segir Soffía. „Okkur Svölum hefur verið mjög vel tekið þar sem við höfum leitað eftir stuðningi við markaðinn og boðið fólki og fyrirtækjum að vera með í að styrkja Guðmund. Það er gefandi að vinna með góðum félögum að þessu verðuga verkefni og finna samhug úr öllum áttum," lýsir hún.

Soffía tekur fram að Svölur verði í Veislusalnum á föstudag að taka á móti varningi á markaðinn. Hún segir söfnunina hafa byrjað strax í júní innan félagsins og að sumir hafi keypt hluti erlendis sérstaklega til að leggja í púkkið. Nefnir líka framlög í formi fatnaðar frá bæði fyrrverandi og núverandi eigendum fyrirtækisins 66 °Norður. „Þetta munum við selja og hvetjum sem flesta til að mæta á markaðinn um helgina og gera hagstæð kaup um leið og þeir leggja góðu málefni lið."

*gun@frettabladid.is*



„Guðmundur er yndislegur maður og hann hefur þjóðina með sér," segir Soffía. Það má meðal annars sjá á þeim mikla fjölda markaðsmuna sem hefur safnast.

## Krossgáta í helgarblaðinu



Ekki missa af krossgátunum sem birtast vikulega í helgarblaðinu. Þær eru efnismiklar, fjölbreyttar og skemmtilegar áskoranir fyrir unnendur góðra orðaþrauta.



Í verðlaun verður vegleg gjafakarfa að verðmæti 5.000 kr. frá Te og Kaffi.

Allt sem þú þarft


Hugsaðu vel um fæturna



Í meira en hálfa öld hafa milljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK® sér til heilsubótar. Hvað um þig?
Teg: Arisona. Verð: 12.885,-
Stærðir: 36-48

BIRKENSTOCK

Misty skór
Laugavegi 178

Vertu vinur

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugard. 10-14.

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00




TÍSKA



Sölufulltrúar:
Jóna María
jmh@365.is 512 5473
Brynja Dan
brynjadan@365.is 512 5465
Snorri
snorris@365.is 512 5457



**Verslunin Lindex** verður opnuð í Smáralind á laugardag. Lindex er ein stærsta verslanakeðja Svíþjóðar og rekur 430 verslanir í 14 löndum. Hún er talin einn helsti keppinautur Hennes & Mauritz. Verslunina á Íslandi reka þau Albert Þór Magnússon og Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir.



# Rekaviðurinn hefur persónulega merkingu fyrir mig

**Helga Mogensen var ein þeirra sem sýndu á sýningunni Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þar sýndi hún skartgripi unna úr fiskiroði og rekaviði sem hún tínir sjálf norður á Ströndum þar sem hún dvaldi oft á sumrin sem barn.**

Þetta eru hlutir sem eru búnir til úr rekavið sem ég tíni norður á Ströndum,“ segir Helga Mogensen skartgripahönnuður, sem vakið hefur athygli fyrir frumlega og persónulega skartgripi sína. „Ég nota rekaviðinn og fiskiroð í bland,“ segir Helga. „Þetta eru nælur, hálsmen og eyrnalokkar og það sem ég legg áherslu á er samspil lita og áferðar. Ég saga rekaviðinn niður, blanda fiskiroðinu inn í og bý til gripi sem eru sambland af þessu tvennu. Heildarmyndin verður að henta mínum augum og ég vinn þetta allt út frá hjartanu, annars virkar það ekki.“

Helga hefur notað rekaviðinn í skartgripina allt frá námsárunum og segir hann hafa sérstaka merkingu fyrir sig. „Bæði litirnir og áferðin höfða sterkt til mín og hafa alltaf gert. Fjölskylda mín hefur farið norður á Strandir á hverju sumri síðan ég man eftir mér og tengslin við staðinn þar sem ég tíni rekaviðinn gefa gripunum aukna merkingu.“

Helga lærði skartgripahönnun við Listaháskólann í Edinborg, útskrifaðist 2007 og hefur síðan tekið þátt í sýningum bæði heima og erlendis. Gripirnir hennar eru mjög sérstakir og liggur því beint við að spyrja hvernig viðtökurnar hafi verið. „Skartgripunum hefur verið mjög vel tekið,“ segir hún. „Ég er með fastan kúnnahóp sem er alltaf að stækka og þeir sem byrja að kaupa skartgripi frá mér koma aftur og aftur.“

*fridrikab@frettabladid.is*



Helga Mogensen skartgripahönnuður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Hálsmen úr rekaviði af Ströndum.



Næla með mismunandi viði.

# Hreinsar úr skúffum

**Sunna Dís Másdóttir heldur fatamarkað á Prikinu og losar sig við yfirfullar skúffur.**

„Geymslan mín er að springa! Þetta verður karmahreinsun,“ segir Sunna Dís Másdóttir, blaðamaður og bóksali, en hún blæs til fatamarkaðar á fimmtudaginn á Prikinu. Sunna flutti til Flateyrar fyrir rúmu ári með allt sitt hafurtask. Nú hefur hún pakkað niður öllu sem henni hefur áskotnast fyrir vestan og er á leiðinni til Indlands í þrjá mánuði. Hún þurfti því að hreinsa úr skápunum.



Sunna Dís Másdóttir er fatamarkaðafíkill og blæs til markaðar á Prikinu á fimmudaginn.

„Þarna verður allt mögulegt og ómögulegt – fullt af vintage-kjólum, dót úr Topshop og Mango og H&M og Spúútnik og Day Birger et Mikkelsen og föt af mörkuðum erlendis. Ég er nefnilega dálítill fatamarkaðafíkill sjálf og á þess vegna nógu mikið af dóti til að geta haldið slíkan upp á eigin spýtur,“ segir hún hlæjandi. Markaðurinn verður opnaður klukkan 14 og stendur til 18. *- rat*











**Fræðandi Gönguferð.** Næsta laugardag verður gengið með Helga Gunnlaugssyni prófessor við HÍ framhjá sögufrægum öldurhúsum í miðbæ Reykjavíkur. Háskólinn og Ferðafélag Íslands hafa staðið fyrir fræðandi gönguferðum á árinu í tilefni aldarafmælis Háskólans. Gangan hefst klukkan 14 við Stjórnarráðshúsið.












Framhald af forsíðu



Bjarni Sigurður á Karlsbrúnni í Prag. MYND/EYÞÓR



Eyþór í hinni fögru borg Búdapest. MYND/BJARNI SIGGI

býr í Hofskoti. Þegar Bjarni Sigurður spurði Eyþór í sumar hvort hann væri til í að skreppa með honum til London komst hann að því að Eyþór var með enn villtari drauma og þeir hófu þegar að undirbúa borgaferð og lesa sér til. Enda segjast þeir aldrei hafa lent í neinu veseni úti, jafnvel þó að leiðbeiningar á lestarstöðvum hafi verið á framandi málum í fyrrverandi austantjaldslöndunum. „Bjarni Sigurður á snjallsíma með GPS tæki og við settum pílur á áhugaverða staði áður en við fórum að heiman. Svo gátum við látið símann vísa okkur veginn. Það kom sér oft vel þegar við komum út úr lestarstöðvum að vita í hvaða átt við snerum,“ segir Eyþór.



Kastalahæðin í Búdapest vakti athygli félaganna.

Spurðir hvort þetta hafi verið dýr ferð svarar Eyþór. „Við fórum ekkert fram úr áætlunum í eyðslu. Matur og drykkur var ódýr í Austur-Evrópu, þrátt fyrir að krónan okkar sé eins og hún er. Bjór á veitingastað kostar til dæmis 280 krónur í Póllandi en 900 hér heima.“

Þeir félagar telja það þægilegan ferðamáta að taka næturlestir. Með því sparist bæði hótelherbergi og að eyða degi í lestarferð. „Næturnar í lestunum voru fljótar að líða en við vorum sex tíma milli Varsjár og Berlínar að degi til og vorum farnir að líta á klukkuna á fimm mínútna fresti eftir tvo tíma. Samt vorum við að hlusta á tónlist og reyna að dreifa huganum.“ Eyþór segir kostinn við lestarferðir líka þann að lestarstöðvarnar séu yfirleitt í miðborgunum og í göngufæri frá hótelum og annarri þjónustu, öfugt við flugvelli. „Þegar maður er á leið á næsta áfangastað röltir maður út á stöð, biður um svefnklefa og vaknar í nýrri borg í nýju landi.“ *gun@frettabladid.is*








Bílamálun er löggilt iðngrein. MYND/PJETUR

## Kennsla í bílamálun

Borgarholtsskóli í Grafarvogi er eini skólinn á Íslandi sem kennir bílamálun. Þar stunda nú tuttugu og sex manns nám. Á heimasíðu skólans er náminu lýst:

Bílamálun er löggilt iðngrein. Meðalnámstími er þrjú ár að meðtöldu grunnnámi bíliðna, samtals fjórar annir í skóla og 32 vikna starfsþjálfun. Meginmarkmið námsins er að gera nemendum kleift að öðlast þekkingu og færni til að gegna störfum bílamálara einkum við málun hvers kyns ökutækja og meðhöndlun tilheyrandi efna. Náminu lýkur með sveinsprófi er veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs. *- gun*

# FYRIRTÆKJAGJAFIR

MIÐVIKUDAGUR 9. NÓVEMBER 2011 | **Kynningarblað** Hugmyndir, matur, góðgerðamál, kjötmeti, gjafakort, gleði.




Gjafakörfurnar fást í ýmsum útgáfum og er hægt að velja í þær að villd. Boðið er upp á kjöt af ýmsu tagi, sósur, konfekt og kaffi. MYND/GVA

**HÉR MÁ SJÁ NOKKUR DÆMI UM GJAFAKÖRFUR KJÖTBANKANS.**













# Gómsætur glaðningur

**Veglegar matargjafir koma flestum vel og þykja mikil búbót. Með því að velja Kjötbankann geta fyrirtæki verið viss um að starfsmenn haldi inn í jólin með bros á vör.**

Kjötbankinn býður upp á alls kyns góðgæti fyrir jólin sem fer vel í jólapakka starfsmanna. „Við erum með þetta hefðbundna eins og hamborgarhrygg, hunangsristaða jólaskinku og tvítaðreykt hangikjöt en einnig sólberjaverkað lambalæri, lambafille með ferskum kryddjurtum og nautasteikur," segir Signý Sigurvinsdóttir, sölumaður Kjötbankans, en henni finnst margir vera farnir að skipta út söltuðu og reyktu kjöti fyrir ferskleikann. „Þá erum við með mikið úrval af frábærum forréttum eins og grafið naut, grafið lamb og innbakað hreindýra- og gæsapaté en þess má geta að gæsapateið okkar vann til gullverðlauna í fagkeppni sem haldin var á Hilton hóteli í sumar. Þá erum við með gómsæta villibráð á borð við grafnar gæsabringur, heitreyktar gæsabringur og heitreyktar andabringur," segir Signý Sigurvinsdóttir, sölumaður Kjötbankans.

> **Við gerum hvað við getum til að körfurnar henti viðskiptavinum okkar sem best og þjóni væntingum þeirra og kröfum. Þá vinnum við að því hörðum höndum að efla þjónustu við viðskiptavini okkar og koma inn á markaðinn með nýjar vörur.**

Hún segir Kjötbankann í mikilli sókn sem stendur, en nýir eigendur tóku við í vor. „Síðan hefur verið unnið að því hörðum höndum að endurvekja orðstír Kjötbankans og koma nafni þessa rótgróna fyrirtækis á þann stall sem það á heima. Í því skyni er í ár boðið upp á glæsilegar gjafa- eða jólakörfur sem enginn ætti að verða svikinn af. Þar eru sérvaldar kjötkrásir frá Kjötbankanum, sósur, sultur og fleira frá Kjötkompaníinu, sérblandað kaffi frá Te & kaffi, konfekt frá Nóa Síríus og rauðvín frá Mekka," segir Signý og því er hægt að fá heildarpakka sem inniheldur allt sem til þarf: forrétt, aðalrétt og eftirrétt.

Signý segir mikinn metnað lagðan í að gera körfurnar sem glæsilegastar úr garði. „Við gerum hvað við getum til að þær henti viðskiptavinum okkar sem best og þjóni væntingum þeirra og kröfum. Þá vinnum við að því hörðum höndum að efla þjónustu við viðskiptavini okkar og koma inn á markaðinn með nýjar vörur. Í byrjun október vorum við með fyrirtækjakynningu þar sem við kynntum nýjar vörur og sjáum fyrir okkur gera meira af því. Við leggjum áherslu á ferskleika og fagmennsku en það eru einkunnarorð fyrirtækisins."




# Í þágu fatlaðra barna og ungmenna

**Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra hefur að meginmarkmiði að efla fötluð börn og ungmenni til þátttöku í samfélaginu. Ár hvert lætur félagið framleiða Kærleikskúlu og jólaóróa og rennur allur ágóði af sölunni óskiptur í starfsemi þess.**

Þetta er mörgum mikilvæg þjónusta, sem eflir ekki aðeins og kætir heldur hjálpar þessum krökkum að fóta sig betur í lífinu," segir Berglind Sigurgeirsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.

Eitt af verkefnum félagsins er rekstur Æfingastöðvarinnar að Háaleitisbraut 13 þar sem fer fram ein umfangsmesta iðju- og sjúkraþjálfun barna á landinu. „Árlega koma hingað í kringum 850 börn og ungmenni upp í átján ára aldur. Samtals eru kringum 30.500 komur á ári þannig að þjónustan er vel nýtt," segir Berglind og bætir við að ástæðurnar fyrir komum séu jafn misjafnar og þær eru margar. „Hingað koma allt frá ungbörnum sem þurfa aðstoð við að læra að ganga upp í fjölfatlaða einstaklinga, einnig koma til dæmis börn með AD/HD (ofvirkni) og bjóðum við þá til að mynda upp á hópþjálfun til að efla þau í félagsfærni."

Berglind segir ekki síður vinsælar sumardvalir og helgardvalir í Reykjadal sem félagið hefur haft umsjón með frá árinu 1963. Þar dvelja árlega í kringum 200 börn og ungmenni alls staðar af landinu.

„Þessar dvalir eru börnunum og aðstandendum þeirra afar mikilvægar og fyrir sumum eru heimsóknirnar einn af hápunktum ársins," segir Berglind og getur þess að á síðasta ári hafi þó minnstu munað að vetrardvalirnar yrðu lagðar niður. „Því vissulega eru dvalirnar kostnaðarsamar, meðal annars þar sem umönnunarþyngstu einstaklingarnir þurfa einn stuðningsaðila hver. Til allrar hamingju tókst starfsfólkinu með samstilltu átaki að safna fyrir vetrarstarfinu í Reykjadal og halda því gangandi."




Berglind segir Kærleikskúluna og jólaóróann Leppalúða tilvaldar fyrirtækjagjafir, bæði fyrir starfsfólk og viðskiptavini en þeim fylgir bæklingar á íslensku og ensku. MYND/GVA



## Verk eftir Yoko Ono

Að sögn Berglindar sýnir þetta vel mikilvægi þess að fjáraflanir félagsins gangi vel. En sala Kærleikskúlunnar og jólaóróans eru einar stærstu fjáraflanir Styrktarfélagsins.

„Ágóðinn af sölu á Kærleikskúlunni hefur farið í rekstur starfsemi SLF í Reykjadal. Útgáfa hennar hófst árið 2003 og úr er orðið gott safn listaverka eftir marga af okkar þekktustu listamönnum," bendir Berglind á og bætir við að í ár hafi félagið fengið sjálfa Yoko Ono til liðs við sig. „Yoko var ekki lengi að slá til þar sem henni finnst mikilvægt að hver og einn leggi sitt af mörkum til mannúðarmála. Þetta var hennar leið," útskýrir Berglind og getur þess að Kærleikskúlan sé munnblásin og gerð í takmörkuðu upplagi. Hún verður seld í takmarkaðan tíma, dagana 5.-19. desember.

## Sameinar hönnun, ritsnilld, menningararf og gott málefni

Þá nefnir Berglind að félagið hafi undanfarin ár með hjálp góðra aðila látið hanna og framleiða jólaóróa til stuðnings þróunar- og uppbyggingarstarfi á Æfingastöðinni að Háaleitisbraut.

„Við höfum í þessi sex ár sem óróinn hefur verið framleiddur verið svo heppin að fá til liðs við okkur þekkta hönnuði og ljóðskáld sem leitt hafa saman hesta sína við túlkun á jólasveinunum og þeirra fylgdarliði. Núna fengum við Ingibjörgu Hönnu Bjarnadóttur hönnuð og Ingibjörgu Haraldsdóttur ljóðskáld í lið með okkur við gerð óróans, sem er sá sjötti í röðinni en þær stöllur völdu sér Leppalúða sem viðfangsefni," útskýrir Berglind og getur þess að óróarnir séu framleiddir hjá Geislatækni í Garðabæ og þeim pakkað hjá Vinnustofunni Ási.

„Verkefnið er því atvinnuskapandi og sameinar íslenska hönnun, ritsnilld, menningararf og gott málefni," segir hún.

Berglind tekur fram að búðirnar sem selji kúlurnar og óróann geri það án þóknunar en þetta eru helstu lífsstíls- og gjafavöruverslanir á landinu auk Póstsins og kveðst veita nánari upplýsingar í síma 535-0900. Þær megi einnig nálgast á www.slf.is.














**ABC súkkulaði gefur 5 fátækum börnum máltíð**

*Falleg gjöf sem gleður og nærir - tilvalin í jólakörfur*

**500 kr./stk.** (magnafsláttur)

ABC barnahjálp · Síðumúla 29 · 108 Reykjavík · sími 414 0990 · abc@abc.is · www.abc.is

**ABC-SÚKKULAÐI GEFUR FIMM BÖRNUM MÁLTÍÐIR**

- **ABC barnahjálp** er íslenskt hjálparstarf með höfuðstöðvar hér á landi og er 95% fjármagnað frá Íslandi.
- **ABC** kostar framfærslu og skólagöngu um 12 þúsund fátækra barna í Afríku og Asíu sem annars hefðu ekki tækifæri á menntun.
- **Vegna** gengishruns íslensku krónunnar hefur ABC þurft að hætta að gefa skólamáltíðir í mörgum skólum sínum.
- **Til að freista þess** að koma skólamáltíðum aftur á og mæta brýnustu þörfum barna hefur ABC látið framleiða sérinnpakkað súkkulaði.
- **Hvert** súkkulaðistykki kostar 500 krónur og með því er hægt að gefa fimm börnum máltíð.
- **ABC** súkkulaði er falleg tækifærisgjöf og tilvalin í jólakörfur.
- **Á abc.is** má finna börn sem vantar stuðningsaðila og mismunandi leiðir til að leggja lið.


**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmenn auglýsinga:** Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is s. 512 5429. | **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.



Rúnar Gíslason, yfirmatreiðslumaður Kokkanna veisluþjónustu, segir gjafakörfurnar afar vinsælar, sérstaklega hjá fyrirtækjum sem gefi þær starfsmönnum sínum í jólagjöf. MYND/ANTON

# Körfurnar girnileg gjöf fyrir sælkera

**Leiðin að hjarta mannsins er í gegnum magann. Því eru gjafakörfur fylltar af góðgæti fyrirtaks jólagjöf. Kokkarnir veisluþjónusta bjóða margar gerðir af sælkerakörfum.**

Við bjóðum upp á hefðbundnar ostakörfur með ostum frá MS en erum einnig með ýmsa sælkeravöru og vörur sem við búum til sjálfir. Þessu blöndum við saman á margvíslegan máta í girnilegar gjafakörfur,“ segir Rúnar Gíslason, yfirmatreiðslumaður hjá Kokkunum veisluþjónustu. Hjá Kokkunum má finna þréttán mismunandi körfur af öllum stærðum og gerðum og í öllum verðflokkum. „Þá getur fólk einnig sérpantað körfur með því góðgæti sem það vill helst,“ upplýsir Rúnar. Hann bendir á heimasíðuna www.kokkarnir.is þar sem hægt er að sjá mynd af öllum körfunum, innihald þeirra og verð. „Þá getur fólk líka haft samband og fengið tilboð í stærri pakka.“




Meðal þess sem Kokkarnir bjóða upp á í sínum sælkerakörfum má nefna paté, reykta villigæs, reyktan lax og ýmsar sósur sem þeir búa til sjálfir. „Þar má nefna valhnetuhunang með ostunum, hindberjavinaigrette með gröfnu gæsinni og piparrótarsósu með reykta laxinum. Þá bjóða Kokkarnir einnig upp á Cumberland-sósu og mangó- og epla-chutney. „Við viljum hafa ákveðnar áherslur í sósunum og byrjuðum þess vegna að laga þær sjálfir,“ segir Rúnar og minnist á að fólk geti einnig valið erlenda osta í körfurnar.

Gjafakörfurnar hafa Kokkarnir útbúið frá árinu 2003 og hafa vinsældir þeirra verið töluverðar. „Við fundum fyrir smá lægð í kringum hrunið en nú hefur þetta farið upp á ný,“ segir Rúnar og getur þess að helst séu það fyrirtæki sem kaupi körfurnar í jólagjafir starfsmanna en einnig kaupi margir körfur fyrir sína nánustu.

Rúnar segir millidýru körfurnar vinsælastar. „Fólk vill hafa þetta svolítið einstakt og gefa vörur sem ekki endilega er hægt að kaupa í búð allan ársins hring,“ segir hann.

Kokkarnir eru til húsa að Funahöfða 7. Upplýsinga má leita á vefsíðunni www.kokkarnir.is, í síma 5114466 eða gegnum tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is

## *Smáréttahlaðborð í körfu*

Kokkarnir byrjuðu fyrir tveimur árum að þróa sérstakar körfur í gjafakörfulínu sína. „Við vildum bjóða upp á körfur sem jafnframt væru nokkurs konar smáréttahlaðborð,“ útskýrir Rúnar yfirmatreiðslumaður. „Þegar þú opnar körfuna kemur upp úr kafinu fallega áprentaður matseðill með orðsendingu: Einhver sem þykir vænt um þig hefur ákveðið að gefa þér dýrindis sælkeraveislu,“ lýsir Rúnar. Á matseðlinum eru upplýsingar um innihald körfunnar auk þess sem þar eru góð ráð um hvað gera megi við hráefnið og hvað passi best saman. „Við byrjuðum að fikta í þessu í hittifyrra en í fyrra varð þetta orðið mjög vinsælt,“ segir Rúnar. Hann bendir á að körfurnar með smáréttahlaðborðinu séu númer 7, 8, 9 og tíu á vefsíðunni www.kokkarnir.is.





# Ávísun á töfrastund

**Leikhúsmiðar njóta sífellt meiri vinsælda sem gjöf til starfsmanna og viðskiptavina frá fyrirtækjum. Að þessu sinni er hægt að velja um þrjú mismunandi kort til jólagjafa í Þjóðleikhúsinu, almennt gjafakort sem gildir á allar sýningar leikhússins á almennu verði, sérstakt gjafakort á söngleikinn Vesalingana og hið þriðja á barnasýninguna Litla skrímslið og stóra skrímslið.**

Við bjóðum í ár eins og undanfarin ár gjafakort í Þjóðleikhúsið til jólagjafa,“ segir Sigurlaug Þorsteinsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri Þjóðleikhússins. „Í ár bjóðum við þrjár mismunandi gerðir korta. Fyrst ber að telja almennt gjafakort, sem gildir á allar sýningar í Þjóðleikhúsinu fyrir utan söngleiki. Sá sem fær kortið velur þá sýningu sem hann er spenntastur fyrir. Hægt er að nýta kortið á söngleiki ef mismunur er greiddur.

Síðan erum við með sérstök gjafakort á söngleikinn Vesalingana sem frumsýndur verður í byrjun mars. Þetta er einn vinsælasti söngleikur allra tíma, stórsýning með fjölda framúrskarandi leikara, söngvara og tónlistarmanna. Til gamans má geta að verið er að undirbúa tvö hundruð leikbúninga fyrir sýninguna. Þorvaldur Bjarni er tónlistarstjóri og Selma Björnsdóttir leikstýrir. Leikhópurinn er skipaður leikurum og söngvurum í fremstu röð. Þór Breiðfjörð sem hefur sungið í söngleikjum á West End og farið með stór hlutverk söngleikjabókmenntanna leikur aðalhlutverkið. Meðal annarra leikara eru Vala Guðnadóttir, Eyþór Ingi, Örn Árnason og Egill Ólafsson en Egill fór einmitt með sama hlutverk og Þór leikur nú þegar verkið var sett upp í Þjóðleikhúsinu fyrir 23 árum við miklar vinsældir.“

Þriðja gerðin af kortum sem við bjóðum fyrir þessi jól er gjafakort á barnasýninguna Litla skrímslið og stóra skrímslið sem verður frumsýnd á milli jóla og nýárs. Leikritið er byggt á skrímslabókum Áslaugar Jónsdóttur, sem notið hafa mikilla vinsælda. Mörg fyrirtæki leggja áherslu á fjölskylduvænar gjafir, þannig að þetta kort er alveg upplagt fyrir þau.“

Sigurlaug segir gjafakortin njóta æ meiri vinsælda sem fyrirtækjagjafir enda séu þau á sérstökum kostakjörum fyrir jólin og fyrirtækin fái magnafslátt af miðaverði. „Þetta eru sívinsælar jólagjafir og henta vel fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum, þar sem þiggjandinn velur hvernig hann nýtir sér gjafakortið. Í Þjóðleikhúsinu er fjölbreytt úrval verka í boði og allir ættu að geta fundið eitthvað sem fellur að þeirra smekk. Það er líka alltaf hátíðlegt að koma í Þjóðleikhúsið þannig að í raun er verið að gefa töfrastund.“

Sigurlaug segir það vera orðna fasta hefð hjá mörgum í aðdraganda jólanna að fara með fjölskylduna á Leitina að jólunum í Þjóðleikhúsinu og mörg smærri fyrirtæki bjóði starfsmönnum á sýninguna í stað þess að halda jólaball fyrir börnin. „Þetta aðventuleikrit, Leitin að jólunum, hefur notið stöðugra vinsælda frá frumsýningu og verður nú sýnt í sjöunda sinn. Í sýningunni ferðast áhorfendur um leikhúsið og börnin fá því að kynnast ýmsu sem þau sjá ekki í venjulegri leikhúsferð. Þetta verk er hugsað fyrir krakka frá þriggja ára aldri og upp úr og margar fjölskyldur koma ár eftir ár, geta ekki hugsað sér aðventuna án þessarar heimsóknar í Þjóðleikhúsið.“

> **Þiggjandinn velur hvernig hann nýtir sér gjafakortið. Í Þjóðleikhúsinu er fjölbreytt úrval verka í boði og allir ættu að geta fundið eitthvað sem fellur að þeirra smekk.**



Sigurlaug Þorsteinsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri Þjóðleikhússins. MYND/ANTON






Menningarkort Reykjavíkur er tilvalin jólagjöf segir Jón Gnarr borgarstjóri. MYND/ARNÞÓR

# Listileg og góð gjöf

**Menningarkort Reykjavíkur er listileg og góð jólagjöf en það veitir aðgang að listasöfnum borgarinnar og að Borgarbókasafninu í heilt ár auk 200 annara viðburða.**

Menningarkort Reykjavíkur er nýjung sem menningarstofnanir Reykjavíkur hófu útgáfu á í byrjun þessa árs, sem hagkvæman og aðlaðandi kost fyrir alla sem vilja njóta menningar í borginni. Óhætt er að segja að viðtökur hafi verið góðar, en þegar hafa rúmlega 8.000 kort selst.

„Menningarkort Reykjavíkur er tilvalin jólagjöf handa þeim sem vilja sækja sér metnaðarfulla og innihaldsríka upplifun allan ársins hring,“ segir Jón Gnarr, borgarstjóri í Reykjavík.

Menningarkort Reykjavíkur er árskort sem veitir aðgang að Listasafni Reykjavíkur: Hafnarhúsi, Kjarvalsstöðum og Ásmundarsafni. Þá veitir kortið aðgang að Minjasafni Reykjavíkur: Árbæjarsafni og Landnámssýningunni og handhafar Menningarkortsins fá einnig bókasafnskort í Borgarbókasafni Reykjavíkur.

„Með kortinu fær fólk að auki aðgang að rúmlega 200 viðburðum og fræðsludagskrám stofnananna og ýmis önnur fríðindi,“ segir Jón, en gegn framvísun Kortsins fæst afsláttur í verslunum og á veitingastöðum safnanna, í Viðeyjarferju og -stofu, Menningarmiðstöðinni Gerðubergi, Ljósmyndasafni Reykjavíkur og af árskorti Borgarleikhússins, svo eitthvað sé nefnt.

Verði kortsins er haldið í algjöru lágmarki, en það kostar aðeins 5.000 kr. Frítt er fyrir börn upp að átján ára aldri og eldri borgarar þurfa hvorki að greiða fyrir aðgang að ofangreindum söfnum né fyrir bókasafnskort.

Hægt er að kaupa Menningarkort Reykjavíkur hjá Borgarbókasafni Reykjavíkur, Listasafni Reykjavíkur og Minjasafni Reykjavíkur. Þá er allar upplýsingar um kortin að finna á vefsíðunni www.menningarkort.is, en einnig má hafa samband við Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar í síma 590 1508.




SS fremstir fyrir bragðið

# Girnilegt úrval af jólapökkum frá SS

SS býður upp á fjölbreitt úrval af gómsætum jólagjöfum fullum af ómissandi hátíðarmat. Gjöfunum er pakkað fallega inn og afhentar fyrirtækinu sem pantar gjafirnar.

Fullkomnar sælkeragjafir.

FABRIKAN



## Pantanir eru í síma: 575-6000 og 892-7029

jolagjafir@ss.is



*Kynntu þér úrvalið af SS jólapökkum á www. ss.is*



## KERTI OG SPIL

Varla fyrirfinnast þjóðlegri gjafir en kerti og spil, eins og ort er um í fyrsta erindi hins klassíska íslenska jólalags Bráðum koma blessuð jólin. Hvort tveggja er tilvalin gjöf um þessar mundir, kerti til að lýsa upp í myrkrinu og spil sem stytta stundir í skammdeginu.


Ostakarfa frá Ostahúsinu

Tilvalin jólagjöf fyrir fyrirtæki og einstaklinga

Ostahúsið býður upp á fjölbreytt úrval af ostakörfum ásamt glæsilegum gjafaöskjum. Útbúum allar körfur með vínflösku sé þess óskað.






Allar körfur eru pakkaðar í sellófan með fallegri slaufu

Nánari upplýsingar og pantanir:
www.ostahusid.is, og í síma 565 3940
Einnig á netfangið ostakorfur@ostahusid.is


# Leyndardómsfullir vinir á vinnustað

**Leynivinaleikir eiga auknum vinsældum að fagna á vinnustöðum enda létta þeir andrúmsloftið í svartasta skammdeginu.**

Leynivinur hefur það hlutverk að gauka smágjöfum eða öðru gleðilegu að vinnufélaga sínum alla aðventuna. Slíkur glaðningur þarf ekki að vera stór eða dýr, áherslan er á að gleðja.

Ein leið til að hefja leynivinaleikinn er að skrifa nöfn allra starfsmanna á miða og svo dregur hver og einn úr hattinum nafn vinnufélagans sem hann á að gleðja.

Gott er að ræða í upphafi leiksins hve umfangsmiklar gjafirnar megi vera svo ekki sé farið offari í kostnaði.

Hér eru nokkrar hugmyndir af fallegum gjöfum sem gleðja:

Skrifaðar orðsendingar með fallegum skilaboðum sem laumað er á skrifborð geta gert gæfumuninn á löngum og ströngum vinnudegi.

Flestir elska súkkulaði og því er ekki úr vegi að pakka inn einum eða fleirum konfektmolum fallega inn og gauka að leynivininum.

Malt og appelsín er alltaf klassískt.

Morgunverðarbakki með ferskum ávöxtum, kaffi og heitu smjördeigshorni myndi vafalaust falla í góðan jarðveg hjá öllum.

Sniðugir pennar geta samið gátur og stungið að vini sínum. Þær gætu bent á hvar næstu gjöf væri að finna eða ýjað að því hver leynivinurinn sé.

Auðvelt er að búa til nýtt netfang og nota það til að senda vini sínum leynilegar kveðjur eða tengla á falleg jólalög.

Umfang gjafanna skiptir minnstu máli. Það er eins og svo oft hugurinn sem gildir.








Finnur þú ekki **réttu jólagjöfina** fyrir starfsfólkið?

Gjafakort Arion banka er hægt að nota hvar sem er. Þú velur fjárhæðina, starfsmaðurinn velur gjöfina. Gjafakortin eru án endurgjalds til fyrirtækja fram að jólum.

**Komdu í næsta útibú Arion banka eða pantaðu gjafakortin á vef bankans.**





arionbanki.is — 444 7000

Arion banki



Don Draper í Mad Men myndi ekki sætta sig við neitt hálfkák í jólaveislunni.

## VINNUSTAÐAPARTÍ MEÐ MAD MEN ÞEMA

**Mad Men** þema hefur notið vaxandi vinsælda í jólaveislum bandarískra fyrirtækja undanfarin ár. Þá mætir starfsfólk í klæðnaði sem dregur dám af klæðnaði persónanna í þáttunum Mad Men, skreytingarnar eru nákvæm eftirlíking þess sem tíðkaðist í kringum 1960 og gjafirnar eru í ekta Mad Men-stíl.

Einhver starfsmaður er látinn leika hæfilega hífaðan jólasvein sem hefur í poka sínum kokkteilhristara og hárblásara með tígrismunstri fyrir dömurnar og rakstursáhöld og sígarettukarton fyrir herrana, auk þess sem allir fá að sjálfsögðu viskíflösku. Jólatréð er silfurlitað og barinn skreyttur með rauðu og grænu. Til að kóróna stemninguna er einboðið að láta Connie Francis og Andy Williams sjá um tónlistina, sem einskorðast að sjálfsögðu við alkunna jólalagara.





Smákökur væru í verðlaun fyrir jólahreingerningu á vinnustað.

### JÓLAHREINSUNARDAGUR

**Svokallaður hreinsunardagur** er víða haldinn á vinnustöðum og starfsmenn leggjast þá á eitt við að laga til. Þá er oft slegið á létta strengi, blásið til skemmtiatriða og verðlaun veitt þeirri deild eða hóp sem best lagar til og skreytir hjá sér. Misjafnt er hvenær ársins þessi dagur er haldinn og hvort fyrirtæki halda hann yfirleitt en jólahreinsunardagur gæti verið skemmtileg hugmynd á aðventunni. Starfsmenn hjálpuðust þá að við að gera jólahreingerningu í sinni deild og setja upp jólaskraut. Verðlaun fyrir best skreyttu deildina gætu svo verið karfa full af mandarínum, jólaöli og smákökum.











Starfsmenn geta lagt í púkk og komið með litla pakka skömmu fyrir jól sem síðan er deilt út. Þá er góður göngutúr í fallegu nágrenni borgarinnar, svo sem Heiðmörk, andlega nærandi á aðventunni.

# Jólaleg stund í vinnunni

Mörg fyrirtæki halda einhvers konar litlu jól fyrir starfsmenn sína á aðventunni eða þá að starfsmenn taka sig saman og gera sér glaðan dag einhvern tíma í aðdraganda jóla. Hér koma nokkrar hugmyndir að gleðilegum degi með vinnufélögunum.

### Langt hádegi í Heiðmörk

Á fallegum vetrardegi í desember mætti skipuleggja góðan göngutúr í Heiðmörk enda svæðið ekki síður fallegt á veturna. Eftir góða göngu, þar sem allir eru sjálfsagt dúðaðir, væri hægt að setjast í einhvern lund, draga heitt kakó fram sem haft er meðferðis og piparkökur. Fyrir utan að útivera er andlega nærandi er gaman að sjá umhverfi borgarinnar að vetri til. Um leið má safna könglum í aðventukransinn eða öðru sem fallið hefur til jarðar.

### Gamaldags „grunnskóla" litlu jól

Einhverjar muna eflaust eftir þeirri hefð sem margir grunnskólabekkir höfðu að hver nemandi kom með litla gjöf með sér einn dag fyrir jól, sem öllum var svo deilt af handahófi til nemenda. Starfsmenn á einstökum deildum stærri vinnustaða eða þá starfsmenn fyrirtækisins í heild í þeim minni, gætu haft slík lítil jól. Hægt væri að miða við ákveðið verð, að engin gjöf væri dýrari en sem nemur til dæmis 1.000 krónum.

### Morgunmatur að hætti jóla

Sniðugt er að breyta morgunfundi í allsherjar morgunjólaverðsveislu þar sem allir starfsmenn geta haft eitthvað meðferðis og lagt í púkk. Sniðugt er að einhverjir taki að sér að kaupa malt og appelsín, einhverjir sæju um sætabrauð, piparkökur eða smákökur, hangikjötssalat og brauð er gott með og hvaðeina sem fólki dettur í hug. Um leið væri hægt að spila jólalög eða hlusta á eitthvað fallegt.




## KÖKUR FYRIR ALLA

**Jólastressið fer** misilla með fólk og oft er rafmagnað andrúmsloft á vinnustöðum á aðventunni. Til að létta andrúmsloftið getur verið góð leið að byrja vinnudaginn, morguninn eftir andvökunótt við baksturinn, á að hafa eitthvað af smákökunum með sér í vinnuna og bjóða og vinnufélögunum að smakka með morgunkaffinu. Það er miklu erfiðara að vera stuttur í spuna og viðskotaillur á meðan ljúffeng smákaka bráðnar á tungunni.










Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri segir fjölsóttustu náttúruperlur landins komnar að þolmörkum á ákveðnum árstímum og bregðast verði við auknum ferðamannastraumi með aukinni verndun þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Virðum þolmörk Íslands

**Ferðaútgáfa National Geographic og ferðabókarisinn Lonely Planet hafa bæði valið Ísland og Reykjavík sem langmest spennandi áfangastaði veraldar á nýárinu. Ferðamálastjóri segir að bregðast þurfi við.**

„Umfjöllunin er frábær en alltaf betra að telja fuglana þegar bókunartölur sýna sig. Hins vegar er alveg ljóst að verði enn frekari aukning á komu erlendra ferðamanna til landsins þarf að gera mýmargt til að bregðast við,“ segir Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri á Ferðamálastofu.

Hún segir landið ekki taka endalaust við og sums staðar sé komið að þolmörkum náttúru og ferðafólks.

„Í upphafi tíunda áratugarins supu menn hveljur þegar 130 þúsund ferðamenn voru áætlaðir hingað. Í október nú hafði yfir hálf milljón ferðamanna heimsótt landið og sífellt bætist við. Því þarf að bregðast við með margvíslegum hætti ef ferðamönnum á að geta fjölgað enn meira,“ segir Ólöf.

Hún útskýrir að almennt sé sagt að þolmörk ferðaþjónustu skiptist í fjögur svið: umhverfi, þjónustu, heimamenn og ferðamenn.

„Ferðamenn eru ósáttir við að borga Íslandsferð ef þeim finnst þeir svo standa á þúfu með þúsund öðrum í íslenskri náttúru. Náttúran hefur enn mesta aðdráttaraflið og þar þarf okkur að takast að byrgja brunninn áður en barnið dettur ofan í hann. Þegar eru fjölsóttustu ferðamannastaðirnir komnir að þolmörkum á háannatíma og því þarf að dreifa ferðafólki víðar í tíma og rúmi, eða skipuleggja markvisst að geta tekið við fleirum,“ segir Ólöf.

Ferðamálastofa vinnur með aðilum ferðaþjónustunnar að þróun gæða- og umhverfiskerfisins Vakans, ásamt því að vinna að kortlagningu tækifæra sem gagnast munu í stefnumótun ferðaþjónustuaðila og landshluta.

„Svo upplifun og væntingar ferðamanna standist er mikilvægt að tryggja gæði og fagmennsku með framboði þjónustu, gistingar, upplýsingaveitu og fleiru. Einnig þurfum við að fá ferðamenn til Íslands árið um kring og tryggja aukna dreifingu þeirra um landið svo atvinnugreinin byggist upp á sjálfbæran hátt, en dreifing þeirra virðist þrengri í ár en oft áður, sennilega í kjölfar kreppunnar.“

Á dögunum tók Framkvæmdasjóður ferðamannastaða til starfa. Samkvæmt lögum er markmið og hlutverk hans að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða í opinberri eigu eða umsjón um land allt.

„Sjóðnum er ætlað að lyfta grettistaki í uppbyggingu fjölsóttra ferðamannastaða og fjölga viðkomustöðum til að draga úr álagi á fjölsótta ferðamannastaði,“ útskýrir Ólöf.

Hún segir þegar unnið ötult starf í verndun umhverfis, sem og uppbyggingu áfangastaða í náttúru og þéttbýlum landsins.

„Víða um heim er fjöldi gesta takmarkaður um svæði með því að hleypa inn í hollum, og ýmsar leiðir færar til að stýra þessu. Þetta hefur ekki verið í mikilli umræðu hér, en bæði hið opinbera og aðilar í ferðaþjónusturekstri eru meðvitaðir um verndun auðlinda sinna og ég vænti þess að áfram verið góð samvinna og frjóar samræður um þessa hluti.“ *thordis@frettabladid.is*



Virgin Galactic, sem er meðal annars í eigu auðkýfingsins Richards Branson, er á meðal fyrirtækja sem ætla að bjóða ferðamönnum upp á geimferðir á næstu árum. Fyrirtækið hefur í hyggju að byggja nokkra geimflugvelli, meðal annars í Nýju-Mexíkó og Svíþjóð.

www.visindi.is

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Nýtt námskeið
hefst 11. nóvember



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414

Geymslu-
og dekkjahillur

kr.15.990.-
viðbótareining kr. 11.357.-



í bílskúrinn,
geymsluna,
heimilið
og fyrirtækið

Þessar hillur geta allir sett saman
Skrúfufrítt og smellt saman

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á
WWW.ISOLD.IS

OPIÐ 08:00 - 17:00



BYLGJAN 989 25 ÁRA
Heimir & Kolla vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA

HEILSÁRS- OG VETRARDEKK

UMHVERFISVÆNNI KOSTUR FYRIR FÓLKSBÍLA OG JEPPA

DÆMI UM FRÁBÆR TILBOÐ Á INTERSTATE HEILSÁRS- OG VETRARDEKKJUM

VERÐIN ERU FYRIR FJÖGUR DEKK ÁSAMT UMFELGUN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 175/65 R14 | 45.900 kr. | 195/65 R15 | 55.900 kr. |
| 185/65 R14 | 49.900 kr. | 205/55 R16 | 63.900 kr. |
| 185/70 R14 | 49.900 kr. | 245/75 R16 | 99.800 kr. |
| 185/65 R15 | 51.900 kr. | 225/45 R17 | 73.900 kr. |

VIÐ EIGUM FLESTAR STÆRÐIR DEKKJA Á HAGSTÆÐU VERÐI.
HAFÐU SAMBAND TIL AÐ FÁ VERÐ Í DEKK FYRIR BÍLINN ÞINN.

VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING MASTERCARD VISA

INTERSTATE TIRES



Interstate heilsárs- og vetrardekkin eru umhverfisvænni kostur. Munstrið inniheldur minna magn af mengandi olíum og uppfyllir evrópska staðla um efnisinnihald hágæða hjólbarða.

568 2020 SÍMI | RAUÐHELLU 11 HFJ | HJALLAHRAUNI 4 HFJ
DUGGUVOGI 10 RVK | AUSTURVEGI 52 SELFOSS | PITSTOP.IS WWW

pitstop



### Sjálfskiptur !!!

Hyundai Sonata 2.0 árg '98, ekinn aðeins 140þús, skoðaður 2012, sjálfskiptur, álfelgur, góður bíll sem að lítur vel út og er gott að keyra, verð: 420þús, Tilboðsverð aðeins 290þús stgr, s:659-9696

## 500-999 þús.



Suzuki Vitara JLX 4x4 2000 árg. ek 192 þ.km Sjálfsk. negld vetradekk sumardekk fylgja ný tímareim nýsk 2012 Verð 590 þús uppl 8572696

## Bílar óskast

### Óska eftir bíl 25-250þús á borðið !

Óska eftir bíl fyrir allt að 250þús. staðgreitt, fólksbíl eða smábíl. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. s. 691 9374.

### !!! 0-250þús staðgreitt !!!

Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 659-9696.

### Bíll óskast á 25-250þús.

Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

Óska eftir bíl, 30-150 þús. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 868 8565.

## Bílaþjónusta

Frumherji

Söluskoðanir Frumherja

Ertu að kaupa bíl? Taktu ekki óþarfa áhættu. Láttu frekar greina ástand bílsins með ítarlegri söluskoðun hjá Frumherja. Skoðunin kostar 9.900. Ekki þarf mikið til að söluskoðun borgi sig margfalt.

Fáðu aukna vissu í bílakaupin með söluskoðun Frumherja.

Tímapantanir í síma 570 9090

Frumherji – örugg bifreiðaskoðun

## Sendibílar

Sendibílastöðin hf

Bílstjórarnir aðstoða

553 5050

**Allt frá umslagi upp í stórflutninga!**

568 5000 NS NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vinnuvélar

Allir varahlutir og þjónusta fyrir JCB vinnuvélar Sími 527-2600 www.Vélavit.is



LIPRIR OG VEL BÚNIR BÍLKRANAR OG VÖRUBÍLAR Í HVERS KYNS HÍFINGARVINNU. DS-LAUSNIR ehf 561-8373 www.dslausnir.is

## Bátar

BÁTAR OG SKIPASALAN BÚNAÐUR

Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www.batarogbunadur.is

## Vespur






### Tilboð 14.900 kr.

Vorum að fá nýja sendingu af okkar vinsælu Ál-römpum, fyrir flestar tegundir bíla. Taka allt að 150kg. Verð 37,500 kr. Tilboð núna 14.900 kr. Örfá stk eftir! Qpsinport Laugarvegur 168, s. 567 1040.

## Varahlutir

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.




### Bílapartasala

Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

### Varahlutavaktin Sími 555 6666

Erum að byrja rífa H1 (starex), Peugeot '02, Golf '98-'05, WV Passat '98-'00, Pajero '92-00 Accent '98. Grand vitara XL7 '03. Benz '88-'05, Landrover Discovery '98. Fiat Stilo '04 Yaris '04. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á staðnum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

### VW - Skoda - Varahlutir

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

### Faglærðir Píparar

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

### Pípulagnir

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Vy-þrif ehf.

öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

### A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.




Sölufulltrúar:
**Jóna María**
jmh@365.is 512 5473
**Brynja Dan**
brynjadan@365.is 512 5465
**Snorri**
snorris@365.is 512 5457

## Bílar til sölu

Opið mánud til fös 10 til 18
laugard frá 12 til 15
lokað á sunnud

567 2277 NÝJA www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Nú getur þú fjármagnað allt að 10 ára gamla Bíla hjá ERGO



TOYOTA Land cruiser 120 lx. Árgerð 2006, ekinn 170 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**TILBOÐ 3.490.ÁSETT VERÐ 3.990.** Rnr.111674.



VW Passat highline. Árgerð 2006, ekinn 160 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**TILBOÐ 1.990.ÁSETT VERÐ 2.490.** Rnr.111904.



VOLVO Xc90 2.5 turbo. Árgerð 2004, ekinn 120 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**ÁSETT VERÐ 2.900 TILBOÐ 2.490.000.**
Rnr.111961.



AUDI A4 turbo /sedan. Árgerð 2005, ekinn 82 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.790. Rnr.217281.**



SUZUKI Grand vitara lux. Árgerð 2006, ekinn **112 Þ.KM, bensín, 5 gírar.**
**ÁSETT VERÐ 2.190 TILBOÐ 1.690.000.**
Rnr.217079.



HYUNDAI Santa fe 4x4. Árgerð 2006, ekinn **124 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.**
**Verð 2.390.** Rnr.111979.



KIA Ceed ed. Árgerð 2008, ekinn 60 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.350.** Rnr.217440.



LAND ROVER Range rover sport hse . Árgerð 2006, ekinn 124 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 4.790.** Rnr.214374.



M.BENZ Ml350. Árgerð 2005, ekinn 66 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**TILBOÐ 3.290. Ásett verð 3.750.** Rnr.216803.



NISSAN Patrol elegance. Árgerð 2007, ekinn 80 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 4.790.** Rnr.217367.



NISSAN X-trail elegance. Árgerð 2006, ekinn 110 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.490.** Rnr.271713.



TOYOTA Avensis s/d sol. Árgerð 2006, ekinn 85 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.090.** Rnr.217363.



VW Passat 4motion. Árgerð 2006, ekinn 114 Þ.KM, bensín, 6 gírar.
**Verð 2.090.** Rnr.217395.



VOLVO V50 2,0 td . Árgerð 2007, ekinn 92 Þ.KM, dísel, 6 gírar.
**Verð 2.390.000.** Rnr.217458.



LAND ROVER Discovery 3 s. Árgerð 2008, ekinn 90 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.7 manna **ÁSETT VERÐ 6.190 TILBOÐ 5.490.000.**
Rnr.217417.



VW Touareg V8 . Árgerð 2005, ekinn 77 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**TILBOÐ 2.990.Ásett verð 3.850.** Rnr.290002



HONDA Jazz 1,4i ls. Árgerð 2005, ekinn 94 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 1.190.000. Mögul 90% lán** Rnr.217391.



LAND ROVER Freelander 2 s. Árgerð 2007, ekinn 49 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. leður,krókur ogfl
**Verð 4.250.000**. Rnr.217460.



CHRYSLER Town - country touring.7 manna Árgerð 2010, ekinn 49 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.leður og fl
**Verð 5.980.000.** Rnr.111598.



POLARIS Indy 800 classic touring. Árgerð 2005, ekinn 200 KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 990.000.** kerra fylgir Rnr.111866.

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæludýr velkomin.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**
**www.leiguherbergi.is**
1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.
Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

Til leigu glæsilegt herbergi í miðborg Rvk. Aðgengi að eldhúsi, baðherbergi og þvottahúsi. Uppl. í síma 699 7720/552 1225.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Geymsluhúsnæði

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

Tökum í geymslu tjaldv- felli- hjól-Pallhýsi- húsbíla- mótorhjól- fjórhjól-kerrur. S 8671282

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Bílskúr

Smiður óskar eftir bílskúr til leigu, helst svæði 105, 101 eða 107. Greiðslugeta 30 þ. frá og með 1. des Uppl. 662 5042

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
**Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.**
Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.
Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.copenhagenapartments.dk eða apartments.cph@gmail.com
stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

Menorca, Mahon. Laust í vetur, 100.000 kr. mánuðurinn. www.starplus.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Geysir - Bistró Veitingahús**
**Ertum að leita af röskum starfmanni til starfa með okkur í eldhúsi. Það að geta byrjað strax. Ekki yngri enn 18 ára. Upplýsingar veitir Anna S. 694 1835**

**Viltu vinna þér inn auka tekjur ?**
**Avon snyrtivörur leita eftir sölukonum um land allt. Góðir tekjumöguleikar í boði fyrir rétta fólkið. Vandaðar vörur á viðráðanlegu verði.**
***Áhugasamir hafið samband í síma 577-2150 eða sendið póst á netfangið anna@avon.is***
**www.avon.is**
**Act ehf Dalvegur 16 b**

**Vitaborgari - Vitabar**
**Vantar starfsfólk á Vitaborgarann og Vitabar í kvöld og helgarvinnu. Umsóknir sendist á vitabar@internet.is**
**Með upplýsingum s.s reynslu, meðmælendum, síma o.sv.frv.**

símstöðin
**Kvöld- og helgarvinna**
Vegna aukinna verkefna vantar okkur öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Tímakaup og bónusar. 18 ára lágmarksaldur. Hringdu núna í síma 774 7400 gaman@simstodin.is

SUSHISAMBA veitingastaður opnar í Þingoltsstræti 5 síðar í þessum mánuði. Óskum eftir hressu og skemmtilegu starfsfólki í kvöld- og helgar vinnu. Áhugasamir senda ferilskrá á gunnsteinn@sushisamba.is

**Bónstöð**
Starfsmaður með rútupróf óskast á bónstöð. Um blandaða vinnu við þrif og akstur er um að ræða. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í síma 550 4700 á milli 09-16.

**JÓLALEIKUR HÚSAVÍKUR**
**JÓL Í NEW YORK!**
HÚSAVÍK FASTEIGNASALA
www.husavik.net

**KAFFI MILANO FAXAFENI 11**
Óskum eftir að ráða fólk í fullt starf. Uppl. á netfang milano@internet.is

## Atvinna óskast

Óska eftir að komast á samning í húsasmíði,er hress og get unnið mikið s: 8959800 (páll)

Hörkudugleg og hress 28ára stelpa óska eftir vinnu. Er vön afgreiðslustörfum, þrifum og fl. Hef unnið sjálfstætt uppl. s. 8690030

# TILKYNNINGAR

## Fundir

Aðalfundur Félags íslenskra útfararstjóra FÍÚ Verður haldinn miðvikudaginn 16.11. 2011 kl. 17.00 í húsakynnum Útfararstofu Íslands Suðurhlíð 35 Venjuleg aðalfundarstörf. Stjórnin

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Tilboðsverð í dag! S:8235669 eða 6930348

## Tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Klettasvæði, Skarfabakki

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis/Skarfabakka vegna lóðanna við Korngarða 1-3 og Klettagarða 4. Í breytingunni felst stækkun lóðarinnar við Klettagarða nr. 4 til austurs, skipting á lóðinni nr. 1-3 við Korngarða í tvær lóðir, lengja Skarfabakka um 200 metra með landfyllingu ásamt því að sjóvarnargarðurinn Ábóti er fjarlægður. Einnig eru lagðar fram til kynningar umhverfisskýrsla og matslýsing.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 9. nóvember 2011 til og með 21. desember 2011.** Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 21. desember 2011. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 9. nóvember 2011
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

## Fasteignir

**Blásalir 22**
201 Kópavogur
4.herb - Laus til leigu strax !

**Stærð: 124,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2002**
**Fasteignamat: 23.600.000**







**Vönduð íbúð á 2.hæð með útsýni**
**Verð: 170.000**

Laus til leigu strax: 4ra herbergja, mjög falleg og vönduð íbúð á annari hæð með útsýni við Blásali 22. Forstofa: Flísalögð með fataskápum. Herbergi: 3 rúmgóð herbergi með skápum. Þvottahús: innan íbúðar. Eldhús: rúmgott með fallegum innréttingum. Baðherbergi: með sturtu og innréttingu. Útsýni: Fallegt útsýni gluggar í fjórar áttir. Verð 170.000kr. Trygging: 3ja mánaða bankaábyrgð Áhugasamir sendi tölvupóst með upplýsingum um sig á: hannes@remax.is

RE/MAX Lind

Hannes
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is



Anton Máni Svans
Sölufulltrúi
**615 0005**
antonmani@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is



**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Fasteignir

**LANDMARK FASTEIGNASALA**

Við erum þjónustufyrirtæki!

**LANDMARK FASTEIGNASALA**

Við ástundum vandað vinnuferli!

**LANDMARK FASTEIGNASALA**

Við sendum enga bakreikninga!

**LANDMARK FASTEIGNASALA**

100% Árangur!

**Sími 512 4900**
**www.landmark.is**

Bolholt 4, Reykjavík

Landmark leiðir þig heim!

Magnús Einarsson
Löggiltur fasteignasali

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**SKÚLI MAGNÚSSON** (1711–1794) landfógeti lést þennan dag.
*„Miklar heybuxur eru menn.“*



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og stuðning við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Hrefnu Þorvarðardóttur**
Áskinn 7, Stykkishólmi.

Hannes K. Gunnarsson
Sigurborg Kristín Hannesdóttir — Ingi Hans Jónsson
Gunnar Hannesson — Guðrún Hjartardóttir
Lárus Ástmar Hannesson — María Alma Valdimarsdóttir
Freyja, Hrefna Rós, Arna Ösp, Halldóra Kristín, Anna Soffía og Valdimar Hannes



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Emil Ágústsson**
fyrrverandi lögregluvarðstjóri,
áður til heimilis að Njörvasundi 10,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli laugardaginn 29. október, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju föstudaginn 11. nóvember kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Kristín Sigurðardóttir
Greta Sigurðardóttir
Hermann Sigurðsson — Alexis Boyanowski
Guðjón Sigurðsson — Sigríður Pálsdóttir
Helga Sigurðardóttir — Sigurður Harðarson
barnabörn og barnabarnabörn.



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ása Sigríður Einarsdóttir**
Hófgerði 11, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð laugardaginn 5. nóvember. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 11. nóvember kl. 13.00.

Hólmsteinn Steingrímsson
Herdís Hólmsteinsdóttir — Baldur Garðarsson
Helga Hólmsteinsdóttir
Steingrímur Einar Hólmsteinsson
barnabörn og barnabarnabörn



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Óskar Böðvarsson**
fyrrum mjólkurbifreiðastjóri,

andaðist á Kumbaravogi föstudaginn 4. nóvember síðastliðinn. Útförin fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 11. nóvember kl. 13.00.

Unnur Árnadóttir
Steinþór Óskarsson — Valgerður Anna Guðmundsdóttir
Hörður Óskarsson
Ingvar Árni Óskarsson — Ásdís María Jónsdóttir
Margrét Óskarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

**ÞETTA GERÐIST:** 9. NÓVEMBER 1986

## Hvalbátum sökkt við bryggju



Hvalbátunum Hval 6 og Hval 7 var sökkt í Reykjavíkurhöfn undir lok þessa dags árið 1986, þannig að þeir möruðu í hálfu kafi þegar að var komið. Þar voru tveir félagar frá bandarísku umhverfisverndarsamtökunum Sea Shepherd að verki. Einnig unnu þeir miklar skemmdir á skrifstofum Hvals hf. í Hvalfirði.

Íslendingar höfðu hætt stórfelldum hvalveiðum árið áður en þessir atburðir urðu. Þeir héldu þó áfram svokölluðum vísindaveiðum, sem umhverfisverndarsamtök og fleiri álitu að væru fyrst og fremst stundaðar í ábataskyni. Sea Shepherd fordæmdi þær harðlega. Mennirnir sem spellvirkin unnu komust hindrunarlaust úr landi en samtökin lýstu verknaðinum á hendur sér. Leiðtogi Sea Shepherd var Paul Watson, sem hafði áður verið í Greenpeace-samtökunum en verið rekinn úr þeim fyrir ofstæki.

DAVÍÐ FREYR GUÐJÓNSSON: MEÐ FJÖGUR GULL Á STOCKHOLM OPEN

# Rakaði til sín verðlaunum

Óhætt er að segja að íslensku keppendurnir í karate hafi náð frábærum árangri á Stockholm Open sem fór fram í Stokkhólmi um helgina. Liðið rakaði til sín verðlaunum á mótinu og urðu þau alls átján áður en yfir lauk: sex gullverðlaun, sex silfurverðlaun og sex bronsverðlaun.

Þetta er einn besti heildarárangur sem Íslendingar hafa náð á Stockholm Open til þessa. Því er ekki síst að þakka frábærri frammistöðu Davíðs Freys Guðjónssonar, fimmtán ára, sem vann til fernra gullverðlauna á mótinu. Hann var að vonum í skýjunum þegar tal náðist af honum í gær. „Mér finnst þetta bara alveg frábært og líður rosalega vel.“

Á brattann var að sækja á mótinu þar sem alls tóku 65 keppendur frá ellefu löndum þátt báða daga. Davíð keppti á sunnudegi í flokki barna og yngri unglinga í kata sem gengur út á að blanda grunnæfingum saman í bardaga við ímyndaðan andstæðing. Hann viðurkennir að sumir andstæðinganna hafi verið ansi harðir í horn að taka. Engu að síður landaði hann tveimur gullverðlaunum í einstaklingsflokkum og tveimur til viðbótar í liðakeppni ásamt félögum sínum Birki Indriðasyni og Heiðari Benediktssyni. Davíð stóð því uppi ósigraður og er það ein besta útkoma hjá íslensku ungmenni á mótinu.

Þessi góði árangur er enn ein rósin í hnappagatið hjá Davíð sem hefur átt mikilli velgengni að fagna undanfarin ár og er meðal annars Íslandsmeistari í liðakeppni kata ásamt þeim Birki og Heiðari. Sjálfur þakkar hann það stuðningi vina og vandamanna, þjálfara og félaga hjá Breiðablik sem hann hefur æft karate með frá sex ára aldri og í landsliðinu sem hann gekk til liðs við fyrir þremur árum. Viðurkennir þó að reynsla og þrotlausar æfingar hafi sitt að segja, en Davíð æfir að meðaltali alla sjö daga vikunnar.

„Nema þegar einhver stór próf eru fram undan í skólanum, þá sleppi ég kannski úr einni æfingu,“ segir hann og brosir.

Á Davíð er ekki annað að heyra en þetta sé þó aðeins upphafið að glæstum ferli. Fram undan er sextán ára afmæli í desember sem verður til þess að hann færist á næsta ári upp í „junior-flokk“ sem kemur á undan fullorðinsflokki. „Það leggst bara rosalega vel í mig,“ segir hann þegar þessi tímamót ber á góma. „Ég ætla auðvitað að gera mitt besta, það þýðir ekkert annað ef maður ætlar að halda áfram að vinna.“

Þess má geta að á Stockholm Open fékk Aðalheiður Rósa Harðardóttir tvö silfur og eitt brons í einstaklingsflokki auk þess að fá gull í „team-kata“ ásamt Svönu Kötlu Þorsteinsdóttur og Kristínu Magnúsdóttur. Þá fékk Kristján Helgi Carrasco silfur í kumite -67 kílóa flokki og Breki Guðmundsson silfur í kumite í flokki þrettán ára pilta.

roald@frettabladid.is



**SIGURVEGARI** „Ég fór að æfa þar sem mér fannst þetta strax skemmtileg íþrótt,“ segir Davíð Freyr Guðjónsson, sem hefur æft karate frá sex ára aldri. Óhætt er að segja að hann hafi uppskorið laun erfiðisins þegar hann vann til fernra gullverðlauna á Stockholm Open um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



†

*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samhug og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og vinar,*

**Adolfs L. Steinssonar.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi fyrir einstaka umönnun og hlýju.

Ólafur og Steinar Adolfssynir og fjölskyldur
Hanna Jóna Traustadóttir

# Hönnun flutt út

Ráðstefna og sýning í tengslum við verkefnið Hönnun í útflutning verður haldin í höfuðstöðvum Arion banka að Borgartúni 19 í dag milli klukkan 9.30-13.30.

Hönnun í útflutning er samstarfsverkefni Íslandsstofu, Hönnunarmiðstöðvar Íslands, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Samtaka iðnaðarins. Tilgangur verkefnisins er að leiða saman hönnuði og fyrirtæki í samvinnu um hönnun og framleiðslu á útflutningsvörum, en rannsóknir sýna að hönnun hefur jákvæð áhrif á afkomu fyrirtækja, markaðshlutdeild og samkeppnishæfni.

Skráning fer fram á islandsstofa@islandsstofa.is eða í síma 511 4000.



**JÁKVÆTT** Samvinna um hönnun og framleiðslu hefur margvíslegan ávinning í för með sér.



BRJÁLUÐ
OPNUNARTILBOÐ !
KOMDU Á OPNUNARHÁTÍÐ
OPIÐ ALLA VIKUNA FRÁ KL. 9 - 18
NETTASTI SJÓNVARPS-FLAKKARINN
NETGEAR
EVA2000
· Nettur USB sjónvarpsflakkari
· HDMI og RCA tengjanlegur
· Virkar með nýrri og eldri sjónv.
· Auðveldur í notkun
6.990
VERÐ ÁÐUR:
9.990
46% AFSLÁTTUR
AKG
AKG K912
· Þráðlaus þægindi
· Hálfopin – betri hljómur
· Hleðslustöð – góð hleðsla
· Hægt hlusta á 3 tíðnum
6.990
VERÐ ÁÐUR:
12.990
CARL ZEISS LINSA
Logitech
HD C910
· Full HD 1080 upptaka
· Carl Zeiss linsa – frábær myndg.
· Facebook og Youtube tenging
· Stereohljóð 2 hljóðnemar
9.990
VERÐ ÁÐUR:
16.990
FRÁBÆR KAUP!
TOSHIBA
Satellite C660-1N8
· Kraftmikil og meðfærileg
· Intel Core i5 Turbo örgjörvi
· 15,6" WideScreen LED skjár
· 500GB diskur
99.990
VERÐ ÁÐUR:
129.990
5.000kr AFSLÁTTUR
acer
V223HQ
· 21,5" 16:9 LCD skjár
· DVI og VGA tengi
· 1080p (1920x1080)
· Skerpa 50.000:1
19.990
VERÐ ÁÐUR:
24.990
tl.is
TÖLVU LISTINN
TÖLVULISTINN
Heimilistæki
SUÐURLANDSBRAUT 26
2 HÆÐ
FLUTTIR ÚR NÓATÚNI 17

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** báru að, **6.** píla, **8.** forað, **9.** sönghópur, **11.** til dæmis, **12.** ljúka, **14.** í vafa, **16.** skóli, **17.** blundur, **18.** eyrir, **20.** kusk, **21.** treysta.

**LÓÐRÉTT**
**1.** knattleiksknött, **3.** ógrynni, **4.** tréspíritus, **5.** sár, **7.** stilltur, **10.** rangl, **13.** pili, **15.** járna, **16.** flík, **19.** óreiða.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** komu, **6.** ör, **8.** fen, **9.** kór, **11.** td, **12.** klára, **14.** efins, **16.** fg, **17.** mók, **18.** aur, **20.** ló, **21.** trúa.
**LÓÐRÉTT: 1.** pökk, **3.** of, **4.** metanól, **5.** und, **7.** rólegur, **10.** ráf, **13.** rim, **15.** skóa, **16.** fat, **19.** rú.


POPP
Á MORGUN
FYLGIRIT MEÐ FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN
BROSTINN STRENGUR LAY LOW

AGNES Í SYKRI OG NANNA BRYNDÍS Í OF MONSTERS AND MEN TAKA ROKKPRÓFIÐ
HÖGNI Í HJALTALÍN OG FIMM BESTU NU METAL-LÖGIN
+ fréttir, plötudómar og tónleikar


# Auðvelt val

BAKÞANKAR
Ragnheiðar Tryggvadóttur

Karpað er um hvort ríkið eigi að lána fyrir framkvæmdum á Vaðlaheiðargöngum. Þór Saari, þingmanni Hreyfingarinnar líst ekkert á, ekki heldur Merði Árnasyni í Samfylkingunni. Menn telja ólíklegt að veggjaldið dugi til að greiða upp göngin og fólk muni velja að aka ókeypis um Víkurskarð. Innanríkisráðherra sagði Vaðlaheiðargöngin sambærileg Hvalfjarðargöngunum, vegfarendur hefðu val í báðum tilfellum. Að fara göngin eða ekki. Sjálfri finnst mér ekkert líkt með Hvalfirði og Víkurskarði því um fjallveg er að ræða í öðru tilvikinu en láglendisveg í hinu.



**VÍKURSKARÐ** liggur í 325 metra hæð yfir sjó og þar verða vond veður á vetrum. Til samanburðar liggur Hellisheiði 50 metrum hærra yfir sjó en skarðið og þar verða veður líka oft vond. Enda höfum við margsinnis fengið fréttir í sjónvarpi og útvarpi af hröktum vegfarendum sem leita þurftu skjóls á Litlu kaffistofunni í blindbyl. „Voðalegt veðravíti er þetta, og svona rétt við borgarmörkin," gætu einhverjir sagt. En veður breytast á skömmum tíma, sérstaklega á fjöllum.

**ÉG** hef fjasað um þetta áður hér í blaðinu, enda afar spennt fyrir því að göngin verði grafin. Þá var mér bent á að Víkurskarð væri með fallegri akstursleiðum og get svo sem tekið undir það. Brekkan er brött vestur af og þaðan er fallegt að sjá Eyjafjörðinn opnast spegilsléttan á sólríkum sumardegi, og vetrardegi líka, ef maður vogar sér að hafa augun af flughálum veginum. Skarðið er alls ekki árennilegt á veturna.

**ÉG** hringdi að gamni í Vegagerðina í gær og spurði hversu oft Víkurskarð væri lokað á vetrum. Þar var slegið, með fyrirvara þó, á viku til tíu daga á vetri á moksturstíma, sem er milli klukkan 7 og 22. Skarðið væri þó miklu oftar ófært á nóttunni, eftir að mokstri væri hætt á kvöldin og það kæmi hvergi fram í tölum. Að gamni heyrði ég líka í björgunarsveitarmanni á Svalbarðsströnd sem sagði sveitina Tý hafa farið í þrjú útköll síðasta vetur upp á Víkurskarð. Í hittiðfyrra, eða veturinn þar áður, voru útköllin 10 til 12! Fleiri björgunarsveitir starfa á svæðinu, sem ég reikna með að hafi líka farið í útköll. Þá eru ótaldar ferðirnar sem sjálfstæðir verktakar með öflug snjómoksturstæki fara þegar flutningabílarnir festast í brekkunum.

**ÉG** hef engar áhyggjur af því að veggjöldin þvælist fyrir þeim sem erindi eiga um skarðið.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA





**14.990**

**ETIREL SEATTLE W PARKA**
Aðsniðin vetrarúlpa með þykku og hlýju fóðri.
Litir: Rauð, svört.
Dömustærðir.

## KLÚBBTILBOÐ VIKUNNAR
### GLÆSILEGT TILBOÐ TIL KLÚBBFÉLAGA!

CLUB INTERSPORT



**4.690**
(fullt verð 6.990)

**MCKINLEY BASIC LAYER ONE SET**
Nærfatasett. Fljótþornandi og flytur raka frá líkamanum. Góðir öndunareiginleikar. Dömu- og herrastærðir.

Skráðu þig í klúbbinn inná www.intersport.is



**13.990**

**MCKINLEY SORRENTO AQUAMAX**
Góðri gönguskór fyrir haust og vetur. Grófur sóli gefur gott grip.
AQUAMAX vatnsvörn og góð öndun. Dömu- og herrastærðir.



**25.990**
(fullt verð 28.990)



**19.990**
(fullt verð 24.990)



**19.990**

**DIDRIKSONS EXPEDITION**
Hlý vetrarúlpa úr Dry2-efni með 2.000mm vatnsheldni.
Límdir saumar og góð öndun. Litir: Hvít, svört. Dömustærðir.

**MCKINLEY ORILLIA JACKET**
Dömuúlpa úr slitsterku EXODUS útivistarefni með 3.000 mm vatnsheldni. Vatnsheldir saumar og góð öndun. Dömustærðir.

**ETIREL STORM PARKA**
Þykk og hlý vetarúlpa með loðkraga á hettu. Litir: Rauð, svört.
Dömu- og herrastærðir.

# INTERSPORT

LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 9. – 15. NÓVEMBER

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl.

EXPO • www.expo.is

# menning

menning@frettabladid.is

**OPINN DAGUR Í LHÍ** Opinn dagur verður haldinn laugardaginn 12. nóvember í húsnæði Listaháskóla Íslands við Laugarnesveg 91 frá klukkan 11 til 16. Áhugasömum er boðið að koma í skólann og kynnast starfsemi hans. Þennan dag verða nemendur og kennarar til viðtals og upplýsingagjafar og til sýnis verða inntökumöppur og kynningar á inntökuferli, verkstæðum og aðstöðu skólans. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans, lhi.is

## Duo Harpverk hefur tónleikaröðina 15:15

Duo Harpverk ríður á vaðið í tónleikaröðinni 15:15 sem hefst í Norræna húsinu á sunnudaginn. Þetta er tíunda starfsár tónleikaraðarinnar sem að sögn Eydísar Franzdóttur hefur verið regnhlíf sjálfstætt starfandi tónleikahópa. „Tónleikasyrpan er stofnuð í kringum Caput-hópinn en svo hafa fleiri flytjendur slegist í hópinn með okkur,“ segir Eydís sem er óbóleikari í Caput. „Þau í Duo Harpverk hafa til að mynda verið mjög virk,“ bætir hún við.

Duo Harpverk er skipað þeim Katie Buckley hörpuleikar og Frank Aarnik slagverksleikara. Á verkefnaskránni eru verk eftir ung tónskáld, íslensk og erlend sem öll eru skrifuð fyrir þau.

Verkin eru Systur eftir Ólaf Björn Ólafsson, Þrír dansar eftir Erlu Axelsdóttur, Án titils eftir Árna Guðjónsson, Gouda eftir Jesper Pedersen og Another Story about the Direction of Rocks eftir hollenska tónskáldið Folkert Buis, Diversions eftir færeyska tónskáldið Trónd Bogason og Strings, skins and wood eftir sænska tónskáldið Peter Bjuhr.

Þess má geta að Duo Harpverk leikur bæði á hefðbundin hljóðfæri og óhefðbundin á tónleikunum en verkin eru einnig mjög fjölbreytt, allt frá flæðandi lagrænni tónlist til verka sem byggja jafnt á sjónrænni upplifun og hljóðrænum áhrifum. Tónleikarnir hefjast klukkan 15:15. - sbt



**DUO HARPVERK** Flytur tónlist í Norræna húsinu á sunnudag.

### 7 TÓNLEIKAR

Auk tónleikanna á sunnudaginn eru sex tónleikar á dagskrá 15:15 tónleikaraðarinnar í vetur. Þeir eru allir eftir jól og þeir fyrstu 15. janúar. Þá flytja Greta Guðnadóttir fiðluleikari og Ingunn Hildur Hauksdóttir píanóleikari sónötur. Tónleikasyrpan var upphaflega í Borgarleikhúsinu en fluttist fyrir nokkrum árum í Norræna húsið. Hún dregur nafn sitt af upphafi tónleikanna sem eru ætíð á sunnudögum klukkan 15:15.



**ÞÓRDÍS ÚLFARSDÓTTIR** var ritstjóri íslenska hluta veforðabókarinnar ISLEX og Halldóra Jóhannsdóttir verkefnisstjóri hans.

## Skandinavísk veforðabók með 50.000 orðum opnuð

**Veforðabókin ISLEX verður formlega opnuð miðvikudaginn 16. nóvember, á degi íslenskrar tungu. Athöfnin fer fram í Norræna húsinu og hefst klukkan 16.**

„Þetta er 50.000 orða skandinavísk veforðabók sem tengir íslensku við dönsku, nýnorsku, norskt bókmál og sænsku, og í bígerð er að bæta færeysku við,“ segir Halldóra Jóhannsdóttir, verkefnisstjóri orðabókarinnar á Íslandi. „Það er ýmist hægt að nota orðabókina sem venjulega orðabók sem þýðir af einu máli yfir á annað eða slá inn orð á íslensku eða einhverju hinna málanna og fá þýðinguna á öllum hinum málunum. Í orðabókinni er einnig fjöldi orðasambanda og notkunardæma auk myndefnis.“

ISLEX er samstarfsverkefni fjögurra norrænna stofnana í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og á Íslandi og hver stofnun borgar sinn hlut. Íslenskur stofn orðabókarinnar er unninn á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og ritstjóri hans er Þórdís Úlfarsdóttir. Verkefnið hefur verið í vinnslu undanfarin sex ár og alls hafa þrjátíu sérfræðingar og þýðendur unnið að því í öllum löndunum samanlagt. Aðgangur að orðabókinni verður ókeypis á vefnum www.islex.hi.is og fyrirhugað er að hún verði einnig aðgengileg í gegnum farsíma.

Halldóra segir veforðabókina mæta brýnni þörf. „Það er mikill fengur að þessari orðabók því hvorki íslensk/sænsk né íslensk/norsk orðabók eru til eins og er,“ segir hún. „Það vantaði líka sárlega tenginguna við nútímann, því þær orðabækur sem eru þó til eru komnar til ára sinna.“

Við athöfnina í Norræna húsinu flytur mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, ávarp og sendiherrar Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar taka til máls. fridrikab@frettabladid.is






## Tíminn og meinið

Bækur ★★★★★

**Jójó**

Steinunn Sigurðardóttir

**Bjartur**




Stæði ekki nafn höfundarins skýrum stöfum á kili, kápu og saurblaði bókarinnar gæti engum dottið í hug að Jójó, eftir Steinunni Sigurðardóttur, væri eftir íslenskan höfund. Aðalpersónan, Martin Montag, er þýskur krabbameinslæknir sem sérhæfir sig í geislameðferð og hefur kannski ekki einu sinni heyrt á Ísland minnst. Besti vinur hans heitir líka Martin og er fyrrverandi róni, franskur að uppruna. Sögusviðið er Berlín og sögutíminn nútíðin.

Nútíðin og fortíðin. Hér er lýst á afar næman og hrollvekjandi hátt hvaða afleiðingar kynferðisofbeldi gegn börnum getur haft á líf þess sem fyrir því verður langt fram á fullorðinsár. Það er sjaldgæft að þessu efni séu gerð jafngóð skil og hér er gert. Ekkert tilfinningaklám, engar grafískar lýsingar á ofbeldinu, einungis rýnt í huga mannsins sem fyrir ofbeldinu varð og skoðað hvernig það mótar allt hans líf frá þeim degi sem það átti sér stað. Maðurinn sá vinnur við það á fullorðinsárum að bjarga lífum og tekur því sem persónulegri árás ef dauðinn hefur betur. Dauðinn sem hann þó þráir sjálfum sér og ófreskjunni sem ódæðið framdi til handa. Hann segist vera vélmenni en elskar þó, á sinn beyglaða og brotna hátt, konuna sína hana Petru og vininn sinn hann Martin Martinetti, rónann sem er í senn hliðstæða hans og andstæða, spegilmynd og skrumskæling.

Spegilmynd sem er skrumskæling. Það leiðarhnoða lýsir í gegnum alla bókina. Steinunn leikur sér með tvenndir sem spegla hvor aðra en eru þó eins frábrugðnar og hægt er að hugsa sér. Allt á sína samsvörun sem er þó ekki samsvörun því hver og einn er einstakur, að hálfu einstaklingur að hálfu flokksbundinn í mannkynsflokknum. Jafnvel þótt fólk deili rúmi og hversdegi þekkist það ekki, snertist ekki í raun, kafar ekki undir yfirborðið. Raunveruleikinn er leiksýning sem sýnd er á hverjum degi en hefur í sjálfu sér óskóp lítið með verundina að gera.

Steinunn hefur fyrir löngu sannað sig sem einn af okkar alfremstu stílistum og hér fágar hún stílinn enn, fægir og pússar svo útkoman nálgast fullkomnun. Engu orði er ofaukið, ekkert orð vantar, ekkert er ofsagt, ekkert vansagt og áhrifin eru svo mögnuð að hárin rísa í hnakkagróf lesandans. Samt er sagan drepfyndin á köflum og lesandinn sveiflast allan tilfinningaskalann aftur og aftur, hlær upphátt, hágrætur, bítur á jaxlinn eða glottir eins og flón. Getur ekki lagt bókina frá sér og situr sem steini lostinn löngu eftir að lestri lýkur.

Friðrika Benónýsdóttir

**Niðurstaða:** Frábærlega stíluð saga sem leikur á allan tilfinningaskalann og gerir ofurviðkvæmu málefni eftirminnileg skil.




Ævisaga

Disney

# JÓAKIM AÐALÖND




Fyrir alla aðdáendur Jóakims

## Ævisaga Jóakims eftir hinn vinsæla höfund og teiknara Don Rosa - nú í tveimur bindum.

Jóakim Aðalönd hefur lent í mörgum ævintýrum á lífsleiðinni í leit að auðæfum og ríkidæmi. Í þessum tveimur bókum er sagt frá því þegar Jóakim fór til Jövu, tók þátt í kúrekasýningu, og ekki síst fæst svar við því hvernig hvernig Jóakim eignaðist happaskildinginn sinn í raun og veru.

**Fáanlegar í næstu verslun eða á www.edda.is**

Teikningar og sögur eftir Don Rosa

©Disney

www.edda.is

edda

Magnaður miðvikudagur

15% afsláttur af öllum BlackBerry símum í dag



Í dag er magnaður miðvikudagur og þú færð 15% afslátt af öllum BlackBerry símum ef þú ert hjá Símanum. Nýttu tækifærið!

Þú færð meira hjá Símanum

Síminn

Gildir á meðan birgðir endast



**ENDALOK** „Persónurnar eru vel afmarkaðar og hver með sínu sniði," segir í leikdómi um Endalok alheimsins.

# Enn ein endalok

Leiklist ★★★

**Endalok alheimsins**

GRAL

**Sýnt í Kvikunni í Grindavík**

**Eftir Berg Þór Ingólfsson og Guðmund S. Brynjólfsson**

**Leikarar:** Víðir Guðmundsson, Sveinn Ólafur Gunnarsson, Sólveig Guðmundsdóttir, Benedikt Karl Gröndal

**Búningar og leikmynd:** Eva Vala Guðjónsdóttir

**Ljósahönnun:** Magnús Arnar Sigurðsson

**Leikstjóri:** Bergur Þór Ingólfsson

Það mætti halda að einhver predikari hefði verið á ferðinni.

Predikari af þessari gömlu sort sem baðaði út öllum öngum og með þrumuraust boðaði ragnarök með Biblíuna í annarri hendinni og rit Nostradamusar í hinni. Ekki veit ég hvort slíkir loddarar hafa verið á stjái en hitt veit ég að nú um þessar mundir er heimurinn að farast í tveimur leikhúsum og sami leikarinn í báðum sýningunum. Regnið bylur á rúðum bifreiða sem njóta birtu frá öðrum hverjum ljósastaur Reykjanesbrautar á leið í hið ágæta leikhús í Kvikunni niður við höfnina í Grindavík. Eftir að borg eða heilt ríki hefur farist, birtast tveir piltar í rústunum á sviðinu og annar tekur fljótlega völdin þó svo að þeir séu aðeins einir í heiminum, að því er virðist í fyrstu. Fljótlega birtist þó ungt par og verður samleikur þeirra fjögurra við þessar aðstæður í matarskorti og óafvitandi um afdrif annarra, það sem við fáum að fylgjast með í hálfa aðra klukkustund.

Persónurnar eru vel afmarkaðar og hver með sínu sniði. Einn drullusokkur sem minnir um margt á peningabjálfa liðinna ára gerir allt sem hann getur til þess að ráðskast með og beita aðferðum nýfrjálshyggjunnar við að niðurlægja meðbræður sína og systur við þessar aðstæður.

Félagana tvo sem við hittum í upphafi léku þeir Sveinn Ólafur og Víðir Guðmundsson. Sveinn var í hlutverki hins umburðarlynda en líka svolítið aulalega Stefnis og tókst honum oft að fá salinn til að veltast um af hlátri með framgöngu sinni, en hann var ekki bara fyndinn heldur einnig mjög viðkvæmur og þeirri hlið skilaði Sveinn vel. Sólveig Guðmundsdóttir stendur upp úr og verður minnisstæðust þeirra fjögurra. Hún leikur svo vandræðalegan vitleysing að manni fer eiginlega strax að þykja vænt um persónuna sem skakklappast um rústirnar á háum pinnahælum í glettnum leik þar sem hún reynir að glenna sig eins og glyðra, en viðkvæmur tónn sakleysis og kjánaskaps gerir hana bara að brjóstumkennanlegri vesalings stúlku sem langaði að verða söngkona. Freyja þessi var sum sé ein í heiminum með þremur karlmönnum þar sem Jón valdasjúki reyndi allt sem hann gat til þess að niðurlægja hana meðan Stefnir verndaði hana og Elvar sem var sér á parti hafði líklega meiri áhyggjur af sjálfum sér.

Benedikt Karl Gröndal leikur Elvar, sem stundum er uppnefndur Elvis, nördalegan þverslaufusendil innan úr flokksvél einhverri á hægri vængnum. Á köflum óheyrilega fyndinn. Jón sem Víðir leikur stjórnar atburðarásinni og því veltur leikurinn svolítið á hans tempói. Það tók örlitla stund að ná flugi en þegar á leið var þetta hin magnaðasti samleikur með yfirbragði farsans þar sem ekki vantaði blóðslettur, hnífakast né upprisu.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** **Skemmtileg sýning með mjög eftirminnilegri aðalleikkonu.**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 9. nóvember**

### → Tónleikar

**20.00** Hinn heimsfrægi gítarleikari Manuel Barrueco heldur einleikstónleika í Salnum í Kópavogi. Miðaverð er kr. 2.900.

**20.30** Bubbi Morthens heldur tónleika í félagsheimilinu á Hvammstanga. Miðaverð er kr. 2.500.

**21.00** Frelsisveit hins nýja Íslands kemur fram á tónleikum Múlans í Norræna húsinu. Að þessu sinni verða leikin ný og nýleg verk eftir Hauk Gröndal, Guðmund Pétursson og færeyska píanistann Magnus Johannessen. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**21.00** Tríó Gumma Jóns leikur af fingrum fram fyrir gesti Café Rosenberg.

### → Opnanir

**18.00** Myndlistarmaðurinn Inga Elín opnar sýningu á verkum sínum í Salnum í Kópavogi í tilefni af tónleikum Manuel Barrueco. Djasstríóið Mojitos spilar við opnunina. Allir velkomnir.

### → Unglist

**20.00** Danshluti Unglistar fer fram í Austurbæ við Snorrabraut. Kvöldið er tileinkað ungum dönsurum á Íslandi, sem hafa tekið hugmyndina um dans skrefinu lengra og með sköpunargleði sinni sýna okkur hversu mikil fjölbreytni býr í dansinum.

### → Umræður

**12.00** Brynhildur Þórarinsdóttir ræðir hvort Jón Sigurðsson eigi erindi til nútímabarna. Umræðan fer fram á Félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri í stofu M102, Sólborg við Norðurslóð.

### → Heimildarmyndir

**20.00** Heimildarmyndin Nero's Guests verður sýnd á (Ó)sýnileg, kvikmyndadögum Amnesty International í Bíói Paradís. Í myndinni er fylgst með blaðamanni sem er umhugað um örlög fátækra bænda í Indlandi. Miðaverð er kr. 750.

### → Uppistand



**21.00** Grínistinn og ærslabelgurinn **Steve-O** úr Jackass sjónvarpsþáttunum heldur uppistand í Háskólabíói. Miðaverð er ýmist kr. 4.900 eða 5.900 eftir sætum. Aldurstakmark er 16 ára.

### → Tónlist



**20.00** Það verður mikið stuð á Faktorý. Ingi spilar á efri hæðinni á meðan Dj Dans Hans þeytir skífum á dansgólfi neðri hæðarinnar. Einnig fer fram hið vikulega og veglega pöbb quiz.

**22.00** Dj Pilsner spilar tónlist á Bakkusi.

**22.00** Dj Óli Dóri snýr skífum á Kaffibarnum.

**22.00** Popp quiz með **Hreimi Heimissyni** verður á Dönsku kránni.

### → Fyrirlestrar

**12.15** Hádegisfyrirlestur í erindaröðinni Góssið hans Árna, um valin handrit úr safni Árna Magnússonar, fer fram í Þjóðmenningarhúsinu. Yelena Sesselja Helgadóttir flytur erindið: Alþýðleg fornfræði á vegum Jóns Sigurðssonar. Allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# DRAMATÍSK ÖRLAGAFLÉTTA

Íslensk listakona kemur særð á búgarð á Ítalíu sumarið 1944. Styrjöldin geisar en enginn veit erindi hennar.

